# Gjörðabók fjárhagsnefndar 1908-1920

Aðfnr. 257

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

# SKJALASAFN
REYKJAVÍKURBÆJAR

Gjörðabók
fjárhagsnefndar

1908
:
1920

.077.5 - .073.~~075~~.15

Afh.nr. 257

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Gjörðabók
# Fjárhagsnefndar Reykjavíkur.

SKJALASAFN
REYKJAVÍKURBÆJAR
257

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1908 þ. 2. september átti fjárhagsnefndin fund með sjer á skrifstofu borgarstjóra. Allir á fundi og gjörðist það er hjer segir:

1° Samþykkt að taka fullgilt þetta veð frá bæjargjaldkera:
1) Innstæðu í sparisjóðsdeild Landsbankans — kr. 1000,00
2) Lóð gjaldkera við Garðastræti, metin á — 1668,00
3) Handveð í skuldabrjefi Einars Vigfússonar 14. maí 1908 og greiðist afborganirnar inn í sparisjóðsbók það, sem nefnd er í 1. tölulið. Skuldabrjefið að upphæð — 2000,00
Samtals = kr. 4668,00

það er skilyrði, að lóðin við Garðastræti ekki sje veðsett. Borgarstjóra falið að sjá um, að veðbrjefið verði gefið út og það þinglesið.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2° Nefndin mælir með því að Talsími verði settur á skrifstofu bæjargjaldkerans og árgjaldið greitt úr bæjarsjóði. –
3° Var lagt fram erindi frá Eiríki Bjarnasyni um að fá 10 krónur á mánuði í húsaleigu fyrir lúðraflokkinn, en erindi þetta hefur bæjarstjórnin sent nefndinni til umsagnar. Nefndin leggur til að þessi húsaleigustyrkur verði veittur frá 1. apríl til ársloka þ. á. –
4° Borgarstjórinn skýrði frá því, að verkfræðingur Knud Zimsen hefði skilað af sjer reikningshaldi vatnsveitunnar í hinar hendur. Nefndin óskar að formaðurinn hafi reikningshaldið á hendi. –

Fundi

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Lesið

Páll Einarsson

Kristinn Jónsson    Halldór Jónsson.

Ár 1909 þ. 20. januar átti fjárhags-nefndin fund með sjer. Allir á fundi.

1° Var lagt fram til umsagnar erindi „Lúðurþeytarafjelags Reykjavíkur“ dags. 5. þ. m., en í erindi þessu sækir fjelagið um að fá 900 króna styrk úr bæjarsjóði yfirstandandi ár. Í brjefi dags. 19. þ. m. hefur þó fjelagið fært styrkbeiðni sína niður um 100 kr. –

Nefndin leggur það til, að fjelaginu verði á þessu ári veittur 500 króna styrkur og að auki 120 krónur til húsaleigu, og njóti fjelagið þá sama styrks

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sem undanfarið ár.–

2° Nefndin leggur það til, að Birni Jónssyni verði leigður Þorgrímsholtsblettur yfirstandandi ár fyrir 20 krónur.–

Fundi slitið

Páll Einarsson.

Kristján Þorgrímsson

Árið 1909 þ. 11. des. kom fjárhagsnefndin á fund. Allir nefndarmennirnir á fundi.–

Lagt var fram og tekið til íhugunar erindi frá stjórn hins nýstofnaða Lúðrafjelags dags. 9. f. m., er bæjarstjórnin hefur vísað til umsagnar nefndarinnar. En í erindi þessu fer stjórn fjelagsins þess á leit að fá útborgaðar úr bæjarsjóði 333 kr. 33 a., er af Lúðurþeytarafjelaginu hafi verið

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

greiddar í bæjarsjóð uppí andvirði hornanna.

Fjárhagsnefndin lítur svo á, að hið nýstofnaða Lúðrafjelag hafi engan rjett til hornanna nje eigna hinns fyrra Lúðraþeytarafjelagsins, og þá heldur ekki rjett til að fá framangreinda upphæð greidda úr bæjarsjóði. Upphæð þessi var ekki á sínum tíma greidd úr fjelagssjóði Lúðurþeytarafjelagsins, heldur er hún ágóði af tombólu, er fjelagið að fengnu leyfi bæjarstjórnarinnar gekkst fyrir að haldin var til að kaupa fyrir hornin, en úr bæjarsjóði var greitt hið, annað af kaupverði hornanna. Hornin eru því að öllu leyti eign bæjarins. Leggur nefndin því til, að erindinu verði synjað. –

Fleira gjörðist

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ekki

Fundi slitið.

Páll Einarsson

Kristján Jónsson   Halldór Jónsson

Ár 1909 þ. 29. des. kom fjárhags-nefndin á fund. Allir nefndarmennirnir á fundi. Gjörðist það er hjer segir:

1.

Lagt var fram til athugunar erindi frá Sesselju Sigvaldadóttur, fyrv. yfirsetukonu, þar sem hún fer þess á leit að hún fái eptirlaun, en erindi þessu hafði bæjarstjórnin vísað til umsagnar nefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Nefndin leggur það til, að beiðninni verði synjað. –

Fleira gjörðist ekki

Fundi slitið

Kristján Jónsson Páll Einarsson.
Halldór Jónsson

Ár 1910 þ. 16. febr. átti fjárhagsnefndin fund með sjer á skrifstofu borgarstjóra. Allir nefndarmennirnir á fundi. Gjörðist það sem hjer segir:

1°

Var lagt fram brjef bæjargjaldkerans, dags. 14. þ. m. þar sem hann fer þess á leit, að hann annaðhvort verði losaður við innheimtu og útborgun vatnsskattsins eða að

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

launhans verði aukin sem svari því, er hann þurfi að borga aðstoðarmanni, er hann óumflýjanlega þurfi að taka til þess að innheimta skattinn.

Af ástæðum þeim, sem teknar eru fram í brjefi gjaldkerans vill nefndin leggja það til, að honum verði veittar 500 krónur í viðbót við launhans fyrir að annast innheimtu vatnsskattsins og þá jafnframt innheimtu á innlagningarkostnaði vatnsæðanna í hús þau sem bærinn hefur lagt í fyrir húseigendur. –

2. –

Var lögð fram skrá frá bæjargjaldkera yfir gjöld þau frá árinu 1909, er hann telur ófáanleg og óskar að fella megi burt sem slík af reikningnum. – Nefndin yfirfór skrá þessa og

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

leggur til að þau megi fella burt sem ófáanleg, að undanteknum þessum 4 mönnum.
Björni Pálssonar, Lindargötu
Dr. Einari Guðmundssonar, Skólavörðustíg
R. Hansen, klæðskera
J. Chr. Jensens, bakara
þar sem ekki er útilokað að gjöld þessi kunni að fást vildi nefndin að svo komnu halda þeim meðal eptirstöðvanna. –
Fundi slitið. –

Páll Einarsson
Kristinn Jónsson
Halldór Jónsson

Ár 1910 þ. 28. febr. kom fjárhagsnefndin á fund á skrifstofu borgarstjóra. Allir nefndarmennirnir á fundi. –
Lagður var fram listi yfir skuldir til bæjarsjóðs Reykjavíkur frá árunum

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1906, 1907 og 1908, er bæjargjaldkerinn óskar að fella niður burt úr eftirstöðv-unum. Nefndin athugaði skuldaskrá þessa lið fyrir lið og leggur til að bæjar-stjórnin samþykki að nema þær úr eftirstöðvunum. Við tvo liði skuldaskrárinnar að eins gjörðar athugasemdir. –

Fleira gjörðist ekki
Fundi slitið

Páll Einarsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1910 þ. 30. maí kom fjárhagsnefndin saman á fund á skrifstofu borgarstjóra. Allir nefndarmennirnir á fundi. Gjörðist það er hjer segir:

1.

Borgarstjóri gaf nefndinni svolátandi skýrslu:

Samkvæmt ákvörðun fjárhagsnefndar hafa af lánum þeim, er tekin voru sjerstaklega til vatnsveitunnar og gasstöðvarinnar, verið greidd til bráðabyrgða upphæðir þær, er greiða þurfti og greiða átti með lánum árin 1908 og 1909. Eru upphæðirnar eru þessar:

1. Samkvæmt bæjarsjóðsreikningnum 1908 — 31.520 kr.
2. Samkv. bæjarsjóðsreikn. 1909 — 51.706 —
3. Lánað húseigendum til að leggja vatnsæðar í hús þeirra ca. — 35000.00
Eyðsar af nú endurb. — 17000.00 — 18.000 —

Samtals = 101226 kr.

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sem teknar hafa verið til bráðabyrgða af
lánunum til vatnsveitunnar og
byggingu gasstöðvarinnar. –
Lán þau er tekin voru til vatns-
veitunnar og gasstöðvarinnar nema
alls 900 þús. kr. Vatnsveitan kostar
sem næst 500 þúsund kr. að meðtöld-
um vöxtum og afborgunum af lán-
inu til 31. des. f.á. Og ætla má eptir
samningunum að gasstöðin kosti
alltilbúin c. 380 þús. krónur og ef
bæjarstjórnin vill greiða fyrir því
að efnalitlir borgarar fái nú þegar
gasæðar lagðar í hús sín, með því
að lána þeim fje til þess, veitir
ekki af 20 þúsund krónum til þess.
Það þarf því nú þegar að taka
ofangreindar c. 100 þús. kr. að láni.
Samkvæmt fjárhagsáætluninni
fyrir yfirstandandi ár er ennfrem-
ur ætlast til að 4500 kr. lán verði
tekið til aðgerðar sundlauginni.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og verði eitthvað unnið að skolpræsagjörð í miðbænum á þessu ári, verður það að gjörast með láni.

Loks verður þess að gæta, að gjalddagi andvirðisvaranna er ekki fyr á árinu en 1. apríl og megnið af gjöldum gelst ekki í bæjarsjóðinn fyr en seint á árinu og er það því nauðsynlegt að í kassa sje við áramót hver sem svarar helmingnum af andvirðisupphæðinni. Enslík kassabeholdning hefur ekki verið til síðan í ársbyrjun 1907, nema hvað c. 20 þús. af þeim c. 51700 kr., er samkv. áðursögðu var tekið árið 1909 af gasstöðvarláninu hefur gengið til þessa.

Lán það sem nú verður tekið má því ekki vera minna en 12.000 kr. og ~~(nær nægir það ekki vera minna en)~~ nægir þó ekki upphæð sú, ef auka ætti kassabeholdninguna eins og þarf.

Jeg hef fyrir nokkru spurst fyrir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

um lán hjá bönkunum hjer og vildi hvorugur þeirra veita nú þegar fast lán þ.e. lán með löngum afborgunarfresti, enda er tíminn til að taka slíkt lán óhentugur vegna hárra vaxta. En Íslandsbanki hefur hinsvegar boðið að veita bænum reikningslán með þeim kjörum að af því greiðist venjulegir bankavextir þ.e. þeir vextir, er bankinn tekur á hverjum tíma sem og meðan lánið stendur og að auki 3/8% provision misseri hvert. Uppsagnarfrestur af bankans hálfu sex mánuðir, en af hálfu bæjarins má láninu segja upp án fyrirvara. –

Nefndin samþykkti að leggja það til, að bærinn taki 120 þús. kr. reikningslán í Íslandsbanka með þessum kjörum að fengnu samþykki stjórnarráðsins, og að borgarstjóra verði gefið umboð til þess

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að taka lánið og undirskrifa skuldabrjefið fyrir hönd fyrir hönd bæjarstjórnarinnar. –

2. –

Borgarstjóri skýrði frá því, að landsstjórnin hefði sagt upp lánum bæjarins samkv. skuldabrjefum 17. sept. 1885 (3200 kr.), 5. maí 1904 (17000 kr.) og 16. sept. 1904 (10.000 kr.), en þannig að lánum þessum megi breyta í afborgunarlán með aðgengilegum afborgunarkjörum. –

Nefndin leggur til að bæjarstjórnin feli borgarstjóra að semja um afborgunarskilmála lána þessara og að undirskrifa skuldbindingar þar að lútandi fyrir hönd bæjarstjórnarinnar. –

3.

Var tekin til athugunar úrskurður sýslumannsins í Árnessýslu, uppkveðinn 16. des. f. á., en með úrskurði þessum neitar hann að taka lögtaki

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

100 kr. aukaútsvar, er Ólafi kaupm. Árnasyni á Stokkseyri hafði verið gjört að greiða hjer í bænum árið 1908. Leggur nefndin það til, að eins og sakir standa verði fallið frá að innheimta útsvar þetta með málssókn.-

Fleira gjörðist ekki
Fundi slitið.-

Páll Einarsson [illegible]
Kl. Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1910 þ. 13. júní átti ~~fasteigna~~ fjárhags-nefndin fund með sjer á skrifstofu borgarstjóra. Á fundinum var borgar-stjóri og Halldór Jónsson, en Klemens Jónsson var fjarverandi. –

Gjörðist þá það, er hjer segir:

1.

Lögð var fram beiðni „Leikfjelags Reykjavíkur" um 500 króna styrk úr bæjarsjóði, er bæjarstjórnin hefur vísað til umsagnar nefndarinnar. –

Nefndin mælir eindregið með því að styrkur þessi verði veittur, enda er það skilyrði fyrir því, at fjelagið geti orðið aðnjótandi styrks þess, er því hefur verið heitið úr landssjóði. –

2. –

Fram voru lögð tvö brjef bæjar-gjaldkera um innheimtu skulda hjá Sölutuminum og Ólafi M. Stephensen, en borgarstjóra falið að

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

16 18

leita frekari upplýsinga, áður en nefndin gjörir tillögur um erindi þessi.–

Fleira gjörðist ekki
Fundi slitið.–

Páll Einarsson
Halldór Jónsson.

Ár 1911 þ. 12. júní kom ~~fasteignanefndin~~ fjárhagsnefndin saman á fund á skrifstofu borgarstjóra. Allir nefndarmennirnir á fundi og ennfremur bæjargjaldkerinn, er formaður nefndarinnar hafði boðað á fundinn. Fór þá fram það er hjer segir.

1º

Bæjargjaldkerinn lagði fram skrár yfir ýms gjöld frá árans–

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

um 1903-1910, er hann taldi
ófáanleg. Nefndin yfirfór skrár
þessar lið fyrir lið og leggur
til að á næsta reikningi sjú-
nunnar burt úr eptirstöðvun-
um öll gjöldin að tveimur undan-
tekinum, nefnilega aukaútsvari
Kristine Nielsen 1907 og auka-
útsvari Erasmusar Gíslasonar
1908. Þessi tvö útsvör verða
talin með eptirstöðvum.-

2°

Var samþykkt að greiða Knud
Zimsen 700 - sjö hundruð-
krónur fyrir samning vatnsveitu-
reikninganna.-

Annað gjörðist ekki
Fundi slitið
Páll Einarsson
Halldór Jónsson Kl. Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1911 þ. 4. júlí kom fjárhagsnefndin saman á fund á skrifstofu borgarstjóra. Allir nefndarmennirnir á fundi. Fór þá fram það er hjer segir:

Borgarstjóri gaf nefndinni svolátandi skýrslu:

Í fundargjörð fjárhagsnefndarinnar 30. mai 1910, sem hjer með fylgir í eptirriti, var það lagt til við bæjarstjórnina að tekið yrði 120.000 kr. reikningslán, og gjörð ítarleg grein fyrir þörfinni fyrir láninu. Bæjarstjórnin samþykkti þá að taka til bráðabyrgða aðeins 100.000 kr. reikningslán í Íslandsbanka, enda þótt bæjarstjórnin seinna á árinu ljeti leggja vatnsæð að Laugarnesi er kostaði um 10.000 kr., hefur til þessa orðið komist af með þetta reikningslán. Reikningsláns

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

skuldin við bankann er nú ca. 99.000 kr. Eru þær tvær ástæður til þess að komist hefur verið af með lán þetta, að hafnarsjóðurinn hefur sem að undanförnu verið notaður til bráðabyrgða sem kassabeholdning, og þó einkum að minna þurfti til greiðslu gasstöðvarbyggingarinnar en áætlað var í nefndri fundargjörð fjárhagsnefndarinnar fyrir þá sök að kostnaðurinn við innlagningarnar í húsin kemur fyrst til útborgunar á þessu ári eða í lok fyrsta reikningsárs gasstöðvarinnar þ. 31. þ. m. - Sá innlagningarkostnaður kemur til að nema ca. 25.000 kr. Þarf því nú að taka lán til lúkningar þessum hluta af stofnkostnaði gasstöðvarinnar

Upphæðir þær, sem bærinn

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þarf að fá til láns á þessu ári
eru þá:

1. Til innlagningar gasæða
 í hús, gasmæla og gasáhalda kr. 25.000.00
2. Til holræsagjörðar " 12.000.00
3. Til byggingar slökkvitólahúss
 og útvegunar slökkviáhalda,
 samkv. gjaldal. 15 B í áætl. " 36.000.00
4. Til girðingar um beitarlandið " 3.000.00

Samtals kr. 76.000.00

Ennfremur er nauðsynlegt að hafa ávalt fje í sjóði meira en verið hefur. Hafnarsjóðinn má ekki lengur brúka til þessa. Hvert á móti verður bæjarsjóður nú að vera við því búinn að greiða alla skuld sína til hafnarsjóðsins án fyrirvara. Veitir því ekki af að taka allt að 100.000 króna lán.

Jeg hef skrifað báðum bönkunum hjer og æskt eptir að fá

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

tilboð frá þeim um lán þetta og sendist hjer með ~~eptirrit~~ af ~~þ~~ brjefum ~~þeirra~~, er jeg samstund- is hef meðtekið:

Leggur nefndin til að tekið verði reikningslán í Íslandsbanka allt að 80 þús. kr. að fengnu samþykki stjórnarráðsins og að borgarstjóra verði falið að taka lánið og undirskrifa skulda- brjefið fyrir hönd bæjarstjórn- arinnar. –

Fleira gjörðist ekki.

Fundi slitið.

Páll Einarsson.

Halldór Jónsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1911 þ. 19. júlí átti fjárlaga-
nefndin fund með sjer á skrifstofu
borgarstjóra. Mættir voru borgarstjórinn
og Halldór Jónsson, en Klemens
Jónsson gat ekki mætt. –

Borgarstjóri lagði fram efna-
hagsreikning kaupstaðarins og
efnahagsreikning hafnarsjóðsins
við árslok 1910, og voru þeir at-
hugaðir og samþykktir af
nefndinni. –

Fleira gjörðist ekki. –

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Halldór Jónsson

Ár 1911 þann 19 september átti fjár-
hagsnefndin fund með sjer. allir á
fundi.

1. Nefndin leggur til, að bæjarstjórn-
in veiti [illegible] 1000 Kr. styrk til
iðnsýningarinnar úr bæjarsjóði.
2. Samkvæmt ákvörðun á bæjarstjórn-
arfund 20. janúar þ. á. á að á-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hverja ~~eindagjald~~ eindagjald fyrir húsnæði það, er íbúðargjöldin fjellu síðastliðið sumar. í bæjarsjóðinn Nefndin leggur til, að húsaleigan verði sett 1000 krónur.

3. Guðm. Þorláksson býðst nú til að kaupa lóð við Kirkjustræti 779 □ álnir fyrir 1 krónu alin, þannig að hann borgi 300 kr. þegar hann er búinn að byggja húsið og afganginn einu ári síðar, og standi ~~kaupin~~ svo uppfylld gegn 2. veðrjetti í húsi og lóð. Nefndin treysti sjer ekki til að mæla með þessari beiðni þetta en svo, að hann fái gjaldfrest, þangað til hann hefur byggt húsið.

Fundi slitið

J. Jensen
settur

Kr. Jónsson

Halldór Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1911 þ. 19. des. kom fjárlaganefndin saman á fund á skrifstofu borgarstjóra. Allir á fundi. –

Nr 1

Lögð var fram og tekin til athugunar beiðni Ólafs Jónssonar lögregluþjóns um að fá 100 kr. til fatakaupa. Nefndinni þótti ekki ástæða til að mæla með beiðni þessari. –

Fleira gjörðist ekki.

Fundi slitið

Páll Einarsson   K. Zimsen   Halldór Jónsson

Ár 1912 þ. 3. jan. kom fjárlaganefndin saman á fund á skrifstofu borgarstjóra. Allir á fundi. –

Nefndin samþykkti að greiða Knud Jensen 400 kr. fyrir endurskoðun gasstöðvar reikningsins 1910–1911 og að undirbúa innlagningarinnreikninganna. Endurskoðunin sje eigi að eins tölulegendurskoðun heldur einnig kritisk og

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

[illegible]. –
Fundi slitið
Páll Einarsson. K. Zimsen Halldór Jónsson.

Ár 1912 þ. 24. jan. átti fjárhags-
nefndin fund með sjer á skrif-
stofu borgarstjóra. Allir á fundi:

1.

Var samþykkt að svara brjefi
Pierre Alazin, Boulogne. með
svohljóðandi símskeyti:
"Vjer getum ekki beðið lengur
en til loka janúar." –

2.

Var rætt um lántöku til útgjalda
þeirra, [illegible] gjöldum fjárhagsáætl-
unarinnar og samþykkt að
leita fyrir sjer hjá báðum bönk-
unum um skjót bráðabyrgðalán
sjerstaklega reikningslán.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3º

var samþykt að áfrýja til landsyfirrjettarins úrskurði bæjarfógeta, 9. þ. ár., en með honum var ákveðið, að lögtak ekki skyldi fara fram á aukaútsvari Ólafs kaupmanns Árnasonar fyrir árið 1911.

Fleira gjörðist ekki
Fundi slitið

Páll Einarsson Kn. Zimsen Hallgrímur [illegible]

Ár 1912 þ. 31. jan. kom fjárhagsnefndin saman á fund á skrifstofu borgarstjóra. Allir á fundi nema Kl. Jónsson.
Fór þá fram sem hjer segir:

1º

Var rædd tillaga til lántöku út af hafnarbyggingunni. –

2º

samþykt að ávísa reikningi

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

frá Tryggva Gunnarssyni að upphæð kr. 46,95. –
Fleira gjörðist ekki
Fundi slitið
Páll Einarsson Halldórsson

Ár 1912 þ. 5. mars² hjelt fjárhagsnefndin fund með sjer á skrifstofu borgarstjóra. Mættir voru borgarstjórinn og bæjarfulltrúi Lárus H. Bjarnason, en bæjarfulltrúi Halldór Jónsson var veikur. –

Voru lögð fram tilboð frá Landsbankanum og Íslandsbanka um lán að upphæð 62000 kr., er bærinn þarf að taka á þessu ári samkvæmt fjárhagsáætluninni. Býður Landsbankinn að lána fjeð gegn víxlum með bankans venjulegu vöxtum, sem nú eru 5 1/4 %, og Íslandsbanki ~~með~~ sömuleiðis, hvort

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

heldur bærinn vill gegn víxli eða sem reikningslán, en við-skiptagjald reikningslánsins er 3/8 % hvert misseri.
Nefndin leggur til að tekið verði tilboði Íslandsbanka um að fá fjeð með reikningsláni, og að borgarstjóra verði falið að undirskrifa skuldabrjefið í umboði bæjarstjórnarinnar, að fengnu samþykki stjórnar-ráðsins til lántökunnar.
Fleira gjörðist ekki.
Fundi slitið.
Páll Einarsson Sv. Jónsson [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1912 þ. 12. júní kom fjárlaganefndin saman á fund; allir nefndarmennirnir voru á fundi. Fundarefnið var að gjöra tillögur og taka til athugunar veitingu verkfræðings Th. Krabbe fyrir teikningar af hafnarvirkjunum og samning útboðsskilmála. Þar sem nefndarmennirnir vildu setja sig inn í málið áður en tillaga væri gjörð, var frestað að þessu sinni að gjöra tillögu. —

Fundi slitið

Páll Einarsson

1/9 [illegible] Halldór Jónsson.

Ár 1912 þ. 18. júní kom fjárlaganefndin saman á fund á skrifstofu borgarstjóra. Allir nefndarmennirnir á fundi.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Var tekinn til athugunar reikningur verkfræðings Th. Krabbe fyrir útboðsamning og teikningar af höfninni. Meiri hluti nefndarinnar, þeir Lárus H. Bjarnason og Halldór Jónsson líta svo á með skírskotun til 16. gr. 17. lið í fjárlögunum, að Krabbe eigi ekki tilkall til neins endurgjalds fyrir vinnu hans við samning útboðs-ins og fyrir teikningar hans, en til mála geti komið að veita honum eptir atvikum nokkra þóknun. –

Fundi slitið

Páll Einarsson

L. H. Bjarnason. Halldór Jónsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1912 þ. 1. júlí kom fasteignanefndin saman á fund. Mættir voru Borgarstjórinn og Halldór Jónsson, en Lárus H. Bjarnason var fjærverandi.

1°

Voru gjörðar tillögur til úrskurðar um athugasemdir endurskoðenda við bæjarsjóðsreikningunum 1910 og vatnsveitubyggingarreikningunum. —

2°

Fram voru lagðir reikningar hafnarsjóðs og brunabótasjóðs 1910, er endurskoðendur hafa ekkert fundið athugavert við. Leggur nefndin til, að þeir verði samþykktir.

Fundi slitið

Páll Einarsson    Halldór Jónsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1912 þ. 8. júlí átti fjárhagsnefndin fund með sjer á skrifstofu borgarstjóra. Mættir voru borgarstjórinn og Halldór Jónsson, en L. H. Bjarnason var ekki mættur. –

Bæjargjaldkerinn var mættur og leggur fram lista yfir gjöld þau frá árunum 1905–7, 1908, 1909, 1910 og 1911, er hann telur ófáanleg. Nefndin yfirfór listana og leggur til að gjöld þau, sem þar eru talin, verði numin burt úr eptirstöðvunum, að undanteknum nokkrum gjöldum, sem nefndin auðkenndi á listunum. –

Fleira gjörðist ekki –
Fundi slitið.

Páll Einarsson. Halldór Jónsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1912, mánudaginn 2. September átti fjárhags-nefndin fund með sjer. Allir á fundi.

Eptir skýrslu borgarstjóra og bæjargjaldkera virðist óumflýjanlegt að taka um 35,000 kr. bráðabirgðar lán bæjarsjóði til handa, og leggur nefndin til að borgarstjóra verði falið að taka slíkt lán í öðrum hvorum bankanum.

Páll Einarsson

L. H. Bjarnason

Halldór Jónsson.

Þ. 2. 3. og 4. nóvember átti nefndin fundi með sjer og samdi frumvarp til fjárhagsáætlunar fyrir árið 1913 með athugasemdum.

Páll Einarsson L. H. Bjarnason

Halldór Jónsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1912, miðvikudaginn 20. nóvember átti nefndin fund með sér.
Samþykt að leggja til, að feldar séu burtu af fjárhagsáætlun 1913 þær 800 kr. sem nefndin hafði lagt til að verja til gangstéttar í Kirkjustræti með því að skilyrði það, sem sett var fyrir fjárveiting þessari, mun ekki geta fengist uppfylt, en veita í þess stað 300 kr. til aðgerðar á Tjarnargötu.
X Lagt til að bærinn fái til afnota að láni þær 400 þús. krón. sem hafnarsjóður nú fær 11. des. þ.á. sem fyrstu greiðslu ~~fr~~ af láninu til hafnargerðarinnar, og þurfi ekki að endurborga þær fyrri en hafnarsjóður þarf þær. ~~Hafn~~
Spurningu um holræsagjald af götum meðfram „gamla Kirkjugarðinum" var frestað til frekari rannsóknar.
Lagt til að endurborgað verði 16 kr. oftekið sótaragjald í 4 ár af húsi Kristins Brynjólfssonar Frakkastíg 6.

Fleira ekki fyrirtekið

Páll Einarsson  Lárus H. Bjarnason  Halldór Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1912, mánudag 25. nóv. átti nefndin fund með sér.
Ræddar allar breytingar sem fram höfðu komið út áætlunina.
Samþykt að mæla með:
að 7. lekjuliður hækki um 800 kr.
22. a. gjaldliður hækki um 200 kr. (meiri hl. atkv.)
– b. — — – 750 kr. (— —)
23 h. — — – 50 kr.
– j. nýr liður, til skóla í Bergstaðastræti
kenni 400 kr.
Fleira ekki fyrirtekið.
Páll Einarsson Kr. Ármannsson [illegible] Halldórsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1912, þriðjudaginn 3. desember, átti nefndin fund með sér.

Til umræðu var hvort yfirdómari Halldór Danielsson ætti að greiða holræsagjald í götunum meðfram gamla-kirkjugarðinum, sem hann hefur á leigu.

Meiri hluti nefndarinnar álitu að hann ætti ekki að greiða gjaldið og eigi skyldi láta innheimtu þess ganga til dóms.

Fyrir lá einnig beiðni frá Docent Sigurði Sivertsen um að fá endurgreiddar þær 43 kr. sem hann hefur þurft að greiða í útsvar til Vopnafjarðarhrepps frá 1. Janúar til fardaga 1912, sem prestur til Hofs í Vopnafirði.

Nefndin álítur þetta sanngjarnt og vill mæla með því að bæjarstjórn veiti þessa uppgjöf.

(Fleira) Rætt um vangoldinn húsaskatt 1910 (200 kr.)

Fleira ekki fyrir tekið.

Páll Einarsson. Kr. Þorgrímsson. Halldór Jónsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1912, þriðjudaginn 17. desember, átti nefndin fund með sér.
Til umræðu var:
1. Beiðni frá Vilborgu Jónsdóttur, Klapparstíg 13, um burtfelling útsvars 1912 8 kr. sökum veikinda.
Samþykt að leggja til að sú beiðni verði veitt
2. Beiðni frá Sigurgeiri Péturssyni um að aukaútsvar hans 1912 kr. 40,00 verði lækkað um helming.
Samþykt að leggja til, að beiðnin verði ekki tekin til greina.
3. Beiðni frá eiganda húseignar № 58 B við Grettisgötu um burtfelling eða lækkun vatnsskatts og sótaragjalds 1912.
Samþykt að leggja til að beiðnin verði ekki tekin til greina.
Páll Einarsson. Knud Zimsen. Halldór Jónsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1913, miðvikudaginn 15. janúar
hafði nefndin fund út af lántökum.

1. Borgarstjórinn skýrði frá, að hann hefði leitað fyrir sér hjá bönkunum um lán handa bænum samkv. áætlun ársins.

Landsbankinn vill lána veðdeildarlán með venjulegum kjörum (kurs 96%), að minsta kosti 20 þús. kr. eigi vonlaust um hærra lán.

Íslandsbanki býður hinsvegar alla upphæðina fram (54 þús.) sem víxillán eða reikningslán (vextir 6%, próv. 3/4 %).

Borgarstjóri kvað óhjákvæmilegt, að hafa þetta fé fyrir hendi nú þegar.

Nefndin ákvað að leggja til, að tekið verði í Landsbankanum svo hátt veðdeildarlán, sem fæst, en það sem vantar til, sem reikningslán í Íslandsbanka.

2. Einar Einarsson trésmiður, sækir um að burt falli fyrir helmingur aukaútsvars hans 1912, er hann varð að greiða á Seyðisfirði, þar sem kona hans og börn

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

höfðu heimili til í maí það ár. Á mann þennan var lagt útsvar hér 25 kr. fyrir 1912.
Nefndin lagði til, að burt verði felt af útsvari hans 1912 þær 9 kr. sem hann hefur samkv. kvittun greitt í aukaútsvar á Seyðisfirði fyrir fyrri hluta ársins.
3. Erindi frá Petri Hjaltested úrsmið um greiðslu vatnsskatts var lesin.
Ályktun var ekki tekin.
Fundi slitið.
Páll Einarsson   Kl. Jónsson   Halldór Jónsson.

Ár 1913, þriðjudaginn 4. febr. átti nefndin fund með sér.
1. Út af því, að bæjarstjórn hafði óskað nákvæmari íhugunar um lántöku tekur nefndin fram, að Landsbankinn hefur gefið nú vilyrði um, að veita veðdeildarlán 50 þús. króna. Ítrekar nefndin því tillögu sína frá síðasta fundi.
2. Bæjarstjórn hefur vísað til nefndar-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

innar erindi Pjeturs Hjaltesteds um vatnsskatt og hreinsunargjald. Hann kvartar um, að honum sé gert að greiða vatnsskatt af afmörgum gripum og að sér sé gert að greiða hreinsunargjald af Sunnuhvoli.

Nefndin telur, að honum muni ekki bera að borga hreinsunargjald ~~frá þeim~~ af Sunnuhvoli og sjálfsagt að hann borgi að eins vatnsskatt af þeim gripum, sem hann hefur heima.

Fundi slitið.

Páll Einarsson [illegible] Halldór Jónsson

Ár 1913, þriðjudaginn 15. apríl, hélt nefndin fund með sér.

1. Kom bréf frá læknadeild háskólans, er fór fram á, að bærinn vildi styrkja ókeypis klinik háskólans (l.a.m.) með því, að leggja til samilegt ókeypis húsnæði fyrir hana.

Nefndin lagði til að bæjarstjórn veiti í þessu skyni 300 kr. árs styrk frá 1. janúar 1914 að reikna, enda ~~[illegible]~~ [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

~~Það~~ að ekkert fé til á þessa árs áætlun til þessa.

2. Háskólinn hefur sagt upp leigu gamla læknaskólahússins.

Verkfræðingurinn hefur gert áætlun um, hve hentast væri að breyta því til íbúðar. Áætlaði hann kostnað við það allt að 4000 kr, (kr 3760.00).

Nefndin taldi æskilegast að selja húsið, ef tilboð fengist, fyrir ekki minna en 20 þús. krónur.

Fáist ekki aðgengilegt kauptilboð ræður nefndin til, að gert verði að því og því breytt á þann hátt, sem verkfræðingurinn hefur áætlað.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. [illegible]. Halldór Jónsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1913, þann 2. nóvember átti nefndin fund með sér og (samdi) undirbjó og samdi til bráðabyrgða fjárhagsáætlun bæjarins fyrir árið 1914.

Páll Einarsson  Kn. Zimsen  Halldór Jónsson

Ár 1913, þriðjudaginn 18. Nóv. átti fjárhagsnefndin fund með sjer. H. Jónsson vantaði á fundinn.

Samþykkt, að gjöra tillögu um fiskreitargerð 3 eftir nánari fyrirsögn bæjarverkfræðings og með ráði Tr. Gunnarssonar.

Lagt til að Ólafi lögregluþjóni Jónssyni verði veitt launaviðbót í bráð við þ. á., ~~og til ...~~

Samþykkt að víkja frá því, að [illegible] verði við beiðni Páls Erlingssonar sundkennara.

Páll Einarsson.  Kn. Zimsen

Ár 1913, þriðjudaginn 25. Nóv. átti fjárhagsnefndin fund með sjer. Hall. Jónsson vantaði.

Framkomnar tillögur athugaðar og voru gjörð nánari grein fyrir afstöðu nefndarinnar til þeirra í

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

framsög.- Ráðin tillaga um fiskipalla.

Páll Einarsson. Sighv. Bjarnason.

Ár 1914, miðvikudaginn 21. janúar átti fjárhagsnefndin fund með sjer. Allir á fundi. Framlagt erindi Benedikts Þórarinssonar sótara um launahækkun. Nefndinni þótti ekki nægileg ástæða til þess að ~~verða~~ mæla með beiðninni, ~~enda fjárhagur bæjarins þröngur.~~

Páll Einarsson Halldór Jónsson. Sighv. Bjarnason

Ár 1914, hinn 5. maí, hjelt fjárhagsnefndin fund á skrifstofu borgarstjóra. Sighv. Bjarnason var fjarverandi (utanlands).

Lagt fram erindi Leikfjelags Reykjavíkur dags. 1. apr. um eptirgjöf á gjaldi til bæjarsjóðs fyrir leikárin 1912-13 og 1913-14, og brjef formanns Leikfjelagsins 21. apríl, þar sem upplýst er að gjald þetta nemi 190 kr. fyrir hvort leikárið.

Nefndin er því mótfallin að gjald

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þessi verði gefin eftir.
Fleira kom ekki fyrir
Fundi slitið
Páll Einarsson.
Jón Þorláksson.

Ár 1914, hinn 18. maí, hjelt fjárhagsnefndin fund á skrifstofu borgarstjóra. Allir nefndarmenn á fundi.
1. Borgarstjóri lagði fram bráðabirgðayfirlit yfir tekjur og gjöld bæjarsjóðs árið 1913, en bæjarreikningarnir voru þó ekki uppgerðir enn. Eyðsla umfram áætlun hafði einkum átt sjer stað á gjaldlið 20, til fátækraframfæris; höfðu gjöldin orðið alls um 19300 kr. fram yfir áætlun; enn fremur hafði gjaldl. 21, til þurfamanna annara sveita, farið um 10000 kr. fram úr áætlun, en hinsvegar höfðu tekjuliðirnir 17. og 18. orðið um 4900 og 5200 kr. hærri en áætlunin, þannig að til kostnaðar við fátækramál í heild sinni vantar um 19200 kr. Nefndin leggur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

til að heimild verði veitt til lántöku handa bæjarsjóði að upphæð allt að 100 þús. kr. til þess að standast þennan halla, og til þeirra útgjalda, sem áætlunin fyrir 1914 gerir ráð fyrir að greidd verði með láni, og enn fremur til viðbótar við lán það, sem heimilað var að taka árið 1913, en ekki var tekið að fullu það ár. Borgarstjóra falið að spyrjast fyrir um lánskjör hjá bönkunum hér.

2. Eptir uppástungu Jóns Þorlákssonar leggur nefndin til, að lögleidd verði sú regla, að tekjuhalli sá, sem kann að koma fram á reikningi bæjarsjóðsins, og ekki stafar af kostnaði við verk, sem ætlast er til að kostuð verði af lánsfje, skuli tekinn upp sem gjaldliður ~~við~~ á næstu fjárhagsáætlun sem samin er, eptir að bæjarsjóðsreikningur sá, sem tekjuhallinn kemur fram í, er fullgerður. Vilji bæjarstjórnin fallast á þetta, ætlast nefndin til að borgarstjóra verði falið að undirbúa frv. til laga hjer að lútandi. Jafn-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

framt við nefndin þá og að ákveðið væri, að ef tekjuafgangur hefur orðið á reikningi einhvers árs, þá sje hann tekinn upp sem tekjuliður á næstu áætlun.

Fleira var ekki fyrir tekið

Fundi slitið

Páll Einarsson

Sighvatur Bjarnason Jón Þorláksson.

Ár 1914, hinn 26. maí hjelt fjárhagsnefndin fund á skrifstofu borgarstjóra. Allir á fundi:

1. Borgarstjóri leggur fram svör bankanna upp á málaleitani hans um allt að 100 þús. kr. lán handa bænum. Landsbankinn hefur í bréfi dags. 20. maí neitað um lán þetta, en Íslandsbanki hefur í bréfi dags. 25. maí gefið kost á láninu sem reikningsláni með þeim kjörum, sem gilda um slík lán í hvert skipti, eða til bráðabirgða sem víxillán með þeim kjörum, sem um slík lán gilda.

Nefndin leggur til að frestað verði

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fyrst um sinn að taka lánið, þar til séð verður hvort ekki er unt að fá veðdeildarlán með hagkvæmari kjörum, sem ekki er talið alveg vonlaust um að verði í júlímánuði.

Fleira kom ekki fyrir
fundi slitið

Páll Einarsson

Jón Þorláksson. Sighvatur Bjarnason

Ár 1914, hinn 24. júlí hjelt fjárhagsnefndin fund á skrifstofu borgarstjóra. Allir nefndarmenn á fundi.

R/2 1. Nefndin mælir með að í þetta sinn verði varið 150 kr. af fjárveitingunni til óvissra útgjalda til undirbúnings þjóðhátíðarhaldi 2. ágúst, samkvæmt umsókn formanns Íþróttasambands Reykjavíkur, sem bæjarstjórnin hefur vísað til nefndarinnar til álita.

2. Var lagður fram reikningur bæjarfógeta yfir bjargráðagjald að upphæð kr. 3257.50,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sem á að greiðast úr bæjarsjóði og er fallið í gjalddaga 15. júlí. Gjald þetta hefur ekki verið tekið upp í fjárhagsáætlun, en nefndin telur að ekki verði hjá því komist að greiða það.

3. Borgarstjóra falið að grenslast eptir því hvort ekki sje unnt að fá heimild fyrir hann til að nota þjónustufrímerki við- ~~viðgjaldi~~ brjefaskipti við sýslumenn og sveitarstjórnir, aðallega í fátækramálum.

Fleira gjörðist ekki

Fundi slitið

K. Zimsen.

Sighvatur Bjarnason

Jón Þorláksson

Ár 1914, hinn 4. ágúst var fundur haldinn í fjárhagsnefndinni.

1. Út af því að hreppsnefndirnar í Mosfellshreppi og Seltjarnarneshreppi hafa hvor fyrir sig með auknum tilkynningu...

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

jöfnun nú í sumar lagt 200 kr. aukaútsvar á núverandi leigjanda Elliðaánna, David Kerr esq., hefur borgarstjóri með ráði nefndarinnar átt tal við oddvita nefndra hreppsnefnda.

Fjárhagsnefndin lítur svo á, að niðurjöfnun á þessum tíma árs sje ekki lögmæt, en telur hins vegar nokkuð til þess vinnandi, að leigjendur ánna sjeu ekki ónáðaðir með slíkum kröfum. Óskar nefndin því eftir, að borgarstjóra verði veitt heimild til að gera samning við tjeðar hreppsnefndir, um að þeim verði greiddar allt að 100 kr. hvorri á ári úr bæjarsjóði Reykjavíkur, gegn því að hrepparnir falli frá útsvarsálagningu á laxveiðiafnot~~in~~ í Elliðaánna.

Fleira gerðist ekki

Fundi slitið

K. Zimsen.

Sighvatur Bjarnason  Jón Þorláksson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1914, hinn 31. ágúst hjelt fjárhagsnefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

L/5 1. Út af erindi bæjarfógeta um breytingu á einkennisbúningi lögregluþjóna, sem bæjarstjórnin hefur vísað til nefndarinnar, ákvað nefndin að fela borgarstjóra að bera sig saman við bæjarfógeta um breytinguna, og útvega upplýsingar um kostnað þann, sem hún mundi hafa í för með sjer fyrir bæjarsjóð.

X/1 2. Nefndin getur ekki mælt með því að húseigendum verði að svo stöddu veitt lán til holræsagerðar, bæði sökum þess, að nefndinni virðist efasamt að holræsalögin frá 11. júlí 1911 heimili bæjarstjórninni forgangsveð í húsunum fyrir slíkum lánum, og svo sökum þess, að tíminn er nú mjög óhentugur til þess að taka lán það, sem yrði að útvega bæjarsjóði til þess að slíkum beiðnum yrði sinnt almennt.

Fleira –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

var ekki gert

Fundi slitið

Sighvatur Bjarnason  K. Zimsen.  Jón Þorláksson.

Ár 1914, hinn 15. sept., hjelt fjárhagsnefndin fund á skrifstofu borgarstjóra. Allir nefndarmenn á fundi.

1. Bæjarfógeti mætti á fundinum til viðtals við nefndina um einkennisbúninga lögregluþjóna. Nefndin óskaði eptir að fá frá bæjarfógeta á sínum tíma nánari tillögur um gerð búninganna, og kvaðst sig mundu verða því fylgjandi, að bæjarstjórnin veitti fje í því skyni, einkum ef búningarnir gerðu úr innlendu efni, en gat í þó(?) að vegna örðugra kringumstæðna væri æskilegt að fresta þessu svo, að ekki þyrfti að taka upp fjárveitingu til þess nú á þessu hausti.

4/5

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2. Lagðar fram reikningar frá endurskoðendum bæjarreikninganna yfir kostnað við aðstoð við endurskoðun reikninganna fyrir 1912, að upphæð 225 kr. Nefndin sjer ekki betur en að bæjarstjórnin verði að greiða reikning þennan, með því að fyrv. borgarstjóri í bréfi dags. 26. jan. þ. á. hefur heitið endurskoðendunum borgun fyrir aðstoð við þetta starf. R/5

3. Var rætt um úrskurði á bæjarreikningunum fyrir 1912. Ákvörðun frestað, enda höfðu endurskoðendur ekki verið kvaddir til fundar. R/5

Fundi slitið

Kl. Zimsen.

Sighvatur Bjarnason

Jón Þorláksson

Ár 1914, hinn 28. sept. var fundur haldinn í fjárhagsnefndinni. Allir nefndarmenn á fundi. Endurskoðendur bæjarreikninganna voru tilkvaddir, og annar þeirra, yfirréttarmálaflutningsmaður Oddur Gíslason, mættur á fundinum.

X

R/5 H/4

1. Samdar tillögur til úrskurðar á bæjarsjóðsreikningnum og hafnarsjóðsreikningnum fyrir 1912.
2. Lagt fram bréf Hafliða Jónssonar dags. 28/9 til borgarstjóra. Ákveðið að útvega frekari upplýsingar um efni þess.
3. Í sambandi við 10. gr. athugasemdanna við bæjarreikninginn fyrir 1912, ákvað nefndin að útvega, til samlags við bæjarsjóðsreikninginn fyrir 1913, reikninga yfir úttekt þurfamanna hjá þeim verzlunum, sem hafa ekki þegar sent sundurliðaða reikninga yfir hana fyrir það ár.

R/5

Fleira gjörðist ekki

Fundi slitið.

Sighvatur Bjarnason K. Zimsen Jón Þorláksson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1914, hinn 30. okt. hjelt fjárhagsnefndin fund á skrifstofu borgarstjóra. Var rætt um fjárhagsáætlun fyrir
R/17. 1915. Tími entist ekki til að ljúka við hana, og var fundi frestað til næsta dags.

Hinn 31. okt. kom nefndin aptur saman, og hjelt áfram undirbúningi fjárhagsáætlunarinnar.

Hinn 2. nóv. kom nefndin enn saman. Var þá:

1. Lokið við frumvarp til fjárhagsáætlunar fyrir 1915.
2. Út af erindi Jónasar H. Jónssonar
R/2 um leyfi til að stofna til kvikmyndasýninga í Bárubúð, leggur nefndin til að bæjarstjórnin synji um samþykki til fjölgunar á kvikmyndahúsum í bænum.

Fleira gjörðist ekki

Fundi slitið

K. Zimsen. Jón Þorláksson

Sighvatur Bjarnason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hinn 19. og 20. nóv. hjelt fjár-
hagsnefndin fundi á skrifstofu borgar-
stjóra og samdi á þeim fundum athuga-
semdir við frv. til fjárhagsáætlunar
fyrir árið 1915.

Hinn 20. og 22. nóv. átti nefndin
einnig fundi með sjer í afgreiðslu-
stofu bæjargjaldkera, og kynnti sjer
fyrirkomulagið á bókfærslu hans m.m.

Hinn 25. nóv. hjelt nefndin einn
fund á skrifstofu borgarstjóra. Var þá
fyrir tekið:

1. Erindi frá Sjúkrasamlagi Reykjavíkur
um aukinn styrk úr bæjarsjóði. Þetta
R/2 erindi er, þrátt fyrir tilmæli formanns
nefndarinnar, ekki framkomið fyr en eftir
að nefndin hafði lokið við frv. til fjár-
hagsáætlunar fyrir 1915, og engir reikn-
ingar frá samlaginu fylgja. Finnur
nefndin því ekki ástæðu til að bera
fram breytingartillögu hjer að lútandi.

2. Lagt fram erindi frá Hjúkrunarfjelagi
R/2 Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3. Beiðni Leikfjelags Rvíkur um eptirgjöf á sýningargjaldi: vill nefndin ekki sinna.
4. Beiðni frá Hólmfríði Árnadóttur um styrk til þess að halda uppi kenslu seinni hluta dags fyrir ungar stúlkur treystist nefndin ekki til að sinna.
5. Erindi frá búendum á Grímsstaðaholti um veg þangað hefur komið til borgarstjóra eptir að frv. til fjárhagsáætlunar var fullgert, og með því að málið er ekki undirbúið af hendi veganefndar og verkfræðings, treystist nefndin ekki til að gera tillögu um málið að svo stöddu.

R/7. 6. Samdar breytingartillögur við frv. til fjárhagsáætlunar fyrir 1915.

Fleira gerðist ekki

Fundi slitið

K. Zimsen.

Sighvatur Bjarnason

Jón Þorláksson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1914 átti fátækranefndin fund með sér á skrifstofu borgarstjóra. – Jón Þorláksson mætti ekki. – Var þetta gjört:

1° – Sigfús konsúll [illegible] átti tal við nefndina útaf kröfu sinni um endurborgun; nefndin gat ekki fallist á þá ástæðu konsúlsins, að hann ætti ekki að vera skyldur að greiða endurborgun sakir þess, að hann eigi hafi dvalið hér 4 mánuði fyrir niðurjöfnun fór fram. Telur nefndin það nægilegt til útsvarsskyldu, að hlutaðeigandi dvelji hér fulla 4 mánuði það ár, er útsvarið er lagt á hann. – Nefndinni finnst því eigi rétt að taka þessa aðalástæðu hans til greina. – Hinsvegar finnst nefndinni útsvarið of hátt og vill leggja það til, að það verði fært úr 100 kr. niður í 50 kr.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Sighvatur Bjarnason

Ár 1914, hinn 28. des.: hjelt fjár-hagsnefndin fund á skrifstofu borgar-stjóra. Var rætt um fyrirkomulag á bókfærslu bæjargjaldkera eptirleiðis, og ákveðið að þessar bækur verði færðar:

1. Sjóðbók bæjarsjóðs.
2. Tekju- og Gjaldliðabók ---- (höfuðbók)
3. Fasteignagjaldabók, með sjerstakri síðu fyrir hverja skattskylda fasteign í bænum.
4. Persónugjaldabók, með sjerstakri síðu fyrir hvern gjaldanda.
5. Þurfamannabók fyrir innansveitar-þurfamenn.
6. Þurfamannabók fyrir utansveitar-þurfamenn.

Sjóðbók skal gera upp daglega, og færa inn í hinar bækurnar. Það fje, sem ekki þarf að hafa handbært í sjóði hjá gjaldkera, skal jafnan leggja inn í reikningslán bæjarsjóðs, og má gjaldkeri ekki hafa meira en 3000 kr. fyrirliggjandi hjá sjer í sjóði.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

R/8 Ávísanir á reikningslán bæjarsjóðs skulu eptirleiðis undirskrifaðar af borgarstjóra og bæjargjaldkera.

Fleira gerðist ekki

K. Zimsen. Sighvatur Bjarnason. Jón Þorláksson.

Ár 1915, hinn 12. janúar hjelt fjárhagsnefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

1. Var rætt um breytingu á vatnsskattskránni:

L/9 Á fundinum mætti kaupm. Jes Zimsen til viðtals við nefndina um breytingu á gjaldi fyrir vatn til skipa, og bæjarfulltrúi Sveinn Björnsson.

Nefndin leggur til að þessar breytingar verði gerðar á reglugerðinni:

a. Við 4. gr.: Í stað „60 aurar" komi: 75 aurar auk flutningskostnaðar.

b. Við sömu gr.: Í stað 1 kr. 25 au. komi: 1 kr. 50 au.

c. Við 5. gr.: Í stað „borgarstjóra" komi: slökkviliðsstjóra

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

d. 6. gr. orðist þannig:
Af vatnsskatti hvers árs falla helmingarnir í gjalddaga 1. apríl og helmingurinn 1. okt.

e. Við 2. gr. síðasta málsgrein falli burtu. (Stórgripagjaldið).

2. Út af erindi Stjórnarráðs Íslands
um að eptirlitsskipið Íslands Falk fái
N/4. eptirleiðis vatn úr vatnsleiðslu bæjarins
borgunarlaust, eða þá nokkurn afslátt
á hinu venjulega gjaldi, leggur nefndin
til að málaleitun þessari verði synjað.

Fundi slitið

J. Havsteen.
Sighvatur Bjarnason    Jón Þorláksson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1915, hinn 15. janúar, hjelt fjárhagsnefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

N/1 1. Út af umsókn C. Proppé um eftirgjöf á útsvari Guðm. Kristjánssonar skipstjóra, leggur nefndin til að ½ útsvarið fyrir 1914 verði fellt burtu, og er hlutaðeigandi að upphæð 25 kr.

N/1 2. Beiðni Vilh. Knudsens um eftirgjöf á ½ útsvari fyrir árið 1913 leggur nefndin til að synjað verði, með því að hann hefur átt heimili hjer í bænum allt það ár.

N/1 3. Árni Sighvatsson sækir um að útsvar, er á sig hafi verið lagt fyrir 1914, verði fellt burtu, með því að hann hafi flust búferlum úr bænum í byrjun marsmán. það ár. Nefndinni líst ekki annað fært en að fella útsvarið burtu.

L/10 4. Samið frv. til gjaldskrár fyrir hreinsun reykháfa.

Fleira gerðist ekki, fundi slitið.

K. Zimsen. Sighvatur Bjarnason Jón Þorláksson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1915, hinn 25. jan. hjelt fjárhagsnefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

N/1 1. Á fundinum mættu úr niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur formaður nefndarinnar, Eggert Briem, varaform. Axel Tulinius, ritari Árni Jónsson og nefndarmennirnir Gudm. Olsen og Páll Gíslason. Var rætt um tilhögun á skýrslum þeim til afnota fyrir nefndina, sem fje er veitt til í fjárhagsáætlun kaupstaðarins fyrir 1915, gjaldl. 3. e. Með því að niðurjöfnunarnefndarmennirnir töldu að slíkar skýrslur gætu ekki hjeðan af orðið til gagns fyrir starf nefndarinnar á þessu ári, og óskuðu að söfnun skýrslnanna yrði frestað til næstu áramóta, var ákveðið að safna þeim ekki í þetta sinn, en formaður niðurjöfnunarnefndar lofaði að taka til athugunar hvert fyrirkomulag á skýrslunum og söfnun

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þeirra mundi verða heutugast, svo og hvort breyta mundi þurfa þar að bétandi laga ákvæðum.

2. Nefndin samþykkir þá ráðstöfun bæjargjaldkera, að hann hefur ráðið Símon Bjarnason sér til aðstoðar fyrir 100 kr. um mánuðinn.

R/8

3. Sömuleiðis samþykkir nefndin tilboð hans um húsnæði með húsgögnum, ljósi, hita og ræstingu handa afgreiðslunni fyrir 45 kr. á mánuði.

R/8

4. Framlagðir 2 reikningar, að upphæð kr. 702,00 + 251,00 frá bræðrunum Jóni Einarssyni yfir kostnað við „aukalegar" hreinsanir á salernum bæjarins við Hafnarstræti og í Barnaskólanum, fyrir árin 1912-14. Nefndin viðurkennir ekki réttmæti þessara reikninga.

J/1

Fleira gerðist ekki, fundi slitið.

K. Zimsen. Sighvatur Bjarnason Jón Þorláksson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1915, hinn 16. mars hjelt fjárhagsnefndin fund.

N/1 1. Lagt til að Friðrik D. Hallbirnsyni prentara verði gefnar eftir 25 kr. af útsvari ~~hans~~ fyrir 1910 og 1911, sem var að upphæð samtals 45 kr.

N/1 2. Nefndin mælir með beiðni Ágústs Guðmundssonar gjaldkjera, Skóst. 6, um eptirgjöf á 50 kr. af útsvari hans fyrir 1913 (var alls 100 kr.), verða veitinda.

3. Nefndin leggur til að gefin verði ~~út~~ í einu lagi lög þau, reglugerðir og gjaldskrár m.m., sem nú gilda fyrir Reykjavíkurkaupstað, og kostnaður við það greiddur af fjárveitingunni til óvissra útgjalda þ.á.

Fleira gerðist ekki

Fundi slitið

K. Zimsen.

Sylvester Jónsson — Jón Þorláksson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1915, hinn 28. maí, hjelt fjárhagsnefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

1. Út af beiðni Benedikt Finnssonar f. sótara um hækkun eptirlauna, vill nefndin eptir atvikum, án þess að sú tillaga á neinn hátt geti skoðast sem fordæmi eptirleiðis, leggja til að eptirlaun hans verði ákveðin 50 kr. á mánuði frá 1. næsta máni.

R/13

2. Borgarstjóri lagði fram skrá yfir fasteignagjöld í bænum, og ákvað nefndin að greiða kostnaðinn við samningu skrárinnar með 150 krónum.

3. Þá voru teknar til meðferðar útsvarskærur.

N/1 a. Kæru Einars Einarssonar fisksala vill nefndin ekki sinna, enda gefur hann engar upplýsingar um tekjur sínar í kærunni.

N/1 b. Kæru Guðmundar Thórsteinssonar frestað til útvegunar frekari upplýsinga.

N/1 c. Útsvar Hjartar Fjeldsteds vill nefndin færa niður í 75 kr.

N/1 d. Útsvar H. Sigfúsar Bjarnasonar vill nefndin, í samræmi við aukaniðurjöfnunina síðastl. haust, færa niður í 175 kr.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

N/1 e. Útsvar Lucie Collin leggur nefndin til að verði fellt burtu samkvæmt bréfi stjórnarráðsins dags. 11. p.m.

N/1 f. Kæru Sigríðar Þorláksdóttur á Rauðará vill nefndin ekki sinna, vegna þeirra tjár- stöku tekna, sem hún hefur haft af sölu nokkurs hluta af Rauðarárlandinu í þetta sinn.

N/1 g. Nefndin leggur til að útsvar hins íslenska Steinolíufjelags verði fært niður í 5400 kr.

N/1 h. Kæru Slátursfjelags Suðurlands vill nefndin ekki sinna.

N/1 i. Útsvar P. Petersens leggur nefndin til að verði fært niður í 600 kr.

N/1 j. Nefndin leggur til að útsvar h/f. „Nýja Bíó" verði fært niður í 500 kr.

N/1 k. Kæru Gísla Árnasonar vill nefndin ekki sinna.

N/1 l. Útsvar Ben. S. Þórarinssonar kaupmanns vill nefndin færa niður í 540 kr.

N/1 4. Beiðni Ásmundar G. Þórðarsonar um niður- færslu á útsvari leggur nefndin til að

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

syngjað verði.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið

K. Zimsen.

Sighvatur Bjarnason

Jón Þorláksson

Ár 1915, hinn 15. júní, hjelt fjárhags-nefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

1. Bæjarstjórnin hefur vísað til nefndarinnar erindi Bjargráðastjórnar Íslands, dags. 18. des. f. á., um breytingu á lögum frá 10. nóv. 1913 um bjargráðasjóð Íslands.

L/11 Nefndin leggur til að bæjarstjórnin svari erindinu á þá leið, að breytingu þá, sem um ræðir, telji hún bænum engu skipta, en óski helst að lögum þessum verði breytt á þann veg, að þau nái ekki til Reykjavíkurkaupstaðar.

Ey/13. B/2 2. Út af erindi frá Chr. Bjarnhjeðinsson o. fl. um sóttv. hjúkrunarlag handa kvikmyndaþ...

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fjelaginu „Líkn", leggur nefndin til, að bæjarstjórnin veiti fjelaginu styrk fyrir allt að 400 kr. styrk fyrir næsta ár, sem tekinn verði upp í fjárhagsáætlun á komandi hausti.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið

Jón Þorláksson   K. Zimsen. Sighvatur Bjarnason

Ár 1905, hinn 29. júní hjelt fjárhagsnefndin fund á skrifstofu borgarstjóra. — Jón Þorláksson var ekki á fundi. — Var þetta gjört:

1° Lagt til að Margrjeti O. Thorlacius

N/1 Nýlendugötu 20 verði eftirgefið aukaútsvar manns hennar sál. Ólafs Thorlaciusar, sem andaðist í apríl mán. síðastl. Aukaútsvarið er 8 kr. — Hinsvegar getur nefndin ekki mælt með beiðni ekkjunnar um eftirgjöf á salernisgjaldi.

N/1 2° Lagt til að ekkjunni Margr. Havsteen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

verði útlitsgefinn síðan helminginn af andvirðinu manns hennar sál. Júlíusar Hav-steens fyrv. amtmanns og gengu þá fátækra-nefndin út frá því að nefndin ekki verði sjálfri gjört að greiða hluta andvirðisins við andarviðurkenningum nú í sumar.
Fleira gjörðist ekki
Fundi slitið

K. Zimsen. Sighvatur Bjarnason

Ár 1915, hinn 27. ágúst, hjelt fátækranefndin fund á skrifstofu borgarstjóra. Var þetta gjört:
1. Borgarstjóri lagði fram skrá yfir innan-sveita- og utansveita þurfamenn 1879-1914, sem hann hefir látið semja, og er þar greindar allar veittar og endurborgaðar fátækrastyrkur þessi ár; þessum skrám fylgir og spjaldskrá yfir þurfamennina með tilvísunum í ávísanabækurnar. Nefndin ákveður að greiða 300 kr. fyrir samning á skrám þessum, af gjaldlið 20. c.
2. Út af fyrirspurn h/f Nýja Iðunn um gatn-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

skatt leggur nefndin til að verksmiðjunni
N/4 sje gert að greiða reiknaðan vatnsskatt
eptir brunabótavirðingu húsanna í 1.
flokki að viðbættu 1‰ aukagjaldi.

3. Lagðar fram athugasemdir endurskoðend-
anna við reikning bæjarsjóðsins 1913,
ásamt svörum reikningshaldara. Endur-
skoðendunum hafði verið boðaður fundur-
inn, en hvorugur mætti.

R/5. Nefndin sendi tillögur til úrskurða,
en með því að svör reikningshaldara
og reikningurinn sjálfur virðast bera
það með sjer, að í honum sje villa
er nemur 902 kr. 38 au., sem endur-
skoðendurnir hafa ekki fundið, ákvað
nefndin að endursenda endurskoðend-
unum reikninginn til þess að þeir
athugi þetta atriði, og frestar því
að fullgera tillögur til úrskurða.

Fleira gerðist ekki

Fundi slitið

K. Zimsen. Sighvatur Bjarnason Jón Þorláksson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1915, hinn 4. okt., hjelt fjárhagsnefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

1. Lagt fram svar endurskoðenda bæjarreikninganna er snertir 3. lið í R/5 fundargerð 27. ágúst. Nefndin gerir tillögu til úrskurðar (23. gr.) um þetta atriði.

X 2. Bæjarsjóður skuldar hafnarsjóði nú þessar upphæðir:

| | |
|---|---|
| Bráðabirgðalán af hafnargerðarfje | kr. 349.666,67 |
| Eldri lán pr. 31. des 1914 | 48637,69 |
| Samtals | kr. 398304,36 |

R/9 Ennfremur skuldar bæjarsjóður Brunabótasjóði Reykjavíkur . . 6640,00 og þarf nú að greiða þessa skuldir. Ennfremur er árið 1915 áætlað lántaka að upphæð . . 70000,00 og hefir það lán ekki verið tekið enn þá. Er því nauðsynlegt að taka lán handa bæjarsjóði að upphæð ca. 475000 kr. Nefndin leggur til að ákveðið verði að taka lán handa bæjarsjóði, að nafnverði allt að

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

500 000 kr. Væntir nefndin þess að geta lagt ákveðið lánstilboð fyrir bæjarstjórnina við 2. umræðu málsins.

3. Út af erindi ekkjufrúar Sigríðar H. Jensson um útsvar látins manns hennar, leggur nefndin til að síðari helmingur útsvarsins fyrir 1915, að upphæð 90 kr., verði felldur burtu

N/1

4. Út af erindi Sig. Eggerts fyrv. ráðherra leggur nefndin til, að af útsvari hans fyrir 1915, sem var ákveðið 600 kr., verði 200 kr. felldar burtu.

N/1

Á fund vantaði Sighv. Bjarnason (ekki í bænum).

Fundi slitið

Jón Þorláksson. K. Zimsen.

✓

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1915, hinn 18. okt., var fundur haldinn í fjárhagsnefndinni.

1. Lagðir fram reikningar hafnarsjóðs 1913 með athugasemd endurskoðenda og svari reikningshaldara.

28/4 Tillaga til úrskurðar:
Athugasemdin sje til athugunar við endurskoðun hafnarsjóðsreikningsins fyrir 1914.

2. Út af málaleitun C. Trolle dags. 27. ág. viðvíkjandi útsvari hans fyrir yfirstandandi
N/1 ár leggur nefndin til að honum verði svarað á þá leið, að honum beri að greiða allt útsvarið, 1000 kr.

3. Lagt til að útsvar Haraldar Sigurðssonar
N/1 vjelstjóra á s/s Gullfoss fyrir árið 1914, að upphæð kr. 125,00, verði fellt burtu samkvæmt beiðni hans dags. 2. okt.

4. Lagt fram handrit L. H. Bjarnasonar próf. af lögum og reglugerðum kaupstaðarins m.m. Ákveðið að greiða honum 500 kr. fyrir handritið og kostar einnar prófarkar þegar það verður prentað.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

5. Nefndin athugaði tekjuhalla á reikningi bæjarsjóðsins 1914, til undirbúnings undir samningu áætlunar 1916.

Fleira gerðist ekki
Fundi slitið

K. Zimsen.
Sighvatur Bjarnason   Jón Þorláksson.

Ár 1915, hinn 27. okt. hélt fjárhagsnefndin fund á skrifstofu borgarstjóra. Var þá byrjað á samningu frumvarps til
Ft/1 fjárhagsáætlunar fyrir 1915. Síðan var sama starfi haldið áfram á fundum 30. okt., 1. og 2. nóv., og var þá lokið við frumvarpið og athugasemdir við það. Allir nefndarmenn mættu á fundunum.

K. Zimsen. Sighvatur Bjarnason Jón Þorláksson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1915, hinn 15. nóv., hjelt fjárhagsnefndin fund á skrifstofu borgarstjóra. Allir á fundi. Þetta gjörðist.

1. Kjartan Guðmundsson, Laugav. 16, sækir um eptirgjöf á 5 kr. af aukaútsvari sínu 1915, með því að hann hafi greitt það útsvar af atvinnu sinni í Neshreppi það ár. Nefndin mælir með þessu.

N/1

2. Nefndin leggur til að aukaútsvar Páls J. Torfasonar (100 kr.) fyrir 1915 verði fellt burtu, með því að hann mun ekki geta talist gjaldskyldur fyrir þetta ár.

N/1

Fundi slitið

K. Zimsen.

Sighvatur Bjarnason  Jón Þorláksson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1915, hinn 1. desbr., hjelt fjárhagsnefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

N/1 1. Erindi P. Petersens kvikmyndaleikhús-eiganda um burtfellingu á 3/4 hlutum aukaútsvars þess, er lagt var á hann persónulega árið 1914 virðist nefndinni ekki að rjett sje að taka til greina.

N/1 2. Út af erindi Bjarna Sighvatssonar um eptirgjöf á nokkrum hluta aukaútsvars fyrir 1914 vegna veikinda og dvalar á heilsuhæli erlendis leggur nefndin til, að 30 kr. af útsvarinu verði felldar burtu. Sighvatur Bjarnason greiddi ekki atkvæði um þennan lið.

N/4 3. Út af beiðni eigenda húseignarinnar „Norðurpóllinn" um eptirgjöf á gjaldi fyrir vatn eptir samningi, að upphæð 120 kr., fyrir 1910, leggur nefndin til, að vatnsskattur fyrir það ár verði innheimtur með sömu upphæð og fyrir yfirstandandi ár, kr. 26.68, en að hitt

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

verði eptirgefið.

4. Erindi Sigríðar Einarsdóttur um eptirgjöf á vatnsskatti fyrir húseignina hennar við fyrirhugaða framlengingu Grettisgötu vill nefndin taka til greina á þann hátt, að helmingur skattsins sje eptirgefinn meðan ekki er unnt að nota vatnsæðina að vetrinum. N/4

5. Nefndin leggur til að húseignin Litla-Steinsholt við Framnesveg verði numið burt af vatnsskattsskrá fyrir árin 1912-15 a. b. meðtöldum, með því að naumast verður litið svo á, sem húsið sje vatnsskattsskylt. N/4

J/1. 6. Lagt til að fellt verði burtu ógoldið salernahreinsunargjald af sömu húseign fyrir árið 1912, að upphæð kr. 3.75.

Fleira gerðist ekki

fundi slitið

K. Zimsen.

Jón Þorláksson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1916, hinn 14. janúar, hjelt fjárhagsnefndin fund á skrifstofu borgarstjóra. Þetta gerðist:

1. Ákveðið að leigja Hall. Hansen dynamithús bæjarins fyrst um sinn gegn 40 kr. árgjaldi, og sje hann auk þess skyldur til að afhenda ókeypis sprengiefni það, er bærinn kann að eiga geymt í húsinu, og ~~þessi ókeypis til~~ geri hann skil fyrir birgðunum um hver áramót.
2. Ákveðið að bjóða út að nýju vatnsmæla til vatnsveitunnar.
3. Út af erindi P. Christensens lyfsala dags. 14. des. f.á. um breytingu á skilyrðum þeim er bæjarstjórnin setti á fundi 2. des. fyrir leyfi til áframhalds kjallarabyggingar í gamla kirkjugarðinum, leggur nefndin til, að bæjarstjórnin svari á þá leið, að hún finni ekki ástæðu til að breyta áðurnefndum skilyrðum.
4. Ákveðið að fella burtu holræsisgjald
N/3 Halldórs Þórðarsonar, með því að nefndin lítur svo á að ~~hann~~ hann sje ekki gjaldskyldur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

eptir lögunum.

5. Erindi Jóns Jóhannssonar (dags. 5. jan.) um bæt-
N/3 felling holræsagjalds ~~trygt~~ götu, uppfundið
ekki ~~til~~ lagt til að sinnt verði.

6. Lagt til að fellt verði burtu útsvar Einars
N/1 Jóhannessonar fyrir 1915, að upphæð 10 kr.

7. Lagt til að fellt verði burtu 10 kr. af útsvari
N/1 Einars Pálssonar 1914, og 10 kr. af útsvari
hans 1915, með því að þessar upphæðir
hefur hann goldið í útsvar annarsstaðar.

8. Lagt til að felldar verði burtu 10 kr.
N/1 af útsvari Bjarna Símonarsonar, Laugav.
44, fyrir árið 1915, af sömu ástæðu sem
í 7. lið.

9. Lagt til að gefnar verði eptir síðari
N/1 helmingur af útsvari Kristins sál. Guð-
mundssonar, ~~sem er~~ fyrir árið 1915, að
upphæð kr. 17.50 (gjaldandi andaðist 16/7-15).

10. Var rætt um lántöku, og ákveðið að
R/9 halda fund aptur bráðlega út af því máli.

Fleira gerðist ekki

fundi slitið

Jón Þorláksson          K. Zimsen     Sveinn Björnsson [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1916, hinn 19. jan. hjelt fjárhagsnefndin fund á skrifstofu borgarstjóra. Var þá fyrir tekið:

N/1 1. Þori Jónsson, Kárastíg 5, fer fram á að fá endurgreiddar kr. 5.00 af aukaútsvari sínu fyrir 1915, með því að hann hafi goldið 5 kr. útsvar á Norðfirði, þar sem hann stundaði atvinnu um sumarið.

Með því að ekki eru sönnur færðar fyrir því að útsvarið hafi löglega verið lagt á gjaldandann á Norðfirði, leggur nefndin til að beiðnin verði synjað.

2. Magnús Magnússon sótari hefur verið veikur síðan 22. nóv., og má ekki enn þá ganga að vinnu. Hann sækir um að bæjarsjóður borgi aðstoð þá, sem hann verður að kaupa 3 fyrstu mánuði ársins 1916, og mælir nefndin með því að þessi aðstoð verði borguð eptir reikningi, allt að 90 kr. mánaðarlega í 3 mánuði

3. Konráð R. Konráðsson læknir á Eyrarbakka býðst með bréfi dags. 12. p.m. til að endur-
Fy/16 borga kaupstaðnum 200 kr. af framfærslu-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

eyri Geirs Konráðssonar bróður hans til 16 ára aldurs, sem nam alls 680 kr., gegn því að öll upphæðin sje strikuð út fyrir fullt og allt.

Nefndin leggur til að þessu tilboði sje tekið með þökkum.

R/9 4. Nefndin leggur til að bæjið verði 20 þús. kr. lán til þess að byggja vatnsgeymi á Rauðarárholti.

5. Í framhaldi af tillögu nefndarinnar á fundi 4. okt. f. á. um lántöku fyrir bæinn leggur nefndin til:

R/9 a. Að bæjarstjórnin taki lán í Veðdeild Landsbankans að upphæð 600000 króna til 40 ára. Verður það lán útborgað í veðdeildarbrjefum (bankavaxtabrjefum).

b. Gegn tryggingu í bankavaxtabrjefum að nafnverði 223000 kr. taki bæjarstjórnin lán í Landsbanka Íslands að upphæð 200000 kr.

c. Gegn tryggingu í bankavaxtabrjefum að ~~upp~~ nafnverði 334.000 kr. taki bæjarstjórnin lán í Íslandsbanka að upphæð 300000 kr.

Ennfremur leggur nefndin til, að bæjar-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

stjórnin feli fjárhagsnefndinni að taka lán þessi handa bæjarsjóði og undirskrifa skuldabrjefin fyrir hönd bæjarstjórnar.

Fleira gerðist ekki

Fundi slitið

Sighvatur Bjarnason  K. Zimsen  Jón Þorláksson.

Ár 1916, hinn 10. febr., hjelt fjárhagsnefndin fund á skrifst. borgarstjóra. Var þá fyrir tekið

1. Rætt um fyrirkomulag á innheimtu bæjargjalda. Ákvörðun frestað til að tala við mann um að vera við töltök.

2. Eptir undanfarnar umleitanir við stjórnir bankanna lýjer viðvíkjandi lántökum þeim, er samþyktar voru á fundi bstj. 20. f. m., leggur nefndin til: R/9

   1. Að nefnd ákvörðun bæjarstjórnarinnar sje felld úr gildi.

   2. Að bæjarstjórnin samþykki að

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

taka lán þau, er hjer greinir:

a. Víxillán til eins árs í senn í Landsbanka Íslands að upphæð 200 000 kr. gegn tryggingu í eignum og tekjum bæjarsjóðs.

R/19. b. Reikningslán í Íslandsbanka að upphæð 500 000 kr. gegn tryggingu í eignum og tekjum bæjarsjóðs. Af þessu láni greiðast reikningslán þau, sem bærinn hefur nú í Íslandsbanka, samtals 242 000 kr. að hámarki.

Ennfremur leggur nefndin til að bæjarstjórnin feli fjárhagsnefndinni að taka lán þessi handa bæjarsjóði, og undirskrifa skuldabrjef og víxil fyrir hönd bæjarstjórnar.

Fleira gjörðist ekki.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Sigurður Jónsson. Jón Ólafsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1916 hinn 28. febrúar hjelt fjárhagsnefndin fund á skrifstofu borgarstjóra. — Var þá fyrir tekið

1° Lagður fram undirrjettardómur í máli milli Sveins Jóns Einarssonar í Bráðræði og bæjarsjóðs, kveðinn upp 10. þ. m. Eru báðir málsaðilar dæmdir sýknir af kröfum og gagnkröfum hvors annars, en Sv. J. Einarsson dæmdur í 20 kr. málskostnað og í 10 kr. sekt fyrir óþarfa þrætugirni. Fjárhagsnefndin ákvað að áfrýja máli þessu til yfirdóms af hendi bæjarsjóðs, enda gat borgarstjóri þess, að Sv. J. Einarsson hefði þegar tekið út áfrýjunarstefnu af sinni hálfu.

2° Lagt fram erindi efnafræðings Ásg. Torfasonar þar sem hann býðst til að taka að sjer eptirlit með og rannsóknir á mjólk, sem

7/10 seld er hjer í bænum. — Var erindi þessu, ásamt fleiri erindum, sama efnis, vísað til fjárhagsnefndar á bæjarstjórnarfundi 17. þ. m. — Fjárhagsnefndin ákvað að fela borgarstjóra að leita nánari samninga við hjeðan efnafræðing um eptirlit með og rannsóknir á ymis-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

um öðrum fæðutegundum, er seldar eru
hjer í bæ og ástæða þykir að þurfa að hafa
sjerstakt eftirlit með.

3° Nefndin leggur til að breyting sú, á reglu-
gjörð fyrir mjólkursölu í Reykjavík 2. maí
N6 1912 sem staðfest var af stjórnarráði 19.
aktbr. 1913 verði feld úr gildi og lág-
mark fitu í nýmjólk þannig sett
3,25% eins og ákveðið var í reglugjörðinni.

Fundi slitið

K. Zimsen. Sighvatur Bjarnason. [illegible]

Ár 1916 hinn 3. apríl átti fjárhags-
nefndin fund með sjer á skrifstofu borgar-
stjóra. Þetta var gjört.

1° Lögð fram skrá frá bæjargjaldkera yfir ýmis ófáan-
N/1 leg bæjargjöld (aukaútsvör), að upphæð samtals
kr. 486.00. Fjárhagsnefndin leggur til að upphæð
þessi sje feld burt.

N/1 2° Nefndin leggur til að Jóni Jónssyni, Kárastíg 5

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þess gefnar eptir 5 kr. af aukaútsvari hans fyrir 1915 – í þetta sinn. –

3° Lagt fram erindi Jónu Ólafsdóttur, Njálsgötu 33 B um eptirgjöf á holræsagjaldi, að upphæð kr. 5.39. Nefndin telur að Jónu beri fullt skylda til að greiða gjald þetta og sjer eigi ástæðu til að mæla með því, að gjaldið sje fellt burt. –

N/3

4° Jón Ólafsson útflytjandi fer fram á eptirgjöf á aukaútsvari fyrir árin 1914 og 1915, að upphæð 240 kr samtals, er nýlega hafi verið tekið hjá honum lögtaki. – Nefndin ~~sjer~~ getur ekki lagt það til, að beiðni þessi sje tekin til greina. –

N/1

5° Sveinn Þórðarson, Óðinsgötu 3 fer fram á að fá eptirgjöf á salernisgjöldum, er hann eigi greidd frá fyrstu. – Nefndin getur með engu móti mælt með beiðni þessari.

N/5

6° Kristbjörg Einarsdóttir Litla-Skipholti fer fram á að sjer verði eptirgefið ógreidd salernisgjald sitt, sakir efnaleysis. – Nefndin leggur til að gjald þetta verði greitt fyrir hjeðan [illegible] af óvissum útgjöldum

N/5

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

7° Sveinn Sveinsson trésmiður fer fram á að vatnsskattur hans fyrir árið 1915, af húseigninni
N/4 Nº 14 í Bankastræti, verði færður niður um kr. 24.88. Nefndin getur ekki lagt það til, að beiðni þessi sje tekin til greina.

8° Lagðar fram reikningar frá Árna Einarssyni heilbrigðisfulltrúa og Hirti Hjartarsyni byggingafulltrúa, að upphæð 120 kr. fyrir að „ganga um bæinn og skoða húsakynni 1915 og 1916" — Nefndin telur það sjálfsagt að Hirti Hjartarsyni sje greiddur hans hluti af reikningnum 60 krón. en telur það hinsvegar efasamt að heilbrigðisfulltrúanum beri sjerstök þóknun fyrir þetta starf, getur því ekki lagt annað til hjer um en að það skuli borið undir álit bæjarstjórnar hvort honum skuli greiddur nokkur hluti af þessum reikningi.

9° Nefndin leggur til að Magnúsi Magnússyni, fyrv. götuverði, verði veittar 25 kr. á mánuði
R/8 í eftirlaun fyrir árið 1916 frá 1. þ. m. að telja. — Hinsvegar sjer nefndin ekki ástæðu til að gjöra neina tillögu um þókn

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

eptirlaun handa Magnúsi.

10° Borgarstjóri skýrði frá málaleitun þeirri við Ásgeir efnafræðing Torfason (sbr. fund nefndarinnar 28. febr. þ.á. tölul. 2). — Hafði téður efnafræðingur tjáð sig fúsan á að taka að sjer eptirlit með mjólk í bænum á þann
J/6 hátt, sem lýst er í brjefi hans 14. febr. þ.á. og ennfremur að framkvæma fyrir efnarannsóknir á matvælum o.fl., sem heilbrigðisnefnd eða borgarstjórn vilja fela honum. Fyrir starfa þennan áskilur hann sjer 60 kr. á mánuði, um 1 ár frá 1. maí þ.á. að telja. Leggur nefndin til að gengið sje að tilboði þessu.

Fundi slitið.

K. Zimsen. [illegible] [illegible]

Ár 1916 hinn 18. apríl átti fjárhagsnefndin fund með sjer á skrifstofu borgarstjóra. — Var þetta gjört:

1° Út af beiðni frá Sjúkrasamlagi Reykjavíkur um aukinn styrk úr bæjarsjóði ákveð
R/2 nefndin að leita frekari upplýsinga frá stjórn

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

samlagsins, eða að fá lánað fylgiskjöl við reikninginn 1915, með því að sumir liðir reiknings þessa eru nefndinni eigi fullljósir.

2° Jón Jónsson Lindargötu 14 fer fram á að fá eftirgjöf á ógreiddu aukaútsvari til bæjarsjóðs árin 1914 og 1915, samtals 15 kr. – Með hliðsjón til mjög svo örðugra heimilisástæðna á heimili umsækjanda ~~vill~~ leggur nefndin það til, að upphæð þessi verði eftirgefin.
N/1

3° Lagt til að Sveini Benjamín Sveinssyni á Stóra-Seli verði gefið eftir salernisgjald þess árin 1912, 1914 og 1915 alls 10 kr. – sakir þess hvernig kjör hagar til.
N/5

4° Jón Teitsson, Spítalastíg 8 fer fram á að fellt verði burt eða lækkað holræsisgjald af húsi hans. Leggur nefndin til að þessari beiðni sje synjað.
N/3

5° Lagt fram erindi frá ýmsum búendum við Njálsgötu um eftirgjöf á holræsisgjaldi. – Nefndinni finnst eigi unnt að sinna beiðni þessari.
N/3

Fundi slitið.

K. Zimsen. Sighvatur Bjarnason [signature]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1916 hinn 2. maí var fundur haldinn í fjárhagsnefnd á skrifstofu borg- N/3
arstjóra. — Þetta var gjört:

1° Erindi ~~Sjúkrasjóðs~~ Samlags Reykjavíkur um aukinn styrk. Jafnvel þó nefndin líti svo
B/2 á, að tillag bæjarsjóðs til félagsins (o: samlagsins) er áætlað var á fjárhagsáætluninni fyrir yfirstandandi ár sé eptir atvikum allríflegt, vill nefndin þó leggja það til, að bætt verði 300 kr. við styrk þenna, en væntir þess þá jafnframt að sem mestrar hagsýni sé gætt af stjórn samlagsins að því er greiðslu fyrir lækningahjálp og lyf snertir.

2° Erindi Rannveigar Gísladóttur prests-ekkju, Laugaveg 37 um eptirgjöf á sal-
N/5 ernisgjaldi fannst nefndinni eigi unnt að sinna.

3° Erindi Jóns Hafliðasonar Hverfisgötu 94a um eptirgjöf eða niðurfærslu á ógreiddu
N/1 aukaútsvari fannst nefndinni ekki næg ástæða til að taka til greina. N

4° Jónas Jónasson lögregluþjónn fer fram á

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að veita leyfi til undan að greiða holræsagjald af lóð sinni við Frammnesveg
N/3 N=19, en lóð þessi er bæði erfðafestu-land og óbygð lóð. – Nefndin lítur svo á, að þar, sem holræsi eru lögð í götu beri lóðareiganda að greiða fullt gjald af lengd lóðarinnar, hvort sem hún er erfðafestuland eða óbygð lóð, sbr. 2. gr. laga um gjöld til holræsa og gangstjetta í Reykjavík o. fl. 11. júlí 1911. – Leggur nefndin því til, að erindi Jónasar sje synjað. –

Fundi slitið

K. Zimsen. Sighvatur Bjarnason

Ár 1916 hinn 15. maí átti fjárhagsnefndin fund með sjer á skrifstofu borgarstjóra. – Var þetta gjört:

1° ~~(Skrifað að gjöra)~~ (Leitað samkomulags um) samning við Jónas lögregluþjón Jónsson um holræsagjald af
N/3 erfðafestulandi hans, Steinsholtsbletti við Frammnesveg. – Var Jónas mættur á fundinum, meðan rætt var um þetta mál og

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Tjáði hann sig samþykkan samnings-
frumvarpi því, er samþykkt var og lesið
upp á fundinum. — Leggur nefndin til að
slíkir samningar verði svo gjörðir við
aðra þá erfðafestulandi eigendur, er líkt
stendur á með.

J/1 2° Kristján Sæmundsson, Þórður Þorkelsson og Marteinn
Finnbogason fara fram á kauphækkun fyrir
salernishreinsun í þarfir bæjarins. — Nefndin
lítur svo á, að borgun sú er menn þessir
nú fá fyrir tjeða vinnu sje eftir atvikum
allrífleg, og getur ~~[illegible]~~ nefndin því ekki
þarft að mæla með kauphækkun að svo
komnu. —

N/3 3° Guðmundur Matthíasson, Lindargötu 7 fer fram
á eftirgjöf á ógreiddu holræsagjaldi. Nefndin
getur ekki mælt með eftirgjöf á gjaldi
þessu.

v/5 4° Erindi Einars Sigurðssonar Ívarsseli um
innleiðingu vatnsæða í hús hans sjer
nefndin sjer ekki fært að mæla með að
sinnt verði. —

Fundi

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

slitið.

K. Zimsen. Sighvatur Bjarnason. Jón Magnússon.

Ár 1916 hinn 7. júní átti fjárhagsnefndin fund með sjer á skrifstofu borgarstjóra. Þetta var gjört:

1° Útsvarskærur:

a. Benedikt Þórarinsson kaupmaður. Nefndin
N/1 leggur til að aukaútsvar hans verði lækkað úr 500 kr. ofaní 400 krónur

b. Hafliði Þorvaldsson verzlunarmaður. Með því kærandi flutti búferlum úr bænum ~~að~~
N/1 skömmu eptir ársbyrjun leggur nefndin til að útsvar hans, 40 kr. verði ~~flutt~~ fellt burt.

c. Jónathan Þorsteinsson kaupmaður. – Nefndin
N/1 leggur til að útsvar kæranda verði lækkað úr 1500 kr. ofaní 1200 kr.

2° Útaf erindi Jóhannesar Lindals Jónassonar um niðurfærslu á útsvari 1916 leggur nefndin
N/1 til að gjald hans 20 kr. verði burt

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

niður í 16 krón.

3° Útaf erindi Guðrúnar Ólafsdóttur Nýlendu-
götu 12, ekkju Sigurjóns sál. Sigurðssonar,
Af/1 er drukknaði síðast í aprílmán. síðastliðnum
leggur nefndin það til að útsvar dánar-
búsins verði lækkað úr 16 kr. ofaní
8 krónur.

4° Nefndin ákvað að hækka kaup Magnúsar
Björnssonar, cand. phil. aðstoðarmanns við
bæjarmælingarnar um 15 krón. á mánuði
(úr 85 kr. uppí 100 kr) frá 1. maí þ.á. til
næsta hausts. –

Á fund vantaði Thor Jensen

Fundi slitið

K. Zimsen. Sighvatur Bjarnason

Ár 1916 hinn 3. júlí átti fjárhagsnefndin
fund með sjer. – Þetta var gjört

1° Lögð fram bréf frá E. Rokstad (- á undir Elinfeld -)
þar sem farið er fram á niðurfærslu á auka-
Af/1 útsvari hans árið 1916. – Bréfið er dags. 5.
f. m., en barst bæjarstjóra að kvöldi 7. s. m.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

eftir að síðasti fjárhagsnefndarfundur var haldinn — Nefndin álítur að eigi sé unnt að sinna bæn þessari fyrir af þeim ástæðu, að hún kemur of seint

2° Lagt fram erindi frá ~~Tóbaksverslunar~~félagi Íslands

N7/11 þarsem beiðst er eftir endurgreiðslu á skatti er lagt hafi verið á félagið + árið 1916 — Með því að bera þetta eigi kunnugt bæjarstjórn fyrr en löngu eftir að kærufresturinn var liðinn, álítur nefndin að eigi sé unnt að sinna kærunni.

Fundi slitið

K. Zimsen. Sighvatur Bjarnason. [signature]

Ár 1916 hinn 4. september átti fjárhagsnefndin fund með sér. Var þetta gjört:

1° Lagðir fram reikningar yfir tekjur og gjöld

R/5 bæjarsjóðs 1915. — Borgarstjóri kveðst mundi gjöra skýringar og athugasemdir við reikning þennan, áður en hann yrði lagður fyrir bæjarstjórn

2° Lagt fram erindi Borghildar Jóhannsson bæjar-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

gjaldkera dags. 4. janúar þ. á. þar sem hann fer fram á að fá endurgreiðslu úr bæjarsjóði kr. 1316.00 er hann telur sig hafa goldið af launum sínum árin 1913 og 1914 til aðstoðarhjálpar við störf sín, sumpart sakir annríkis og vaxandi starfa við gjaldkerastörfin, og sumpart vegna veikinda gjaldkerans. — Nefndin telur það mjög sanngjarnt að bæjargjaldkeri fái fé þetta endurgreitt að öllu eða mestu leyti og leggur því til, að honum verði greiddar 1000 krónur af óvissum útgjöldum í þessu skyni.

3o Lögð fram skrá, samin af bæjargjaldkera, um ógreidd ófáanleg lausafjárgjöld árin 1908 - 1914. — Nefndin sér sér ekki annað fært en leggja það til, að gjöld þessi verði felld burt og numin úr eftirstöðvum bæjarsjóðs. —

4o Lögð fram ~~sótt~~ beiðni frá lögregluþjónum og næturvörðum bæjarins um launaviðbót, sakir dýrtíðar, og um ókeypis búninga — annan einkennisbúning til skyldu-[illegible] og yfirhafna og

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

rigningum, þessi veturinn. — Nefndin leggur
til að starfsmönnum þessum verði látnar
í tje nú í haust yfirhafnir og regn-
kápur og þar framvegis að veittar verði í þessu
skyni allt að 1200 krónur úr bæjarsjóði. (= 150 kr.
handa hverjum =).

5°— Á bæjarstjórnarfundi 20. júlí f. á. var vísað
til fasteignanefndar erindi landsímastjórans,
D/37 dags. 16. s. m. um ókeypis lóð undir
loftskeytastöð. Nefndin leggur til að bær-
inn láti í tje ókeypis lóð undir stöð
þessa, sunnan til á Melunum, þar vestan
Melavegarins. Lóðin sje að stærð 250 metrar
á lengd og 80 metrar á breidd. Þau skil-
yrði setji hún af bæjarins hálfu fyrir af-
hendingu lóðar þessarar að af henni sje
greitt venjulegt lóðargjald svo sem lög
standa til og að heimilt sje þeim Reykja-
víkurbæ að nota eða láta nota, til hvers
sem vera skal, þann hluta lóðar þessarar
± sem stöðin eigi þarf á að halda, enda komi þau afnot ekki
~~sem stöðin þarf~~ ± í bága við rekstur eða
afnot loftskeytastöðvarinnar, — þó þannig
að þetta sje gjört í samráði við landsí-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

símaafgjörðina og með samþykki hennar að því er hún byggingar snertir. Verði, á þennan hátt, eitthvað tekið af umræddri lóð frá landssímaafgjörðinni, lækkar lóðargjald loftskeytastöðvarinnar hlutfallslega. — Ef flytja þarf til eða breyta mannvirkjum loftskeytastöðvarinnar á svæði þessu, sakir mannvirkja er bæjarstjórn þarf að láta framkvæma á lóðinni, borgar landsímaafgjörðin þá breytingu.

Fundi slitið

K. Zimsen. Sighvatur Bjarnason

[signature]

Ár 1916 hinn 26. okt. hjelt fjárhagsnefndin fund á skrifstofu borgarstjóra. Var þetta gjört:

1° Lagt fram erindi frá Sigurði Pjeturssyni
D/41 Hangavaði þar sem hann fer fram á að fá 12 krón. á mánuði þess vegna á

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

bæjarþingstofunni, borgaratal og gjörðum og þá þessi borgun veitt frá 1. janúar 1916 að telja. — Nefndin leggur til að beiðni þessi sé tekin til greina

2° Ólafur Thorsteinsson, verkfræðingur fer fram á að fá ókeypis húsnæði til afnota við mælingastörf í þarfir bæjarins. Kveðst hann hafa greitt húspláss fyrir teikniborð sitt, pappíra og önnur áhöld og lagt þetta nýtt fyrir störfum sínum inni við. Til vara fer hann fram á 25 kr. húsaleigustyrk á mánuði, miðað við 1. nóvbr. 1916–30. apríl 1917. Nefndin ákvarðar að veita honum alls 150 króna húsaleigustyrk til útvegunar á betra vinnuherbergi.

3° Lagt var fram erindi frá frú Bríeti Bjarnhéðinsdóttur, bæjarfulltrúa er á síðasta bæjarstjórnarfundi var vísað til fjárhagsnefndar. — Sér nefndin sér ekki fært að mæla með fjárveitingu þeirri er frúin fer fram á. —

4. Byrjað var á samningu frumvarps til
R/7 fjárhagsáætlunar fyrir árið 1917. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Th. Jensen var fjarverandi

Fundi slitið

K. Zimsen. Sighvatur Bjarnason

R/7 Ár 1916 hinn 30. og hinn 31. oktbr. hjelt fjárhagsnefndin fund og var þá haldið áfram við að semja frumvarp til fjárhagsáætlunar fyrir árið 1917, og athugasemdir við frumvarpið. Var þeim starfi lokið á síðari fundinum.

Thor Jensen var fjarverandi á ferð erlendis

Fundi slitið

K. Zimsen. Sighvatur Bjarnason

Ár 1916 hinn 28. nóvbr. átti fjárhagsnefndin fund með sjer. Var þetta gjört:

1° Útaf beiðni bæjargjaldkera Borgþórs Jósepssonar um launahækkun leggur nefndin til að gjaldlið 3 d. í fjárhagsáætluninni verði

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

færðum eigi um 200 krónum

2° Nefndin mælir með beiðni Ólafs Björnssonar ritstjóra um styrk til að gefa út bæjarskrá

R/2 Reykjavíkur og leggur til að 300 króna fjár-veiting í þessu skyni sé samþykkt á fjár-hagsáætlun. —

Thor Jensen var ekki á fundi

Fundi slitið

K. Zimsen. Sighvatur Bjarnason

Ár 1916 hinn 4. desbr. hjelt fjár-hagsnefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta var gjört:

1° Lögð fram kæra frá Kristj. Ó. Skagfjörð yfir aukaútsvari, 100 krón., er á hann, lagt var með aukaniðurjöfnun síðastl. sumar.

N/1 Þó að nefndin sje ekki vel kunnug högum Kristj. Skagfjörð sýnist henni ekki ástæða til að leggja það til, ofan í úrskurð niður-jöfnunarnefndar, að gjald þetta verði fellt burt eða lækkað.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2. Nefndin ákvað að fara nú þegar til bæjargjaldkera og rannsaka sjóð hans og sjóðbækur

Thor Jensen vantaði á fund

Fundi slitið

K. Zimsen  Sighvatur Bjarnason

Ár 1916 hinn 30. des. var fundur haldinn í fjárhagsnefndinni á skrifstofu borgarstjóra. — Þetta var gjört

1. Lagðar fram athugasemdir við reikning bæjarsjóðs Reykjavíkur árið 1914 og samdar tillögur til úrskurðar við reikning þenna.

2. Lagðar fram athugasemdir við reikning yfir tekjur og gjöld hafnarsjóðs Reykjavíkur 1914. Samdar voru tillögur til úrskurðar við
R/5 reikning þenna. —

Annar af endurskoðunarmönnum bæjarins, Þorsteinn hagstofustjóri Þorsteinsson var mættur á fundinum, en vjek af fundi þegar hjer var komið

Þorst. Þorsteinsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3. Lagt var fram brjef frá bæjargjaldkera Borgþór Jósefssyni um húsaleiguhækkun, svo og aukna borgun fyrir ljós og eldsneyti. — Fjárhagsnefndin ákvað að fresta því fyrst um sinn að gjöra tillögu útaf erindi þessu.

Thor Jensen vantaði á fund.

Fleira eigi gjört.

Fundi slitið

K. Zimsen. Sighvatur Bjarnason

Ár 1917 hinn 31. Janúar hjelt fjárhagsnefndin fund á skrifstofu borgarstjóra. Þetta var gjört:

1º. Útaf erindi bæjargjaldkera Borgþórs Jósefssonar var ákveðið að borga honum fyrst um sinn 50 krón. á mán. fyrir húsaleigu, ræstingu, ljós og hita á skrifstofu hans.

2º Útaf erindi Helga Pjeturss(onar), dr. phil. um hækkun á eptirlaunum móður hans leggur nefndin það til að eptirlaun ekkju þessarar verði hækkuð úr 200 kr. upp í 300 kr. (25 kr. á mánuði) fyrir yfirstandandi ár.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3° Erindi Sesselju Sigvaldadóttur fv. yfirsetu-
konu um eftirlaun úr bæjarsjóði leggur nefndin
til að tekið verði til greina á þann hátt,
að henni verði veitt 100 kr. í eftirlaun fyrir
árið 1917.

Thor Jensen mætti ekki á fund-
inum

Frekara eigi gjört

Fundi slitið

K. Zimsen. Sighvatur Bjarnason

Ár 1917 hinn 13. febrúar kom fjár-
hagsnefndin saman á skrifstofu borgarstjóra.
Thor Jensen var ekki á fundi.

1° Lagður var fram reikningur yfir kostnað
við flutning á húsinu No 1 á Laugavegi.
Af reikningi þessum eru enn óborgaðar
kr. 5777.44, en svo hafði umsamist milli
húseiganda og borgarstjóra að húseigandinn
fengi eigi meira 5000 krónur og fengi þess utan
af hendi endurgjaldslaust lóðarræmuna fyrir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sunnan hœrað, sem tekin hefur verið til gatnabreikkunar. — Fjárhagsnefndin álítur að ekki sje unnt að komast hjá að greiða nefndum 5000 krónur.

2° Vegna fyrirsjáanlegra hækkunar á ýmsum útgjaldaliðum í fjárhagsáætluninni fyrir árið 1917, sakir kauphækkunar o. fl. vill fjárhagsnefndin skjóta því til bæjarstjórnarinnar hvort henni ekki þyki ástæða til, að útvega nú þegar heimild stjórnarráðsins til hækkunar á aukaútsvarsupphæð þeirri, sem ákveðin er í fjárhagsáætluninni. —

B/7.

Fundi slitið

K. Zimsen. Sighvatur Bjarnason

Ár 1917 hinn 22. febrúar kom fjárhagsnefndin saman á skrifstofu borgarstjóra. —
Thor Jensen mætti ekki á fundinum.
B/17 Fjárhagsnefndin tók til yfirvegunar tillögu þá sem kom fram á síðasta bæjarstjórnarfundi

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

um hækkun á aukaútsvarinu fyrir árið 1917 (sbr. fund nefndarinnar 13. þ. m. tölul. 2). – Nefndin fór á ný yfir fjárhagsáætlunina, lið fyrir lið, og komst að þeirri niðurstöðu að ekki myndi veita af, eins og nú horfir við, að hækka útsvörin um allt að 75000 krón. og vill því leggja til að sú ráðstöfun verði samþykkt. –

Fundi slitið

K. Zimsen. Sighvatur Bjarnason

Ár 1917 hinn 13. maí kom fjárhagsnefndin saman á skrifstofu borgarstjóra.

Thor Jensen var ekki á fundi.

Þetta var gjört:

1. Nefndin ákvað að leggja það til við bæjarstjórnina að taka allt að 40000 króna bráðabirgðalán, til 2 mánaða, til greiðslu útgjalda bæjarsjóðs. Lán þetta verði svo endurborgað

R/9

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þegar andvirðið sem að greiðast í næstu mánuðum. — Borgarstjóra er falið að taka lánið í öðrum hvorum bankanna. —

2°– Útaf erindi frá Matthíasi Sæmundssyni, Marteini Tómassyni og Magnúsi Símonarsyni

$^{8}/_{1}$ leggur nefndin til að kaup þessara manna fyrir salernahreinsun í bænum verði hækkað upp í 100 krón. á mánuði, til hvers þeirra, frá 1. þ. m. að telja. —

3°– Tekið var fyrir málið um dýrtíðaruppbót handa ýmsum starfsmönnum bæjarins. — Eftir nokkrar

$^{4}/_{2}$ umræður ákveðið nefndin að ~~hafa~~ eiga sameiginlegan fund með dýrtíðarnefnd bæjarins, við fyrstu hentugleika, til að gjöra fullnaðartillögur í þessu máli.

4°– Lagt fram erindi Árna Einarssonar um aukaútsvar Jónasar H. Jónssonar kjötmiðs, fyrir árin

$^{N}/_{1}$ 1914 og 1915. Nefndin lítur svo á, að einhig ástæða sé, hvi Jónasi eða hans konu hans í sam og vera að greiða útsvör þessi, samtals 41 krón., en vill þó, eftir atvikum, leggja það til að helmingur upphæðar þessarar verði eftirgefinn. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

5. D. Bernhöft beiðist þess framvegis að sá hluti kostnaðarins við gangstéttarlagninguna meðfram
N/7 lóð hans nr 2 í Bankastræti, sem bæjarsjóður hefir krafist af honum endurgjalds á, verði færður niður, með því að hann hafi eigi sjálfur afnot nema af nokkrum hluta lóðarinnar. – Nefndin leggur til að gjaldið verði fellt burt fyrir þann hluta lóðarinnar sem liggur fyrir neðan inngang að íbúðarhúsi hans. –

Fundi slitið

K. Zimsen. Sighvatur Bjarnason

Ár 1917 hinn 17. apríl átti fjárhagsnefndin fund með sjer á skrifstofu borgarstjóra.
Þetta var gjört:
1°. ~~Það~~ Nefndin leggur til að kennurum barnaskólans sje nú borguð dýrtíðaruppbót
4/2 fyrir ~~árs~~ fyrsta ársfjórðung 1917 eftir sömu reglum og fylgt var 1916, miðað við launin það ár. – Frestað að taka ákvörðun um dýrtíðaruppbót annara starfsmanna bæjarins

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2° Lagt fram erindi frá Ólafi Þorsteinssyni verk-fræðing þar sem hann fer fram á ~~áhald~~ áfram-haldandi hlutfallsuppbót frá 1. maí næstk. að telja (Str. Fjárhagsnefndarfund 26. okt. f. á. tölul. 2). — Nefndin ~~leggur til~~ áformar að honum ~~verði~~ skuli veitt ca. 15 kr. á mán. frá 1. maí — 1. nóvbr. næstk.

3° Jóni Sæmundssyni, Bergstaðastræti 23 fer fram á eftirgjöf á aukaútsvari fyrir árin 1913-16, alls 64 kr.

N/1 Nefndin vill ekki leggja á móti eftirgjöf þessari, ef fátækranefnd mælir með því, að gjaldið verði gefið eftir.

4° Lagt fram erindi frá Jakob Möller ritstjóra, er falar kaup á húseigninni № 25 við Þing-holtsstræti (gamla sjúkrahúsinu) fyrir 22000 kr.

R/10 Nefndin leggur til að húseign þessi verði seld umsækjanda — eða öðrum ef hann gengur frá — fyrir verð það er óvilhallir dóm-kvaddir menn álíta hæfilegt. — Þó eigi sölu-verð eigi lægra en 25000 krónur.

Þór Jensen vantaði á fund

Fundi slitið

K. Zimsen.

Sighvatur Bjarnason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1907 hinn 6. júní kom fátækranefnd saman á skrifstofu borgarstjóra. —

Thor Jensen vantaði á fundinn.

Þetta var gjört:

1° Rætt um lántöku handa bænum í því skyni að kaupa nokkurn forða af rúg-
R/9. mjöli, allt að 600 sekkjum, og af hrís-grjónum. — Samþykkt að fara fram á að heimild fái bæjarstjórn til lántöku í þessu skyni, allt að 5000 krón. — Sé heimildin veitt borgarstjóra. —

2° Lagður fram reikningur frá Matvælanefnd Reykjavíkur fyrir ~~annað~~ mánaðarstarf hennar
11/7 í maímánuði, að upphæð 672 krónur. Nefndin leggur til að upphæð þessi verði til bráðabirgða greidd úr bæjarsjóði, en að tafarlaust verði krafist endurgjalds frá landssjóði bæði á þessum og öðrum kostnaði við matvælaúthlutunina.

3. Útsvarskærur:

N/1 a. Þórarinn Þorsteinsson, Vesturgötu 32. Nefndin

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

leggur til að útsvar hans fyrir 1917; 20 kr. verði þellt hent. –

Sami maður fer fram á eftirgjöf á hálfu útsvari 1916, 10 krónur, vegna veikinda – Nefndin leggur til að einnig þetta gjald verði eftirgefið –

Kristján Halldórsson, Grettisgötu 51. Nefndin leggur til að útsvar þessa manns fyrir árið 1917 verði lækkað úr 20 krónum, ofan í 10 krónur

Guðmundur Helgason Vitastíg 15 kærir yfir útsvari sínu, að upphæð 70 krónur, og hann óskar þess niður í 30 krónur – Nefndin sjer ekki næga ástæðu til að taka beiðni hans til greina, enda virðist hann ekki að hafa kært fyrir niðurjöfnunarnefnd.

Aðalsteinn Pálsson, skipstjóri í Ingólfi Arnarsyni fer fram á að útsvar sitt, sem er að upphæð 900 krónur verði þess niður um helming. – Þessa beiðni finnst nefndinni ekki ástæða til að taka til greina enda hefur hann heldur ekki kært fyrir niðurjöfnunarnefnd –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

e. S. Sveinsson, umboðsmaður A. Guðmundssonar í Leith fer fram á niðurfærslu á 3000 kr.
N/1 útsvari í 1500–2000 krónur. – Eigi fannst nefndinni nægt ástæða til að taka þessa beiðni til greina. –

f. Guðmundur Thorsteinsson, Njálsgötu 40c. – –
N/1 Nefndin vill, eftir ástæðum leggja það til að útsvar þessa manns verði lækkað lítið eitt, t.d. um 25 krónur

g. Einar Hildibrandsson, Hverfisbrautartúg 23.
N/1 Nefndin getur ekki mælt með því að útsvar þessa manns verði fært niður

h. H. S. Harrison, kaupmaður á Laugavegi. –
N/1 Eigi sýn nefndinni ástæðu fyrir það, þurfi að leggja það til að útsvar það, sem lagt er á hann yfir verði fært niður. –

Fundi slitið

K. Zimsen.

Sighvatur Bjarnason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1917 hinn 19. júní hélt
fjárhagsnefndin fund á skrifstofu borgarstjóra
1° Frá nefndinni lágu tillögur dýrtíðar-
4/2 nefndar, af fundi hennar í dag, um dýrtíðar-
uppbót handa starfsmönnum bæjarins. – Fjár-
hagsnefndin fellst að öllu leyti á tillögur
þessar.
2° Nefndin fellst einnig á tillögur dýrtíðar-
nefndar á sama fundi um lántöku handa
bænum til matvörukaupa.
Thor Jensen var fjarverandi

Fundi slitið

K. Zimsen. Sighvatur Bjarnason

Ár 1917 hinn 4. júlí kom fjárhags-
nefndin saman á fund á skrifstofu borgar-
stjóra. – Var þetta gjört.
1° Lagt fram tilboð frá Karl Hjörtþórs-
syni, Breiðabóli um að selja bænum
D/47 Lóðarmáladil áraust tilheyrandi mælingargjald
fyrir 30000 krónur. – en bænum skylt forkaups-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

rjett á ákveðnum fjelögum. — Nefndin leggur til að bærinn verði ekki forkaupsrjettar eins með þessum kjörum. —

2° Útaf erindi Magn. Magnússonar, fv. sýslum. var lagt til að bærinn veiti greiddar eftirlaunastyrkinn áfram og sje styrkurinn þessi fyrst um sinn 10 kr. á mánuði frá 1. þ. m. að reikna. —

3° Lagt fram erindi frá Sálarkjallaranum þar sem farið er fram á styrk, annaðhvort árlegan (í 5 ár) eða í eitt sinn fyrir öll úr bæjarsjóði handa gistihúsi hersins hjer í bænum. — Nefndin er því mjög hlynnt að styðja slíkt gistihús, en getur þó ekki lagt til, að það verði veitt í þessu skyni á þessu ári, en að bæjarstjórn veiti skýrð (eitt hvert) tillit til beiðni þessarar þegar gjörð er fjárhagsáætlun bæjarins fyrir 1918. —

Thor Jensen var fjarverandi

Fundi slitið

K. Zimsen.   Sighvatur Bjarnason

R/2 (margin, beside item 3)

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1917 hinn 16. júlí átti fjárhagsnefndin fund með sjer á skrifstofu borgarstjóra. Var þetta gjört

1° Útaf erindi frá Elínu Stephensen landshöfðingjafrú ~~um~~ eptirgjöf á aukaútsvari. Mælir nefndin með því, að hálft gjaldið fyrir 1917, kr. 187.50 verði fellt burt.

4/1 Stephensen landshöfðingja leggur nefndin til að hálft gjaldið fyrir 1917, kr. 187.50 verði fellt burt –

2° Formaður dýraverndunarfjelags Íslands fer fram á að bæjarstjórnin afhendi dýraverndunarfjelaginu allt að 6000 fjálna lóð af lóðareigendum austan Barónsstígs á svæðinu milli Grettisgötu og Njálsgötu og að bæjarstjórnin geri fjelaginu kost á að kaupa sæluhúsið í Gróðrarstöðinni fyrir austan Skólavörðuholtið með tilheyrandi lóð fyrir sama verð og hún gaf fyrir húsið – Nefndin mælir með sölu á sæluhúsinu en sjer enginn tök á að taka beiðnina til greina að öðru leyti –

D/56

Fleira gjördist ekki.

Thor Jensen var ekki á fundi

Fundi slitið

K. Zimsen. Sighvatur Bjarnason

Ár 1917 hinn 31. júlí kom fjárhags-nefnd saman á fund á skrifstofu borgar-stjóra. — Thor Jensen var fjarverandi.

Þetta gjörðist:

1° Nefndin leggur til að eftirlaun Gvöldar ljósmóður Sigurðsson verði ákveðin 1200 krónur á ári frá 1. janúar 1918 að telja.

2° Eftir nánari upplýsingum sem nefndin hefir aflað sjer um heilsufar og hagi Magnúsar Magnússonar fv. kaupm. leggur nefndin til, að styrkur sá honum hann sem ræðir um í fundargjörð nefndarinnar 4. þ. m (tölul. 2) verði hækkaður úr 10 kr. upp í 15 kr. á mánuði.

Fleira gjörðist ekki.

Fundi slitið

K. Zimsen. Sighvatur Jónsson

Ár 1917 hinn 14. septbr. átti fjárhags-nefndin fund með sjer á skrifstofu borgar-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Stjórn. –

Thor Jensen var ekki á fundi

Þetta var gjört

1° Rætt um nauðsyn á að taka fast lán handa bæjarsjóði til greiðslu á andvirði Bjarnaborgar, Sjávarborgar, Gasstöðvarinnar (nýleggingunni utan húsi-

R/9 nauðsynlegrar), Sorphreinsunar o. fl. – Hafa heimildir þær, sem bæjarstjórnin fengið hefur, að miklu leyti verið til slíkra lántöku enn ekki verið notaðar. – Nefndin ákvað að taka allt að 180 þúsund króna veðdeildarlán í veðdeild Landsbankans, ef slíkt lán fæst sem nefndin telur sjálfsagt. – En með því ekki fengi tiltök að framkvæma lántöku þessa fyr en í októb. mán. næstk. en brýn þörf er hinsvegar á fé til útgjaldagreiðslu næstu daga telur nefndin nauðsyn á bráðabirgðalántöku til eins eða tveggja mánaða, og má slíkt bráðabirgðalán eigi vera lægra en 80–100 þúsund krónum.

2° Út af erindi Vega eftirlitsmanns viðgerðinga ~~beiðni~~ ákvað nefndin ~~til~~ að veita honum 60 kr. á mánuði frá 1. nóvbr. 1917 – 30. apríl 1918 til greiðslu á húsaleigu fyrir teiknistofu með

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Gjört og lesið.
Fundi slitið

K. Zimsen.    Sighvatur Bjarnason

Ár 1917 hinn 16. oktbr. hjelt fjárhagsnefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.
Thor Jensen var ekki á fundi.

1° Nefndin leggur til að borgarstjóra verði falið að annast um viðdeildarlántöku þá (230 þús. krónur) sem samþykkt var á bæjarstjórnarfundi 4 þ. m. og gefa út skuldabrjef fyrir láninu fyrir hönd bæjarstjórnar.

2° Lagt fram erindi Jörgens Magnússonar tjörusmiðs um ~~sat~~ skaðabætur útaf veikindum eða heilsuspilli er hann hafi orðið fyrir við slökkviliðsstörf. Nefndin fellst að öllu leyti á álit og tillögur brunamálanefndar þessu máli viðvíkjandi á fundi hennar 17. þ. m. (tölul. 2). Leggur nefndin til að fje það er Jörgen kann að verða dæmt verði tekið af óvissum útgjöldum.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3° Nefndin vill, eptir atvikum, fallast á þá tillögu Fátækranefndar á fundi hennar 11. þ.m. (Aðalf. 29) að veita 3620 krónum úr bæjarsjóði til ellistyrktarsjóðs. — Vill nefndin skoða þetta sem dýrtíðarráðstöfun. —

4° Sýslumaður Gullbringu og Kjósarsýslu sendir erindi
9/2 Þórði Bjarnasyni í Gröf um greiðslu aukins kostnaðar við útgáfu á Markaskrá fyrir Gullbr. og Kjósarsýslu, Hafnarfjörð og Rvík. Talið svo til að aukakostnaður þessi eigi, að því er Reykjavík snertir, kr. 75,25. Leggur nefndin til að þessi upphæð verði greidd af óvissum útgjöldum. —

5° Lagt fram erindi fiskiveiðafjelagsins Haukur um endurgjald á aukaútsvari C. L. Hjort skip-
N/1. stjóra fyrir árið 1916. — Nefndin getur með engu móti mælt með að erindi þessu sje sinnt. —

6° Nefndin leggur til að helmingur af aukaútsvari
N/1 Gísla Jónssonar áður kaupmanns á Bárugötu 8 verði fellt niður vegna veikinda. Gjaldið var alls 50 krón.

7. Einnig leggur nefndin til að síðari hluta
N/1 af aukaútsvari Jónasar Hannessonar, Bræðraborgar-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

stg (Rauðagerðisins) fyrir yfirstandandi ár, alls 18 kr., verði felt niður vegna veikinda.

Fundi slitið

K. Zimsen.        Sighvatur Bjarnason

Ár 1917 hinn 13. nóvbr. átti fjárhagsnefndin fundi með sér á skrifstofu borgarstjóra til að semja áætlun um tekjur og gjöld Reykjavíkur kaupstaðar fyrir árið 1918. – Ennfremur átti nefndin fund með sér að morgni 14. s. m. og var þá lokið við að semja fjárhagsáætlunina. –

Á síðastnefndum fundi var þetta ennfremur gjört:

1° Lagt fram erindi frá Ólafi Þorsteinssyni vélfræðing um launaviðbót fyrir mælingu á bæjarlóðum. – Nefndin vill sinna erindi Ólafs á þann veg, að hann fái 50 aura hækkun fyrir hverja lóðarteikningu frá bænum, sem dýrtíðaruppbót.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2° Frú Maria Septimus Þórðarson fer fram á að aukaútsvar sitt fyrir síðari helming yfirstand-andi árs verði numið burt með því að

N/i hún sé hætt við verslun. — Nefndin leggur til að útsvarshelmingur þessi verði lækkað-ur úr 35 kr. ofan í 10 krónur.

Thor Jensen vantaði á alla þessa 3 fundi.

Fundi slitið

K. Zimsen. Sighvatur Bjarnason

Ár 1917 hinn 27. nóvbr. kom fjárhags-nefndin saman á fund á skrifstofu borgar-stjóra. Nefndin tók til íhugunar breytingartil-lögur þær, við fjárhagsáætlun bæjarins árið 1918 er borgarstjóra höfðu borist og tók afstöðu gagnvart breytingartillögum þeim. — Nefndin gjörði einnig sjálf nokkrar breytingartillögur við áætlunina.

Fleira ekki gjört.

Fundi slitið

K. Zimsen. Sighvatur Bjarnason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1918 hinn 2. janúar kom fjárhagsnefndin saman á fund á skrifstofu borgarstjóra. Þetta var gjört:

1° Lagt fram erindi frá gjaldkera Hirtabandins, Sigurbjörgu Þorláksdóttur kennslukonu, þar sem farið er fram á styrk handa félaginu,
R/2 4–500 krónur til jólagjafa handa fátæklingum bæjarins. – Lagt til að veittar verði allt að 300 krónur af því fje sem veitt er í gjald. 24 fjárhagsáætlunarinnar.

2° Þór Jensen vantaði á fund.

Fleira eigi gjört

Fundi slitið

K. Zimsen. Sighvatur Bjarnason

Ár 1918 hinn 15. janúar kom fjárhagsnefndin saman á fund á skrifstofu borgarstjóra. Á fundinum gjörðist það er hjer segir:

1° Skrifari bæjargjaldkera, Gísli Kjartansson sækir um dýrtíðaruppbót fyrir árið 1917. – Nefndin leggur til að honum verði veittar 500 í þetta skipti. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2° Kristjón Sæmundsson, salernahreinsunarmaður, er slasaðist við þá atvinnu í síðastliðnum nóvembermánuði fer fram á að fá að halda óskertum launum sínum fyrst um sinn þó hann enn eigi geti og hafi eigi síðan hann
J/i slasaðist getað gegnt þeim störfum. Nefndin leggur til að beiðandi haldi fullum launum til febrúarmánaðarloka þó sé það gjört að skilyrði að hann taki aftur við starfinu jafnskjótt og heilsa hans leyfir.

3° Borgarstjóri skýrði frá að kostnaður við einangrun taugaveikissjúklinga á franska
J/ii spítalanum hefði í sumar á tímabilinu frá 24. apríl til 31. júlí síðastl. hefði alls numið kr. 4147.03; hefði allt fé þetta verið greitt til bráðabirgða úr bæjarsjóði. – Sjúklingar voru alls 14, legudagar 554 verður því kostnaðurinn við hvern sjúkling kr. 7.49 fyrir hvern legudag. – Lagt er til að eigi verði krafizt hærri borgunar af sjúklingunum, þeim er eigi eru á sveitarframfæri en 3 kr. fyrir hvern legudag, og 2/3 hluta kostnaðar af þurfalingum annara sveita. –

[illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

eigi gjört

Fundi slitið

K. Zimsen. Sighvatur Bjarnason

Ár 1918 hinn 15. febrúar hjelt fjárhagsnefndin fund á skrifstofu borgarstjóra. — Var gjört það er hjer segir:

1° Lagður fram reikningur frá bæjargjaldkeranum yfir húsaleigu, ljós, hita og ræstingu árið 1917, að upphæð alls kr. 973.16. Eigi reikningur þessi hærri en áður var greidd, 50 kr. á mán., eða alls 600 kr. (sbr. fund 31. jan. f. á. tölul. 1). Nefndin ákvað að greiða af eptirstöðvunum reikningsins kr. 313.16, en þar húsaleigan frá því gjaldkerinn annar verður í 35 kr. á mán. (úr 40 kr.).

D/40 2° Utanáskrift erindi frá framkvæmdarstjóra fiskiveiðafjelagsins "Ægir" viðvíkjandi leigu og leigumála á "Hafnarborgareigninni" hjer í bæ leggur fjárhagsnefndin, eptir ástæðum, ekkert til, að á það verði fallist að þeir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Lithu, veiðafjelag greiði í leigu fyrir nefnda eyju 10500 krón. fyrir árið 1917 – og eigi sé uppkveðið greiða eftirgr. en 8000 krónur um árið, árin 1918 og 1919. –

Frekara eigi gjört
Fundi slitið

J. Zimsen. Sighvatur Bjarnason

Ár 1918, hinn 1. mars, hélt ~~fasteigna~~ fjárhags nefndin fund á skrifstofu borgarstjóra. Nefnd var kosin á fundi bæjarstjórnar 21. f. m. og voru kosnir auk borgarstjóra Sighvatur Bjarnason og Guðmundur Brynjólfsson.

1. Ákveðið að greiða Elku Björnsdóttur 30 kr. á mánuði fyrir ræstingu á slökkvistöðinni frá 1. janúar þ. á. að telja, og verður talin til útgjalda á gjaldlið 16 e.
2. Borgarstjóri tilkynti að Benedikt

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jónsson fyrv. kótari geti ekki komist af með eftirlaunum sínum, 75 kr. á mánuði. Nefndin leggur til að honum verði greiddar 100 kr. á mánuði frá 1. janúar þ. á. að telja, svo hann þurfi ekki að leita sveitarstyrks.

3. ~~Utafrennsl~~ út af beiðni bæjargjaldkerans ákvað nefndin að greiða honum
c/1
40 kr. á mánuð ~~..~~ í leigu fyrir skrifstofu hans, auk ræstingar fyrir yfirstandandi ár.

4. Lagt fram bréf Sjúkrasamlagsins dagsett 25. f. m., þar sem skýrt er frá
R/2
því, að samlagsstjórninni hafi ekki tekist að ráða sérstakan lækni fyrir Sjúkrasamlagið, en muni hinsvegar geta tekist að samið ~~við~~ við læknafélagið um ákveðna borgun fyrir læknishjálp handa samlagsmönnum og fer samlagsstjórnin fram á að styrkurinn úr bæjarsjóði verði greiddur samlaginu þó

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

skilyrði bæjarstjórnarinnar, er hún setti fyrir fjárveitingunni, sé ekki að öllu fullnægt.
Nefndin leggur til að bæjarstjórnin heimili að samlaginu verði greiddur þessi styrkur, ef samningar takast milli þess og lækna félagsins, á þeim grundvelli, sem getið er um í bréfi samlagsstjórnarinnar (dags. 25. f. m.).
Fleira gjörðist ekki.

Knud Zimsen. Sigh. Jónsson ... Guðmundur Björnsson ...

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1918, hinn 20. mars hélt fjárhagsnefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gjörðist:

1. Einar Einarsson, Hverfisgötu 72 og Alexander Jóhannesson, Klapparstíg 1c höfðu ~~kært~~ ~~yfir~~ farið fram á niðurfellu á aukaútsvari sínu fyrir árið 1917, og hafði Niðurjöfnunarnefnd hafnt erindinu til meðferðar, og leggur til að útsvar Einars Einarssonar verði fært úr 250 kr. í 50 kr. og Alexanders úr 350 kr. í 150 kr.

N/i

Fjárhagsnefndin fellst á tillögur þessar.

2. Út af erindi Þorvaldar Björnssonar um uppbót á eftirlaunum sínum vegna dýrtíðar, leggur nefndin til, að honum verði veitt 400 kr. viðbót við eftirlaun sín fyrir 1918 vegna dýrtíðar.

3. Rætt um samning við landsstjórnina viðvíkjandi landsspítalalóðinni, og sérstaklega um kaup á Grænuborgarbletti, og telur nefndin þess gerist, til athugunar fyrir bæjarstjórnina

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að hún lítur svo á, sem í heimildi
þeirri er henni var gefinn á fundi
bæjarstjórnar 21. f. m., tölulið 10, felist
umboð til að gjöra út um kaup
á Grænuborgarbletti fyrir hönd bæjarsjóðs.

Fleira gjörðist ekki.

K. Zimsen. Sighvatur Bjarnason
Jörundur Brynjólfsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1918, hinn 16. apríl, hélt fjárhags-nefndin fund á skrifstofu borgar-stjóra.

1. Tekin fyrir umsókn Hjartar Þorsteins-sonar um bæjarverkfræðingsstöðuna. Veganefndin hefir lofað þetta erindi til meðferðar og gjört þar tillögur um, og felst fjárhagsnefndin á tillögu hennar, að því viðbættu að hann taki nú þegar við starfinu.

2. Pétur Lárusson sækir um 50 % dýrtíðar-uppbót fyrir árið 1917 á launum þeim er hann hefir fyrir ritarastarfann í bæjarstjórn, og óskir þess ennfremur að hann fái 10 kr. fyrir hvern fund frá síðustu áramótum að telja.

Nefndin ~~leggur til~~ ákveður, að honum verði greiddar 10 kr. fyrir hvern fund frá síðustu áramótum og að honum verði greiddar 65 kr. viðbót við ritara-laun hans fyrir árið 1917.

Fleira gjörðist ekki.

K. Zimsen. Sighvatur Bjarnason Jörundur Brynjólfsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1918, hinn 18. júní, hélt fjár-
hagsnefndin fund á skrifstofu
borgarstjóra.

Þetta gjörðist:

1. Lögð fram áætlun til athugunar
4/. yfir kostnað við holræsagjörð
í Tjarnargötu og Vonarstræti, samkv.
ósk síðasta reglulegs bæjarstjórnar-
fundar. Þó að nefndin sé þeirrar
skoðunar að ætla~~ð~~, ætti fé á fjárhags
áætlun fyrir slíkar framkvæmdir
sem þessar, þá vill nefndin þó
ekki leggja á móti því að í þetta
verði ráðist og leggur því til að
þessi fjárveiting sé samþykkt.

2. Ólafur Þorsteinsson verkfr. óskir
4/. að fá 25 kr. á mánuði frá 1. maí til 30. sept. þ. á.
fyrir kostnað við teiknistofu.
Nefndin ~~leggur til~~ ákvað, að honum verði veittur
þessi húsaleigustyrkur.

3. Lögð fram kæru frá Benedikt S.
Þórarinssyni kaupmanni yfir auka-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

útsvari hans fyrir árið 1918.
N/i Fer hann þess á leit að auka útsvar sitt sé fært niður í 160 kr. (úr 500 kr.).
Nefndin leggur til að útsvarið sé lækkað í 350 kr.
4. Hjört. Magnússon Barónsstig 12 óskar eftir að auka útsvar sitt verði lækkað úr 35 kr.
N/i niður í sem svarar 10–12 kr.
Nefndin leggur til að leitað verði álits fátækranefndar um erindi þetta, sakir öflunar upplýsinga
5. Magnús Þorkelsson Steinsholti óskar eftir að útsvar sitt verði lækkað í
N/i 30–40 kr. úr 60 kr.
Nefndin sér sér ekki fært sinna málaleitan þessari.
6. Tómas Guðmundsson Hverfisg. 70
óskar eftir eftirgjöf á síðari helming útsvars 1917, Hafði honum verið
N/i gjört að greiða 70 kr. útsvar og hefir hann greitt kr. 35.00. Nefndin frestar málinu
Fulltrúi borgarstjóra mætti á fundinum, borgarstjóri fjarverandi sakir lasleika.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fleira ekki gjört.
Fundi slitið

Ólafur Lárusson
Sighvatur Bjarnason Guðmundur Brynjólfsson. ✓

Árið 1918, hinn 2. júlí, hélt fjárhagsnefnd fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gjörðist:

1. Jón Sigurðsson umboðssali kærir útsvar sitt og fer þess á leit við
N/i bæjarstjórn að hún lækki það að verulegum mun. Nefndin ákveður að leita álits niðurjöfnunarnefndar um þessa kæru.

2. Lögð fram tilkynning um að landsverslunin muni ekki greiða aukaútsvar
N/i það er henni var ~~gjört~~ ákveðið, ~~að greiða~~ árið áður.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3. Konsúll A. Courmont fer þess á leit við bæjarstjórn að hún undanþiggi franska spítalann frá bæjargjöldum fyrir not þau er bæinn hefir af húsinu.
R/8 Gjöld þessi eru um 150 kr. á ári.
Nefndin getur ekki fallist á að veita eftirgjöf á lögboðnum gjöldum, en felur borgarstjóra að hækka leiguna, sem þessu svarar.

4. Lagður fram reikningur yfir tekjur og gjöld hafnarsjóðs árið 1915, á samt reikningi yfir bygginga hafnarinnar frá 1906 til 1915 og efnahagsreikningi hafnarsjóðs 31. des. 1915.
x/4 Endurskoðendur hafa útaf á reikningunum og ekkert fundið við hann að athuga, og leggur nefndin til að hann verði samþyktur.

5. Lagður fram reikningur yfir tekjur og gjöld hafnarsjóðs árið 1916 með

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

athugasemdum endurskoðenda.
Athugasemdinnar gefa ekki til efni
x/4 til úrskurðar að öðru leyti en því
að innheimta beri 60 kr. fyrir
flutning á mótorbátnum Elliða,
og leggur nefndin til að reikningurinn
verði þannig samþyktur.
6. Lagður fram reikningur hins
eldri hafnarsjóðs 1916, reikningur
x/4 yfir byggingu hafnarinnar 1916 og
efnahagsreikningur hafnarsjóðs
31. des. 1916.
Endurskoðendur hafa ekkert fundið
að athuga við reikninga þessa, og
leggur nefndin til að þeir verði samþyktir.
7. Út af ályktun veganefndar 29. f. m.
D/29 um hlaðbyggingu, lætur fjárhagsnefndin
þess getið að hún sé þeirri tillögu
meðmælt.
Fleira ekki gjört.
Fundi slitið
K. Zimsen. Sighvatsson J. Þorláksson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1918, hinn 16. júlí, hélt fjárhagsnefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.
Á fundinum mættu Þorsteinn Þorsteinsson hagstofustjóri endurskoðandi bæjarreikninganna Pétur Lárusson mætti ekki.
Þetta gjörðist:
Lagður fram reikningur bæjarsjóðs fyrir árið 1915 ásamt athugasemdum endurskoðenda og svörum bæjargjaldkera við þeim. (fyrir lekgjör og gjöld)
Samþykktar tillögur til úrskurðar.
Fleira ekki gjört.

R/5

K. Zimsen
Sighvatur Bjarnason
Þorst. Þorsteinsson
Jörundur Brynjólfsson

Ár 1918 hinn 27. júlí var fundur haldinn í fjárhagsnefndinni á skrifstofu borgarstjóra. Þetta var gjört.
1. Rætt um endurbætur á Slökkviliðsturninum og fje til þess (sbr. fund bæjarstjórnar 18. þ. m. tölul. 3). — Fjárhagsnefndin er því meðmælt

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að nauðsynlegt sé ekki veitt úr bæjarsjóði,
2/1 Til aðalviðgjörðar á slökkviliðshúsinu, svo sem ~~brunamálanefnd~~ fasteignanefnd hefur lagt til, þó að því áskildu, að fjárveiting þessi ekki teljist inni í fjárhagsáætluninni fyrir næsta ár. —

2° Rætt var um fjárhag bæjarins yfirleitt. — Nefndinni er það ljóst, að gjöld bæjarins á yfirstandandi ári fara á ýmsum liðum mjög langt fram úr áætlun, en hinsvegar víst, að sumir tekjuliðirnir ná áætlun. Það er því fyrirsjáanlegt, að bærinn er að komast í stóra fjárþröng, sem alvarlegar ráðstafanir þurfi að gjöra til þess að bæta úr. — Nefndin hefur þó ekki í þetta sinn tök á að koma fram með tillögur um það, á hvern hátt unnt muni að bæta úr fjárskorti bæjarsjóðs — enda eru nefndarmenn eigi allir á fundi í þetta sinn — en hinsvegar vill nefndin nú þegar leiða athygli bæjarfulltrúanna að þessu alvarlega máli. —

Fundinum Brynjólfsson var

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ekki á fundi.

Fundi slitið

K. Zimsen.  Sighvatur Bjarnason

Árið 1918, hinn 7. ágúst, hélt fjárhagsnefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.
Þetta gjörðist:

1. P. R. Ungerskov áfrýjar til bæjarstjórnar úrskurði niðurjöfnunarnefndar um 2000 kr. auka útsvar á björgunarskipið Geir og krefst þess að útsvarið sé felt burtu af því skipið sé ekki útsvarsskylt.
Nefndin leggur til að kæran sé ekki tekin til greina.

2. ~~Jóni Baldvinssyni áfrýjar úrskurði niðurjöfnunarnefndar á kæru hans yfir því að nokkrir menn í bænum~~

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

~~hafi ekki verið settir á [illegible]~~

2. Jón Baldvinsson kvartar yfir því að niðurjöfnunarnefndin hafi ekki tekið til greina kæru hans yfir að hún hafi ekki gert nokkrum nafngreindum mönnum að greiða aukaútsvar þetta ár.
Út af þessu erindi, eins og það liggur fyrir, getur nefndin ekki gjört neina tillögu.

3. Rætt um fjárhag bæjarins.
Sbr. 2. lið fundargj. 27. f. m.
Ákvörðun frestað.
Sighvatur Bjarnason var ekki á fundi.
Fundi slitið

K. Zimsen. Jörundur Brynjólfsson.

~~Ár 1918 hinn 25. septbr. var fundur haldinn í fjárhagsnefnd á skrifstofu borgarstjóra.
Þetta gjörðist:~~

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1918, hinn 15. ágúst, hélt fjárhags-
nefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.
Þetta gjörðist:

1. Borgarstjóri lagði fram bráðabirgðar
skýrslu yfir efnahag bæjarsjóðs.
2. Rætt um fjárhag bæjarsjóðs, sbr.
fundargjörðir 27. júlí og 9. ágúst þ. á.
Nefndin sér ekki aðra leið færa til
að bæta úr fjárskorti bæjarsjóðs en
að hin niðurjöfnuðu útsvör verði hækk-
uð, og leggur því til að bæjarstjórn,
n/i samkvæmt 18. gr. tilskipunar 20. apríl
1872, um bæjarstjórn í Reykjavík,
samþykki að hækka aukaútsvörin
fyrir yfirstandandi ár um þriðjung
(33⅓ %).
3. Til bráðabirgðar verður nauðsynlegt
að fá lán, til daglegra útgjalda og til
R/9 framkvæmda á byggingunum þeim er
bæjarstjórn hefir samþykt. Leggur
nefndin til að bæjarstjórn feli

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

borgarstjóra að taka alt að 150 þús. kr. lán handa bæjarsjóði í þessu skyni.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Sighvatur Bjarnason. Jörundur Brynjólfss.

Ár 1918 hinn 25. septbr. átti fjár-
hagsnefnd fund með sjer á skrifstofu
borgarstjóra. — Var gjört það er hjer segir:
1° Með því að Benedikt Þórarinsson kaupmaður
hefur kvartað yfir því, að hann hafi enn
ekki fengið neina innlausn útsv. útsvars hans
N/1 seinni til bæjarstjórnar (sbr. fund fjárhagsnefndar
18. júní þ. á. tölul. 3) ítrekar nefndin til-
lögur sínar um niðurfærslu útsvarsins, samkv.
nefndri fundargjörð; — þannig að útsvarið sje
2° fært niður í 350 krónur
2° Út af erindi frá Ólafi Þorsteinssyni verkfræðing
~~[illegible]~~ ákvað nefndin að veita honum
Y/1 70 krónur á mánuði frá 1. oktbr. 1918 — 30
apríl 1919 til uppbótar á húsaleigu fyrir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

teiknistofu með rentingu, ljósi og hita.
3° Lögð fram beiðni frá G. Eiríkss kaupmanni
~~um~~ viðvíkjandi byggingu leikhúss og
kvikmyndahúss á Grímsstöðum, „Vonarstrætis-
3/12 lóð" liggi í bænum. – Leikhús og allt á-
stand er vill liggi í bænum telur nefndin
sig ekki þurfa að mæla með erindi þessu
að svo komnu.
4° Einar Erlendsson byggingarfulltrúi, sem hefur
umsjón með byggingu þeirri fyrir sunnan
bæjarfógeta, við Grímsstaðum, Laufásvegi sem
bæjarstjórnin hefur samþykkt að láta reisa
21/7 nú í haust, hefur lagt það til, að bætt
verði við byggingu þessa einni hæð. Er
gjört ráð fyrir að fá megi 10 fjölskyldu-
íbúðir á hæð þessari, og fleiri íbúðir ef
eitthvað er innréttað fyrir 1-manns herbergi.
Þessi viðbótarhæð er áætlað að kosta
minni c. 18000 krónur og með því nefndin
verður, eftir kringumstæðum að telja það
hagkvæmt að þessi breyting verði gjörð
á byggingunni, leggur hún það til að
bæjarstjórnin veiti nauðsynlegt fé í þessu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

5o Ofan: Jón Ólafsson Bergþórugötu var ekki á fundi.

Fundi slitið

Ólafur Lárusson
ritari.

Sighvatur Bjarnason

Árið 1918, hinn 30. október, hélt fjárhags-nefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

1. Tekið fyrir erindi Jóns Sigurðssonar kaupmanns um lækkun á aukaútsvari hans. Leitað hafði verið álits niðurjöfnunarnefndar um erindi þetta. ~~Nefn~~ Nefndin getur ekki lagt það til að aukaútsvar Jóns Sigurðssonar verði lækkað.
N/1

2. Gufubátsfélag Faxaflóa fer þess á leit að eftirverði gefið viðbótar auka-útsvar. Málinu frestað.
N/1

3. Ingimundur N. Jónsson Lindargötu 23 óskir þess að aukaútsvar sitt verði lækkað.
N/1

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Nefndin sér sér ekki fært að leggja til að útsvar þetta verði lækkað.

N/1 4. Lögð fram bréf Hannesar Thorarensens og Eggerts Briems viðvíkjandi útsvörum þeirra.

5. Út af tillögu þeirri er kom fram á síðasta fundi bæjarstjórnar í sambandi 4. dagskrárliðs, vill nefndin ekki í þetta sinn vegna dýrtíðarinnar leggja

R/1 á móti því að fé það, sem hér er um að ræða sé veitt úr bæjarsjóði, og fellst því á að tillagan sé samþykt, en tekur það hinsvegar fram að hún telur það afar varhugavert fyrir fjárhag bæjarins, að veita stórar fjárhæðir úr bæjarsjóði, án þess að þær séu teknar inn á fjárhagsáætlun.

6. Tillaga 10. liðs á síðasta bæjarstjórnar fundi, leggur nefndin til að sé samþykt.

Fleira ekki gjört.
Fundi slitið.

Ólafur Lárusson
Sighvatur Bjarnason
Guðmundur Brynjólfsson
setter [?]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1918, hinn 2. desember, hélt fjárhagsnefndin fund heima hjá borgarstjóra.

R/7 Byrjað að semja frumvarp til fjárhagsáætlunar fyrir bæinn fyrir árið 1919, en ekki lokið.

K. Zimsen. Sighvatur Bjarnason Jörundur Brynjólfsson

Árið 1918, hinn 4. desember, hélt fjárhagsnefndin fund heima hjá borgarstjóra. Var haldið áfram samningu frumvarps til fjárhagsáætlunar fyrir Reykjavík

R/7 fyrir árið 1919, og lauk nefndin að mestu leyti því starfi. Til að fullgjöra áætlunina ákvað nefndin að halda fund síðar um daginn.

K. Zimsen. Sighvatur Bjarnason Jörundur Brynjólfsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

R/7 Árið 1918, hinn 5. desember, hélt fjárhagsnefndin fund heima hjá borgarstjóra.
Var lokið samning fjárhagsáætlunarinnar og athugasemdanna.

K. Zimsen. Sighvatur Bjarnason Jörundur Brynjólfsson

R/7 Ár 1918 hinn 18. desbr. hjelt fjárhagsnefnd fund á skrifstofu borgarstjóra. Rætt var um breytingartillögur er borist höfðu fram við fyrri umræðu til fjárhagsáætlunar fyrir árið 1919. Tók nefndin afstöðu gagnvart breytingartillögum þessum. — Gjörði nefndin einnig sjálf nokkrar breytingartillögur við áætlunarframvarpið. —
Fleira var eigi gjört.
Jörundur Brynjólfsson var ekki á fundi.
Fundi slitið

K. Zimsen. Sighvatur Bjarnason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1919, hinn 3. febrúar, hélt fjárhags-
nefnd fund á skrifstofu borgarstjóra.
Á fundinum mætti Þorsteinn Þorsteinsson
hagstofustjóri endurskoðandi bæjarreikn-
inga.

Þetta gjörðist:

1. Tekinn fyrir reikningur bæjarsjóðs
fyrir árið 1916 ásamt athugasemdum
R/5 endurskoðenda og svörum bæjargjald-
kera. Samdar tillögur til úrskurðar
á reikningnum.

Fundi frestað.

K. Zimsen. Jörundur Brynjólfsson

Árið 1919, hinn 4. febr., hélt fjárhags-
nefndin áfram fundi þeim er hún
frestaði 3. s.m. á skrifstofu borgar-
stjóra.

Þetta var gjört:

1. Lagður fram landsyfirdómur
í útsvarsmáli Landsverslunarinnar,
N/1 og hafði dómur fallið á þá
lund, að staðfestur var fógeta

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

úrskurðar er synjaði bæjarstjórninni lögtak á aukaútsvari, sem lagt var á Landsverslunina árið 1917.

Nefndin leggur til að dómi þessum verði ekki áfrýjað til hæstaréttar.

2. Lagt fram bréf frá bæjarfógetanum, ásamt bréfi frá félagi málaflutningsmanna Ísland, þar sem farið er fram á að gjörðar verði nokkrar breytingar á bæjarþingsstofunni málaflutningsmönnum til hagræðis við störf sín þar. D/41

Nefndin ákveður að fela bæjarverkfræðing að gjöra uppdrátt og kostnaðaráætlun yfir breytingarnar.

3. Útsvarsmál.

a. Gufubátsfélag Faxaflóa fer fram á eftirgjöf á 100 kr. viðbótar aukaútsvari árið 1918. Nefndin vill ekki mæla með þeirri beiðni. N/11

b. Tómas Guðmundsson á Hverfisgötu 70 fer fram á að sér verði eftirgefið

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að greiða helming aukaútsvars fyrir árið 1917 (Kr. 35.00).

N/1 Nefndin leggur til að honum verði gefið eftir að greiða þetta upphæð, með því skilyrði, að hann greiði nú þegar áfallið aukaútsvar fyrir árin 1917 og 1918.

c) Guðrún Bjarnadóttir fer fram á að aukaútsvar manns hennar Björns sáluga N/1 Bjarnarsonar ~~fyrv.~~ verandi sýslumanns verði fært niður í 10.00 kr. úr kr. 53,33. Nefndin mælir með þessari beiðni.

d) Jón Magnússon bókbindari Grettisg. 11 fer fram á að aukaútsvar sitt verði fært niður um Kr. 31.50, en þá upphæð er honum gjört að greiða N/1 Þingeyrarhreppi fyrir fardagaárið 1918–19. Útsvar J. M. var hér Kr. 35,00 + 11,67 Kr. = en með því að hann hefir stundað atvinnu utan bæjar frá 24. apríl til 15. nóv. 1918 leggur nefndin til að felt verði í burtu ½ útsvarið, Kr. 23,33.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

N/11 e) Bjarni Jónsson skósmiður Berg. 6a
fer fram á eftirgjöf á 20 kr. á
útsvari hans fyrir árið 1918 sakir
þess að hann hafi orðið að gjalda
þá upphæð til Tálknafjarðarhr.
þar sem hann stundaði atvinnu
síðast liðið sumar.
Útsvar hans hér er kr. 80.00 og
leggur nefndin til að af þeirri
upphæð sein feldar 20.00 kr.
Fleira var ekki gjört.[xx]
Fundi slitið.

K. Zimsen.    Jóhannes Bergsveinsson.

[xx] Sighvatur Bjarnason var erlendis.

Ár 1919 hinn 5. marz hjelt
fjárhagsnefndin fund á skrifstofu borgar-
stjóra. Þetta var gjört:

1. Fjekk Nefndin samþykki sitt á ráðstöfun borgar-
stjóra að Árni Thorlacius sje skipaður bók-
haldari hjá bæjargjaldkera með 2400 kr.
árslaunum frá 1. þ. m. að telja

2. Rætt um kaup á „Seljalandi", eign Páls Halldórs-
sonar skólastjóra. – Nefndin telur eigi frá-
gangssök að kaupa eign þessa handa bæjar-
2/219 sjóði, fyrir allt að 28000 krón. – Taki bæjar-
sjóður að sjer greiðslu á skuldum þeim, sem nú
hvíla á eigninni, kr 10358.16, og þá út skulda-
bréf fyrir 17800 krón. sem greiðist seljanda
á næstu 10 árum, en ávaxtist með 6% p.a.
Eftirstöðvarnar greiðist við afhendingu afsals-
bréfs. –

3. Rætt um kaup á Vatnavelli og viðauka
við Vatnavöll. Eigandi er Sveinn J. Einarsson.
2/143 Völlurinn með viðauka kostar kr. 12.000
Nefndinni þykir landið altof dýrt, en
eftir atvikum vill hún ekki leggja
á móti því að landið sé keypt.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4. Nefndin leggur til að borgarstjóra sé heimilað að taka
R/9 alt að kr. 200.000,00 bráðabirgðalán handa bæjarsjóði, er endurborgist af tekjum bæjarsjóðs yfirstandandi ár.

Fleira ekki gjört
Fundi slitið.

K. Zimsen.

Sighvatur Bjarnason   Jón Brynjólfsson

Ár 1919 hinn 18. maí hjelt fjárhagsnefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.
Þetta var gjört:

1° Eyjólfur Jóhannsson sækir um framá leikum á aukaútsvari fyrir árið 1918. Nefndin
N/11 leggur til að (útsvarið verði) 10 krónur af útsvarinu verði gefnar eftir, en meira eigi.
2. Samskonar beiðni frá Eliasi Jóhannessyni
N/11 sækir finnst nefndinni ekki ástæða til að sinna.
3. Útaf líku beiðni frá Torfa Tómassyni

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

reikningsnefndinni leggur nefndin það til, eftir
N/1 atvikum, að innheimtur verði af andvirðinu
hennar nefnt á 60 k + 1/3 % = 80 krón, en
hitt gefið eftir. –
4° Útaf erindi frá Guðmundi Jóhannssyni, Grettisgötu
M/1 38 B leggur nefndin til að honum verði
eftir ~~gefnar~~ 10 krón. af útsvari því, sem á
hann var lagt 1908.
5° Daniel Bernhöft bakari fer fram á eftirgjöf á
gangstéttargjaldi fyrir lóð hans í Lækjargötu. — Nefndin getur ekki séð, að erindi
N/7 þetta hafi við nóg rök að styðjast og telur sig
því ekki fært að mæla með beiðninni. —
6° Lagt fram erindi frá lögreglustjóra um einkennisbúning handa heilbrigðisfulltrúa. —
Nefndin segir að vera eigi fullt skýrt á
C/11 því að heilbrigðisfulltrúi beri einkennisbúning, en vill þó bera sig saman saman
við lögreglustjóra áður en hún gjöri fullnaðar ~~tillögur~~ ákvörðun um málið. —
Jónundur Brynjúlfsson var ekki á fundi
Fundi slitið.

K. Zimsen. Sighvatur Bjarnason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1919 hinn 29. apríl átti fjárhagsnefndin fund með ~~sér bæj~~ á skrifstofu borgarstjóra. Þetta var gjört

1° Lögð fram virðingargjörð 25 manna yfir skrifstofugögn þau (borð, skápa o. fl.) sem notuð eru á skrifstofu borgarstjóra (sbr. fjárhagsáætlun 1919, 30. lið). — Virðingin á

R/5 19. munum þessum er samtals kr. 6009.75. Þó að virðingin sé talsvert hærri en gjört er ráð fyrir í fjárhagsáætluninni ~~kaupa~~ vill nefndin ~~til að munir þessir séu ke~~ leggja tíð skrifstofugögnin fyrir greint virðingarverð. D/53 D/4 E/2

~~Sighvatur Jónasson~~ Jörundur Brynjólfsson

2° Samkvæmt heimild er ~~fjárhagsnefnd~~ gefin var ~~af~~ bæjarstjórninni 21. febrúar 1918, til að semja við landsstjórnina um afhending á lóð undir landsspítala, hefir borgarstjóri 19. þ. m. afsalað til ríkissjóðs lóð undir landsspítala í Skólavörðuholtinu, samkv. uppdrætti; er áður hefir legið

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fyrir bæjarstjórninni og mati;
sem bæjarstjórnin hefir samþykt, í makaskiftum fyrir lóðarspildur úr Arnarhólstúni; einnig samkvæmt því, er bæjarstjórnin hefir áður fallist á.

Fyrir verðmismuninum á þessum eignum, hefir borgarstjóri gefið út skuldabréf að upphæð kr. 23379,00, er ávaxtast og endurborgast með 5% á ári, og eru vextir taldir 4½%.

D/53 Með samningum þessum hefir

D/4 landsstjórnin skuldbundið sig til,

E/214 að leggja til við alþingi, að svo verði til hagað, að bæjarsjóður hljóti ekki útgjöld af dvöl sjúklinga á fyrirhuguðum landsspítala, þeirra er framfærslusveit eiga utan Reykjavíkur.

Einnig fellur bæjarstjórnin frá því, að gjöra framvegis eignartilkall til norðurhluta af ~~Arnar~~ því sem eftir er af Arnarhólslóð, til annars en undir götur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Að þessu máli loknu fór Guðmundur Brynjólfsson af fundi.

Guðmundur Brynjólfsson.

3° Rætt var um reglugjörð um brunamálaskatt samkvæmt lögum frá síðasta alþingi, en eigi varð því máli lokið

Fundi slitið

K. Zimsen. Sylvestersen

Ár 1919 hinn 13. maí hélt fjárhagsnefndin fund á skrifstofu borgarstjóra. Þetta var gjört:

1° Erindi Ólafs Þorsteinssonar um vegagjörð að fyrirhuguðu húsi hans við Garðastræti og vatns- og skólppípum að húsi þessu. Nefndin
4/3 fellst á það að land verði tekið undir Garðastræti og vill að öðru leyti verða við beiðni Ólafs sérstaklega með það fyrir augum að vegur verði lagður frá Suðurgötu upp að Garðastræti norðanvert við gamla kirkjugarðinn. — Vega-
2° nefnd áætlar kostnað við mannvirki þetta alls 2500 kr.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2° Út af erindi frá Íþróttafjelaginu vill nefndin leggja til að borið verði ofaní veginn frá Suðurgötu að Íþróttavellinum. — Nefndin leggur

D/101 ennfremur til að Íþróttafjelaginu sje veittur 500 kr. styrkur úr bæjarsjóði til ofaníburðar og ~~dag~~girðingar á Íþróttavellinum.

3° ~~Tekin~~ Tekin til íhugunar 1. liður í fundargjörð brunamálanefndar 29. f. m. — Fjárhagsnefndin fellst á ~~að útvega~~ tillögu brunamálanefndar-

5/6. innar, þó með því skilyrði að eigi verði tekin fullnaðarákvörðun um málið fyr en búið er að útvega tilboð um verð á slökkvitækjum þeim, sem lagt er til að kaupa.

Jörundur Brynjólfsson vantaði á fundinn.

Fundi slitið

K. Zimsen. Sighvatur Bjarnason

Ár 1919 hinn 21. júní hjelt fjárhagsnefndin fund á skrifstofu borgarstjóra. — Var þetta gjört er hjer segir:

1° Lagt fram og tekið til íhugunar erindi frá

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

framkvæmdarnefnd Stórstúku Íslands I.O.G.T. um styrk til hús~~byggingar~~næðis handa Samverjanum. – Ákveðið var að tala við framkvæmdarnefndina og leita frekari skýringa hennar á útaf-greiddu erindi, áður en nefndin lætur uppi tillögur sínar. –

P/7

1° – Útaf erindi frá Sambandi ísl. Samvinnu-félaga um kostnað við lagningu vatnsæða og skolpæða að húsi því, sem félagið er að byggja á Arnarhólstúni leggur nefndin það til, að Sambandinu verði tilkynt það, að bærinn skuli endurgjalda Sambandinu á sínum tíma – þegar búið er að gjöra Sölvhólsgötu – þá upphæð uppí þeirra kostnað, sem óvilhallir menn þá meta þeirra vatns- og skolpæðar að þær [illegible] kosta sem þær geta orðið til [illegible] nota ~~er félagið nú leggur að nefndu húsi~~, og sé þá tekið tillit til fyrningar. Vatns- og skolpæðarnar eigi að vera lagðar undir yfirumsjón bæjarverkfræðings. –

B/511

3° – Rætt var erindi Flugfélags Íslands dags. 4. þ. m. um land undir flughöfn. ~~Leggur~~ Nefndin fellst á tillögu fasteignanefndar um þetta mál, á fundi hennar 17. þ. m.

B/1109

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og leggur til að bæjarstjórn samþykki það.

4 Rætt var um erindi frá Pétri Brynjólfssyni um leyfi til kvikmyndasýninga í Bárubúð. —
Einnig var ~~leggur~~ til og horfði við með
P/2 húsnæði hér í bæ til almennra fundarhalda og þessvegna vöntunar þykir nefndinni það varhugavert að taka Bárubúð til kvikmyndasýninga og þó nefndin sér ekki fært að mæla með því, að það sé leyft. —

5. Lagðar voru fram ~~[illegible]~~ erindi um að fella niður aukaútsvör frá
a, frá Jóni Björnssyni Laugaveg N° 50 og
b. Haraldi Böðvarssyni kaupmanni.
Ákveðið að leita frekari upplýsinga útaf erindum þessum. —

Jörund Brynjólfsson vantaði á fund

Fundi slitið

K. Zimsen. Sighvatur Bjarnason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1919 hinn 14. júlí hjelt fjárhagsnefndin fund á skrifstofu borgarstjóra. Þetta var gjört:

1° Út af beiðni verkamannanna í brunastöðinni, Bened. Eyvindssonar, Antons Eyvindssonar og Karls Bjarnasonar um launabætur, leggur nefndin það til, að tjeðum verkamönnum verði veitt aukadýrtíðaruppbót fyrir yfirstandandi ár, hverjum um sig 500 kr. Hafa

5/5. tjeðir starfsmenn lýst því yfir við borgar-

6/9 stjóra, að með þessari uppbót myndu þeir fáanlegir til að halda starfi sínu áfram til nýjárs næstkomandi, en ella ekki.

2° Eftir að hafa fengið nánari upplýsingar út af útsvarskæru Haraldar Böðvarssonar & Co (sbr. nefndarfundargjörð 21. f. m. tölul. 5 c)

N/1. telur nefndin sjer ekki fært að leggja það til, að útsvar það, sem kært hefur verið yfir, verði felt ~~fell.~~ felt burt. ~~eða lækkað~~.

3° Út af erindi Karolínu Sveinsdóttur ekkju Hró-

N/1 bjartar Pjeturssonar Bræðraborg ~~...~~ um ~~...~~ eptirgjöf eða niðurfærslu á aukaútsvari leggur nefndin það til, að aukaútsvar fyrir 1919 verði ...

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

úr 250 kr. í 50 krónur.-

4° Útaf ályktun bæjarstjórnarfundar 26. f. m. hefur borgarstjóri ~~fyrir~~ samið við lúðrafjelagið „Harpa" um það, að það leiki lög í hornum hvert
P/8 sunnudagskvöld, fyrst um sinn júlí og ágúst mánuð, gegn 50 kr. þóknun í hvert sinn – Nefndin fellst á aðgjörðir þessa.

5° Útaf erindi því frá „Bestyrelsen for Selskabet ~~tit~~ for Sundhedspleje i Danmark" og á síðasta fundi bæjarstjórnar var vísað til nefndarinnar
Sþ/16. til umsagnar leggur nefndin það til, að veittur verði úr bæjarsjóði ~~alt að~~ 1200 krónur í því skyni að senda fulltrúa til að sitja heilbrigðismálafund þennan, er ræðir um í nefndu erindi.—

6° Lögð fram skrá yfir aukaútsvör árin 1909–1917 incl. er bæjargjaldkeri telur ófáanleg. Nefndin sjer engin tök á, eptir mála-
R/8 vöxtum, að innheimta útsvör þessi og neyðist því til að leggja það til að nefnd útsvör, að upphæð samtals kr. 20403.91 verði felld burt úr eptirstöðvum.

[illegible]

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

á fund.

Fundi slitið

K. Zimsen. Sighvatur Jónasson

Ár 1919 hinn 25. júlí átti fasteigna-nefndin fund með sjer á skrifstofu borgar-stjóra. – Var þetta gjört

1° Lagt fram erindi frá Sesselju Ólafsdóttur yfirsetukonu um dýrtíðaruppbót fyrir árin 1918 og 1919. – Nefndin telur sjer ekki fært

C/8. að mæla með dýrtíðaruppbót, með því að hjer á í hlut kona sem ekki er í (föstum) þjónustu bæjarins, þó henni hafi verið veittur nokkur styrkur úr bæjarsjóði sem „praktiserandi ljósmóður"

2° Rætt var um samþykkt bæjarstjórnar á fundi 17. þ. m., að því er snertir liðsinni bæjarstjórnar

R/21. til handa byggingarfjelagi Reykjavíkur (sbr. fundar-gjörð dýrtíðarnefndar 11. þ. m. tölul. 7). – Borgar-stjóra falið að leita umsagnar stjórnar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

byggingarfjelaginu um málið

3 Nefndin Að gefnu tilefni lýsir nefndin því yfir, að hún sé því ekki mótfallin að styrkur sá sem sótt var um í fundargjörð nefndarinnar

Þ/16 14 þ. m. (stafl. 5) verði hækkaður upp í 2400 kr., ef bæjarstjórnin skyldi vilja senda ~~mann~~ á fund þann er farið var um - frá borgarstjóra og heilbrigðisfulltrúa, einnig stingur hann verið upp. - ~~Sam~~

Fundi slitið.

K. Zimsen. Sighvatur Bjarnason

Ár 1919 hinn 20. ágúst hjelt fjárhagsnefndin fund á skrifstofu borgarstjóra. -

1. ~~Nefndin~~ Lögð var fram tillaga nefndar þeirrar er skipuð var á fundi bæjarstjórnar 17. f. m.

Þ/, til að gera tillögur viðvíkjandi framkvæmd á skrásetningu lóða - - Fjárhagsnefndin gjör eftir atvikum ekki annað ráð en að fallast á þær tillögur sjeðar nefndar, að því

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

viðskiftavinum fyrirtækisins verði ráðinn frá 1. okt. næstk. til að framkvæma eldf.- færa. sem verði um í framkvæmd reglunum með þeim launakjörum, sem þar segir um, án nokkurrar annarar þóknunar í neinu formi.

Fleira var ekki gjört

Fundi slitið

Ólafur Lárusson
ritari

Sigurður Jónsson

Ár 1919 hinn 1. Oktbr. hélt Fjárhagsnefndin fund á Skrifstofu borgarstjóra. Forundur borgarstjóri var ekki á fundi.
Þetta var gjört:

1° Lagt til að eldavéla hitunin af aðaltrúnni Stórn saf. Meltr. (kr 12,00) gefi fellt bursta, sérstaklega undanfarandi veiga i þeim efnum
N/1

2° Samþykt að fellt verði bursta Eldavéla hitunin af ... Ólafs ...
N/1

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Pálmasonar á Litla-Melstað 25 kr.

3° Nefndin telur sig ekki eftir atvikum fært, að leggja á móti því, að fjárveiting sú sem ~~var~~ á-
1/12 kveðin var á síðasta aukafundi bæjarstjórnar um utanfararstyrk til Erlendar Páls-sonar verði samþykkt við aðra umræðu.

4° Rætt var um fundargjörð dýrtíðarnefndar 26. f. m. (5. lr. bæjarstjórnarfund 27. s. m.). — Nefndin lítur svo á, að varla verði hjá því komist
1/13 að bæjarstjórn gjöri nú einhverja ráðstöfun til að afla þessa handa bæjarbúum. Hins-vegar álítur nefndin það sjálfsagt, að ~~gjört~~ reynt verði, eftir ítrasta megni, að forða bæjarsjóði frá tapi við slíka ráðstöfun.—

5. Nefndin leggur til að kosinn verði þriðji maður í nefndina í stað bæjarfulltrúa Jörundar Brynjólfssonar, sem nú er fluttur úr bænum.—

Fundi slitið

Sighv. Bjarnason    Ólafur Lárusson
ritari

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1919, Miðvikudaginn 5. Nóv., kl. 7 síðd., var haldinn fundur í fjárhagsnefndinni, á skrifstofu borgarstjóra.

Bæjarstjórnin hefir kosið Þorvarður Þorvarðsson í nefndina, í stað Jörundar Brynjólfssonar, og var hann kosinn skrifari í nefndinni, með því Jörundur hafði haft það starf í ~~nefndinni~~ henni.

Þetta gerðist:

1. Bæjarstjórnin hefir vísað til nefndarinnar erindi lögreglustjóra um, að honum veitist heimild til að setja til bráðabirgða 2 nýja lögregluþjóna. Nefndin leggur til, að heimilað verði að nota fé til þessarar ráðstöfunar, en ætlast til þess, að bæjarstjórnin hafi engu að síður óskertan rétt til að skipa lögregluþjóna, ef þeim skyldi verða fjölgað á næsta ári. C/4

2. Fjárhagsnefndin leggur það eindregið til, að tillaga borgarstjóra, dags. í dag, um dýrtíðaruppbót handa öllum starfsmönnum bæjarins, þeim er hafa föst laun, svo og M/2

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

stundakennurum barnaskólans", verði samþykkt.

3. Nefndin felst á tillögu veganefndar á fundi 21. Nóv., sbr. viðvíkjandi lauga-keyrslu.

Fleira gerðist ekki
Fundi slitið.

K. Zimsen. Sigh. Sveinbjarnarson

Sveinn Björnsson.

Ár 1919, Mánudaginn 17. Nóv., kl. 7½ síðd., kom fjárhagsnefndin saman á skrifstofu borgar-stjóra.

R/17 Borgarstjóri lagði fram uppkast að fjárhags-áætlun bæjarins fyrir árið 1920. Var hún athuguð og yfirfarin og samið frumvarp, og ákveðið að láta prenta það, enda þótt nefndinni sé ljóst, að enn þurfi að athuga ýmsa liði og ef til vill gera nokkrar breytingar. Nefndin ákvað að semja at-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hugasemdir við frumvarpið og senda það bæjarfulltrúunum.

Borgarstjóri lagði sömuleiðis fram drög til launakerfis fyrir starfsmenn bæjarins, og verður frumvarp um það tekið fyrir á næstu fundum nefndarinnar.

Á fund vantaði Sighv. Bjarnason, er var bundinn við kjörstjórnarstörf.

Fundi slitið kl. 12½

K. Zimsen. Þorvarður Þorvarðsson.

Ár 1919 hinn 18. nóvbr. kl. 8½ kom fjárhagsnefnd saman á skrifstofu borgarstjóra.

R/7 Frumvarp til fjárhagsáætlunar fyrir árið 1920 var á ný yfirfarið og gjörði nefndin við það fáeinar breytingar, en samþykkti það að öðru leyti óbreytt.

Þorvarður Þorvarðsson var ekki á fundi.

Fundi slitið

K. Zimsen. Sighvatur Bjarnason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1919, hinn 26. Nóv., kl. 5 siðd., kom fjárhagsnefndin saman á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gjörðist:

1. Lagt fram erindi Sigurðar Jónssonar, Lindargötu 1?, um lækkun á útsvari. Nefndin sér sér ekki fært, að fengnum upplýsingum, að taka erindið til greina.

N/1

2. Lagt fram erindi frá Felix Eyjólfssyni og Leó Eyjólfssyni um eftirgjöf á útsvari fyrir yfirstandandi ár, að upphæð 60 kr. á hvorum. Nefndin leggur til, að eftir sé gefinn helmingur útsvars beggja, en vísar að öðru leyti erindi þeirra til niðurjöfnunarnefndar, til athugunar við næstu niðurjöfnun.

N/1

3. Lagt fram erindi frá Stefáni R. Runólfssyni og Sigurði J. Benediktssyni um eftirgjöf á útsvari 1919. Hinn fyrnefndi hafa verið lagt ar á 60 kr. og hinn síðarnefnda 20 kr. Nefndin leggur til, að gefið sé eftir helmingur útsvars beggja.

N/1

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4. Lagt fram erindi frá Þorbergi Kjartans=
syni um eftirgjöf á útsvari 1919, sem
N/11
er að upphæð 75 kr. Nefndin leggur til,
að fengnum upplýsingum, að útsvarið
sé lækkað niður í 25 kr.

5. Lagt fram erindi frá Carl Sæmundsen & Co.,
þar sem farið er fram á að útsvar firm=
N/11
ans fyrir 1919 verði fært niður eða fellt
burtu að öllu leyti. Nefndin sér sér
ekki fært að ~~taka~~ leggja til, að erindið verði tekið til greina.

6. Lagt fram erindi frá Johnson & Kaaber, um
að fellt verði niður útsvar, að upphæð 6000
kr., er lagt hefir verið á skipið „Frances
Hyde" og fara fram sem ástæðu, að
N/11
skipið sé amerísk eign. Erindi þetta
hefir verið sent niðurjöfnunarnefndinni
er ekki hefir viljað taka það til greina.
Eftir atvikum finst nefndinni ekki
nægjanleg ástæða til að taka þetta erindi
til greina, og getur því eigi lagt til, að
svo verði gjört.

7. Eftir að bæjarstjórnin hafði samþykt, að á=

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

frýja ekki til hæstaréttar útsvarsmáli Lands=
verslunarinnar, kom nefndin sér saman
um að leita álits hæstaréttarmálaflutn=
ingsmanns um málið, og með því að þetta
N/1 álit er nú komið og þar sem hann telur
málið mjög hæpið að það vinnist við
hæstarétti, sér nefndin ekki ástæðu til
að koma með tillögu til breytingar
á fyrri samþykt.

8. Lagt fram erindi frá Haraldi Böðvarssyni
& Co. þar sem farið er fram á verulega
lækkun á útsvari fyrir yfirstandandi ár,
N/1 sem er að upphæð 2000 kr. Nefndin
leggur til, að útsvarið verði fært
niður í 1000 kr.

9. Lagt fram álit Ulf Hansens ~~ff~~ hæstaréttar=
málaflutningsmanns um mál Sigríðar Þor=
láksdóttur ~~gegn~~ við Bæjarstjórn Reykja=
E/12 víkur, út af erfðafestulandi. Þar sem
hann telur næsta vonlaust, að málið geti
unnist vegna hefðarlaganna, og vill ekki
taka málið að sér til flutnings, leggur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

nefndin til, að málið sé látið falla
niður.

10\. Erindi Ólafs Þorsteinssonar verkfræðings, um uppbót á launum sínum það ár, er
Y/11 hann hefir unnið í bæjarins viðmælinga þarfir, sér
nefndin sér ekki fært að taka til greina.

11\. Borgarstjóri lagði fram „Frumvarp til samþyktar um laun starfsmanna Reykjavíkur=
L/25 kaupstaðar". Var frumvarpið gegnum farið lið fyrir lið og gerðar ýmsar breytingar á
því og leggur nefndin til, að það verði samþykt eins og það nú liggur fyrir.

12\. Út af skýrslu fulltrúa á heilbrigðismála=fund í Kaupmannahöfn, um ósjálfráða dvöl
þar lengur en gert var ráð fyrir, ákvað nefnd=in fyrir sitt leyti, að greiða þeim hvor=
J/16 um um sig 400 kr. uppbót á ferðakost=naðinum.

Fleira ekki gert

Fundi slitið

K. Zimsen. Sighvatur Bjarnason

Þorvarður Þorvarðsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1912 hinn 12. desbr. átti fjárhagsnefndin fund með sjer á skrifstofu borgarstjóra. — Þetta var gjört

1° Lagt fram brjef frá Byggingarfjelagi Reykjavíkur um allt að 12000 kr. styrk úr bæjarsjóði til að fullnægja skilyrðum þeim, er Alþingi síðast setti fyrir styrk handa fjelagi þessu úr landssjóði, er nemi 5% af
R/12 byggingarkostnaði (mest 6000 krón.) — — Nefndin getur fyrir sitt leyti mælt með beiðni þessari að því tilskildu að tryggt sje fyrir allar aðrar útgjöld til fjelags þessa af hálfu bæjarsjóðs. — Borgarstjóra falið að tala við stjórn fjelagsins um málið — —

2° Lagt fram brjef frá Sjúkrasamlagi hins íslenska prentarafjelags í Reykjavík um 500 kr.
R/7 styrk úr bæjarsjóði fyrir árið 1913. — Nefndin telur sjer ekki fært að mæla með beiðni þessari.

3° Sömul. beiðni frá Skautafjelagi Reykjavíkur um 500 kr. styrk úr bæjarsjóði. — Nefndin
R/7 telur sjer heldur ekki fært að mæla með þessari beiðni.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4° – Nefndin leggur til að eptirlaun og ellistyrkir verði veittir fyrir næstkomandi ár svo sem hjer segir:
a. Ekkjufrú Anna Petersen frú – 500 kr
b. — M. Helgesen – 500 –
Rj/13 c. fr. Ljósmóðir Sesselja Sigvaldadóttir – 100 –
d. Benedikt Jónsson fv. bæjarpóstur – 1000 –
e. Magnús Magnússon fv. söfnun – 300 –
f. Þorvaldur Björnsson – lögregluþjónn – 1200 –
Auk þessi verði nefndum 6 persónum greitt fullt dýrtíðaruppbót eptir sömu reglum og öðrum ~~[illegible]~~ starfsmönnum bæjarins. –
5° – Við frumvarp til samþykktar um laun starfsmanna Reykjavíkurkaupstaðar vill nefndin gjöra þessar breytingartillögur:
a. við 2. gr. orðin: en frá – eptirlaun, falli burt
b. við 4 gr. Aptan við aðra málsgrein bætist: „Hafi einhver starfsmaður nú hærri laun en hann mundi fá samkvæmt samþykkt inni heldur hann þeim launum þangað til hann flyst á hærra launastig eptir þjónustualdri."

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Br. við 5. gr.: milli 4. og 5. flokks komi nýr launaflokkur:
Árslaun 3000 kr., hækkandi 2. hvert ár um 200 kr. uppí 4000 kr.
Slökkviliðsstjóri, yfirlögregluþjónn

4/25 Nokkrir þeirra [illegible] hækki um 5. (o: 6) launaflokki. –

við 6. og 7. launaflokk (7 og 8) Rafveitustjóra flytjist í 6. flokk

við 8. launaflokk:
Frá 1500 kr. komi 1600 krón. og frá 2500 kr. 2600 krón.

Aftan við fyrri málsgrein bætist:
Borðverðir hafa auk launanna ókeypis húsnæði, ljós og hita.

[illegible] sem eiga á fundinum.

Fundi slitið

K. Zimsen.

Sighvatur Bjarnason

Ár 1919, þriðjudaginn 16. Desember, kl. 5 síðd., hélt fjárhagsnefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Tekið fyrir fjárhagsáætlun fyrir 1920. og ~~við~~ breyt. till. þær sem fram hafa komið. Eru þær teknar upp hér á eftir ásamt þeim tillögum sem fjárhagsnefndin gerir.

a. við tekjulið 4. Nefndin leggur til, að liðurinn hækki úr 25000 upp í 35000.

b. við tekjulið 5. Breyt. till. frá Sig. Jónssyni um, að lið. hækki upp í 2000 kr. Nefndin fellst á tillöguna.

R/7 c. Við tekjulið 30. Breyt. till. frá sama um að lið. hækki úr 10000 upp í 20000. Og fellst nefndin á þessa tillögu.

d. Við tekjulið 34. Breyt. till. frá J. Ól. og J. Þ. um að liðurinn falli burt.

e. Nefndin getur ekki aðhylst þessa tillögu, en leggur til, til samkomulags, að staffl. 34 c lækki niður í 70000 og 34 e falli burt. Lækkar þá

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

allan liðurinn niður í 175000 kr.

f. Við gjaldlið 7a. Breyt. till. frá nefndinni, að fyrir 5500 komi 6600 kr.

g. Við gjaldalið 10. Breyt. till. frá Sig. Jónssyni, um að liðurinn hækki úr 4000 upp í 4800. Nefndin getur ekki aðhylst þessa tillögu.

h. Við gjaldalið 11a. Nefndin leggur til, að liðurinn hækki úr 6000 upp í 7000.

i Breyt. till. J.Ól. og J.Þ. um, að á eftir 11b komi nýr liður, er verður 11c, svo hljóðandi: Til kaupa á sjúkrabíl 15000 kr. Nefndin aðhyllist þessa tillögu.

R/7 j. Við gjaldalið 15. Breyt. till. frá J.Ól. og J.Þ. um að liðurinn falli burtu. Nefndin getur ekki fallist á þessa tillögu, en

k. leggur til, að liðurinn orðist þannig: Á Lækjartorgi eða annarsstaðar eftir nánari ákvörðun bæjarstjórnar.

l. Við gjaldalið 17b. Breyt. till. frá J.Ól. og J.Þ. að liðurinn fallist. Nefndin getur ekki fallist á þessa tillögu.

m. Við gjaldalið 18. Breyt. till. frá J.Ól. og J.Þorl.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að lið. orðist svo: Til girðingar um Austurvöll. Nefndin getur ekki fallist á tillögu þessa.

n. Við 31. lið. Viðbætist nýr stafl. 31 f: Til undirbúnings stofnunar barnahælis 5000 kr. Tillögu þessa hefir fátækranefndin gert og er hún fram borin af frk. Ingu L. Lárusdóttur. Nefndin fellst á tillögu þessa.

o. Brtt. till. frá Ingu L. Lárusdóttur, er verður gjaldaliður 31 g, svo hljóðandi: Til gamalmennahælis, að því tilskildu, að samningar takist við stjórn Hjálpræðishersins, 25000 kr. Nefndin getur ekki aðhylst tillöguna þannig orðaða, en

R/7

p. leggur það á móti til, að nýr liður komi svo hljóðandi: Til undirbúnings stofnunar gamalmennahælis og framkvæmda, ef til kemur, alt að 30000 kr.

q. Við gjaldalið 36 b. Till. frá J. Ól. og J. Þorl., um að liðurinn falli burtu. Nefndin getur ekki fallist á þessa tillögu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

r. Við gjaldalið 37b. Breyt. till. frá sömu, um að liðurinn falli burtu. Nefndin fellst ekki á þessa tillögu.

s. Við gjaldalið 38. Breyt. till. frá sömu, að aftan við liðinn komi svo látandi athugasemd: Göturnar séu gerðar með stéttar-kantsteinum, þannig, að form þeirra geti haldist sér. Nefndin getur ekki fallist á þessa tillögu.

R/7 t. Við gjaldalið 39a. Nefndin leggur til, að liðurinn hækki úr 24000 upp í 30000.

u. Við gjaldalið 50: (Breyt. till. frá nefndinni) viðbætist nýr liður, er verður 50b: Til Byggingarfélags Reykjavíkur 10% af kostnaði við íbúðarhúsabyggingar, allt að 12000 kr.

× v. Við gjaldalið 55. Breyt. till. frá Sigurði Jósefssyni, svo hljóðandi, að á eftir stafl. e komi nýr stafl. f: Til Sjúkrasamlags hins ísl. prentarafélags 300 kr. Eftirfarandi stafliðir breytist samkv. því. Nefndin getur ekki fallist á tillöguna þannig orðaða, en leggur til:

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

x. að nýr staflíður komi inn á sama stað, og orðist þannig: Til sjúkrasamlags hins ísl. prentarafélags, í viðurkenningarskini í eitt skifti fyrir öll, 500 kr.

y. Við gjaldalið 55k: Breyt. till. frá Sig. Jónssyni, að í staðinn fyrir 1000 kr. komi 1200 kr. Nefndin getur ekki fallist á þessa tillögu.

z. Við gjaldalið 58b. Breyt. till. frá nefndinni, að fyrir 60000 kr. komi: 75000 kr.

þ. Við tekjulið 12: Verði breyt. till. [við gjaldlið] 37b samþykt, flytja J. Ól. og J. Þorl. tillögu um, að tekjuliður 12 lækki úr 20000 niður í 7000 kr.

R/7

æ. Við tekjulið 35. Nefndin leggur til, að krónutalan breytist svo, að samtalin upphæð tekna og gjalda standist á.

ö. Aftan við áætlunina leggur nefndin til, að komi svo hljóðandi heimild: Bæjarstjórnin heimilar borgarstjóra, að taka fyrir hönd hennar bráðabirgðalán handa bæjarsjóði, eftir því sem þörf

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

krefur á árinu 1920, enda verði slík lán aldrei samtímis meir en 80000 kr. samtals.

2. Erindi frá Byggingarfélagi Reykjavíkur, þar sem það fer fram á, að bæjarstjórnin ábyrgist til bráðabirgða 45000 kr. lán, á sama hátt og
R/121 bæjarstjórnin hefir ábyrgst 80000 kr. lán til byggingar íbúðarhúsa. Nefndin leggur til, að bæjarstjórnin verði við þessari beiðni.

3. Brunamálanefndin hefir vísað til nefndarinnar erindi varðmanna á Slökkvistöðinni um, að þeir fái fulla dýrtíðaruppbót fyrir síðara misseri þessa árs, auk þeirrar 500 kr. uppbótar, sem þeim
5/5 var veitt í júlímánuði. Starfsmönnum þessum hefir verið greidd dýrtíðaruppbót eftir þeim reglum, sem giltu fyrir 1. júlí þ. á. og hafa þeir þá fengið hver um sig um 200 kr. hærri uppbót á launum en aðrir starfsmenn bæjarins. Nefndin getur því ekki mælt með þessari beiðni.

Fleira var ekki tekið fyrir á fund-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

innan

Prentað slíkt.

Grímsey.

Þorvarður Þorvarðsson.

Ár 1920 hinn 15. janúar átti fjárhagsnefndin fund með sér á skrifstofu borgarstjóra. — Þetta var gjört

1° Útaf erindi frá Björnúnu Lindargötu 30 um að fella burt aukaútsvar hennar (sbr. fund nefndarinnar 21. júní f. á. tölul. 5 c) réðu nefndin eindregið frá því, að taka þessa beiðni til greina.

N/1

2° Lagt fram erindi Páls Nikulássonar um niðurfærslu á aukaútsvari hans 1919. Eftir þeim upplýsingum, sem nefndin hefur aflað sér vill hún ekki taka erindið til greina.

N/1

3° Einar Einarsson Hverfisgötu 70 (áður 78), fer fram á eftirgjöf á aukaútsvari sínu 1918 og 1919, sem er að upphæð 140 krónur. — Nefndin leggur til að 40 krónur verði eftirgefnar

N/1

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og eigi þá hinn hluti gjaldsins hafa-
lenst greiddur.

4° Borgarstjóri skýrði frá, að ekki hefði fengist hæstaréttardómur fyrir lóðargjöld á auka-útsvari er lagt hafði verið á hið sameinaða gufuskipafjelag fyrir árið 1918. Einnig skýrði borgarstjóri frá að málsfærslumaður hr.
N/1 Egg. Claessen er beðist hafði lóðargjöldin fyrir bæjarins hönd, neitaði að flytja málið fyrir hæstarjetti, ef hæstaréttardóminum yrði áfrýjað þangað, af því að hann teldi algjörlega vonlaust að úrskurði þessum fengist þar breytt. — Nefndin leggur til að við svo búið verði látið standa.

5° Lagt fram erindi frá Guðm. Björnssyni landlækni um gangstjettargjald við Lækjargötu af eign hans Nr 1 ~~við~~ ~~Lækjargötu~~ við Amtmannsstíg. Þótt nefndin geti ekki fyllilega fallist á röksemdaleiðslu land-
N/7 læknis ~~um~~ í þessu erindi vill nefndin þó leggja það til, að beiðni hans verði tekin til greina, gegn því að hann gefi yfirlýsingu um það, að hann eða síðari eigandi hússins greiði, ef til kemur, gangstjett-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

afgjald við Austurvöllsstig alla leið frá Lækjargötu að Skólastræti.

6° Hafnarlaganefndin fer fram á dýrtíðaruppbót fyrir árið 1917 á störfum þeim er nefndin fær úr bæjarsjóði fyrir störf sín.

11/2 Fjárhagsnefndin leggur til að meðlimum hafnarlaganefndarinnar verði veitt uppbót frá 1. júlí s.á., er nemi 50% af launum þeim, er þeim hafa verið borguð –

Aðrir nefndarmenn voru ekki á fundi.

Fundi slitið

K. Zimsen. Sighvatur Bjarnason

Ár 1920, var haldinn fundur í fjárhagsnefndinni, þriðjudaginn 2. mars, kl. 3 síðd., á skrifstofu borgarstjóra.

Nefndina skipa nú, samkv. kosningu bæjarstjórnar 19. Febr. þ. á.:

Borgarstjóri

Jón Ólafsson, og

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þorvarður Þorvarðsson

Var Þorvarður Þorvarðsson kosinn skrifari nefndarinnar.

Þetta var gjört:

1\. Nefndin leggur til, að ekkju Benedikts heit. Jónssonar sótara verði veittur 720 króna ellistyrkur á ári auk dýrtíðar-uppbótar, og felst á þá ráðstöfun borgarstjóra, að greiða af óvissum gjöldum bæjarsjóðs kostnað við banalegu og útför Benedikts heit., að upphæð 683 krónur.

R/13 (R/22)

2\. Lagður fram útsvarsseðill frá Seltjarnarneshreppi, fyrir fardagaárið 1919-20, fyrir afnot af Eiðsgranda. Nefndin álítur ekki unnt að kornast hjá að greiða þetta útsvar, og telur það eftir atvikum ekki ósanngjarnlega hátt, og leggur því til, að útsvarið sé greitt úr bæjarsjóði.

O/9

3\. Bæjarstjórnin hefir vísað til nefndarinnar tillögu borgarstjóra 14. Janúar þ. á., um útgáfu skuldabréfa. Nefndin álítur rétt að gefa út slík skuldabréf, en

R/9

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

leggur til, að tillagan orðist þannig:
Bæjarstjórnin ákveður að gefa út
fyrir hönd bæjarsjóðs, með tryggingu
í eignum og tekjum bæjarsjóðs, 6½%
skuldabréf fyrir alt að 250 þús. kr.,
er borgist á næstu 20 árum, eftir
hlutkesti með minst 12500 kr. á ári,
enda verði skuldabréfin ekki boðin
almenningi til sölu með útboði. Láns-
upphæðin notist eingöngu til að borga
með eldri skuldir bæjarsjóðs.

4. Lagt fram erindi frá yfirsetukonum bæjar-
ins, þar sem þær fara fram á dýrtíðar-
6/8 uppbót á launum sínum. Nefndin geymir
sér að gera tillögu út af erindi þessu, þar
til það kemur til 2. umr. í bæjarstjórninni.

Fleira ekki gert
Fundi slitið.

K. Zimsen.
Jón Ólafsson
Gunnar Þorvaldsson

Ár 1920, Miðvikudaginn 5. maí, kl. 3½ síðd., kom fjárhagsnefndin saman á skrifstofu borgarstjóra. Þetta gjörðist.

1. Bæjarstjórnin hefir á fundi 4. mars þ.á. frestað að taka ákvörðun um hvort greiða skuli 80 kr. útsvar fardagaárið 1919-20 til Seltjarnarneshrepps fyrir afnot Eiðsgranda. Nefndin leggur um til, að útsvarið verði greitt.
O/9

2. Út af erindi Péturs Björnssonar skipstjóra, um burtfelling 300 kr. útsvars, sem lagt var á hann í Sept. 1918, hefir nefndin rannsakað útsvarsskyldu hans hér, og komist að raun um, að hann hafi ekki verið hér heimilisfastur, og greiði skatta og skyldur í Þingeyrarhreppi, þar sem hann er talinn til heimilis. Leggur nefndin því til, að útsvarið sé látið falla niður.
N/1

3. Út af erindi ljósmæðra bæjarins um dýrtíðaruppbót, sbr. fundargerð fjárhagsnefndar 2. mars þ.á. 4. lið, leggur nefndin til,
C/8

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að hinum þremur lögskipuðu ljósmæðrum verði veitt dýrtíðaruppbót eins og öðrum starfsmönnum bæjarins frá 1. Jan. þ. árs.

4. Lagður fram reikningur bæjarsjóðs fyrir árið 1918 með skýringum og athugasemdum borgarstjóra, ásamt skýrslu um fátækraframfæri sama ár. Borgarstjóri hefir frestað að láta prenta reikninginn vegna kostnaðar, en nefndin telur rétt að það sé gert.

R/5

Fleira ekki gert
Fundi slitið.

KZimsen. Jón Ólafsson
Sveinbjörn Þorsteinsson

Ár 1920, þriðjudaginn 18. maí, kl. 6 síðd., var haldinn fundur í fjárhagsnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

N/1 1. Guðm. Guðmundsson Laugaveg 58B fer fram á, að ~~honum~~ útsvar hans 1919 verði lækkað um 35 kr., með því hann hefir greitt þá upphæð til Mosfellssveitarhrepps. Útsvarið er 50 kr. og leggur nefndin til, að það verði lækkað um 25 kr.

R/21 2. Byggingarfélag Reykjavíkur skýrir frá því, að sig vanti full 170 þús. kr. til að fullgera byggingar þær, er félagið hefir í smíðum við Bergþórugötu, og fer fram á, að bæjarstjórnin ábyrgist það viðbótarlán, sem félagið þarf að fá hjá bönkunum í þessu skini.

Bæjarstjórnin hefir áður samþykt að ábyrgjast 125 þús. kr. lán til steinbygginganna, og hefir það lán verið tekið, og alt að 150 þús. kr. lán til

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

steinbarnaskólanna, og hefir verið tekið
108 þús. kr. lán til þeirra. Timbur-
húsin eru að mestu fullgerð, en það
fé, sem vantar, er til að fullgera stein-
R/21 húsin. Leggur nefndin til, að bæj-
arstjórnin heimili, að það 42 þús. kr.
lán, sem hún hefir þegar samþykt
að ábyrgjast, megi nota til að
fullgera steinhúsin.

Fleira gjörðist ekki
Fundi slitið.

K. Zimsen.
Jón Ólafsson. ~~Þorvarður Þorvarðsson.~~

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1920, þriðjudaginn 15. júní, kl. 6 síðd., var haldinn fundur í fjárhagsnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta var gert:

1. P. J. Thorsteinsson skýrir frá, að Gunnar sonur hans, er lagt hefir verið á útsvar 1919, hafi dvalið í Noregi þar til í Febrúar 1919, en komið þá heim vegna heilsubilunar og verið heima þar í júnímánuði, er hann var sendur á Vejle-Sanatoriumið og hefir dvalið þar síðan. Þar sem hann alls ekkert hefir getað unnið og er veikur enn, og þess utan er eignalaus, leggur nefndin til, að útsvar Gunnars Thorsteinssonar, sem er að upphæð 250 kr. fyrir árið 1919, verði látið falla niður.

N/1

2. Eggert Claessen hæstaréttarmálaflutningsmanni hefir verið falin innheimta á aukaútsvörum hjá Boga Þórðarsyni á Lágafelli fyrir árin 1913–1919, samtals að upphæð 1035 kr., og hefir Claessen með bréfi 10. þ. m. skýrt frá því, að hann telji ekki unt að inn-

N/1

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

heimta þessa upphæð. Leggur nefndin því til, að útsvör þessi verði feld burtu.

3. Nefndin athugaði tillögur húsnæðisnefndar á fundi 11. þ. mán. og mælir með, að tillögur nefndarinnar undir 1. og 2. lið verði samþyktar. Verði tillögur þessar samþyktar, leggur nefndin til, að bærinn taki 120 þús. kr. lán í þessu skyni.

11/7.

Fleira gerðist ekki
Fundi slitið.

K. Zimsen.
Jón Ólafsson
Þorvarður Þorvarðsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1920, mánudaginn 12. júlí, kl. 11 árd., var haldinn fundur í fjárhagsnefnd=inni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta var gjört:

1. Borgarstjóri skýrði frá, að honum hefði ekki tekist að fá lán hjá bönkunum til að byggja íbúðarhús handa húsnæðislausu fólki. Þar sem bæjarstjórnin hefir talið óhjákvæmilegt að þessi hús verði bygð nú í sumar, sér nefndin ekki aðra leið en að fresta framkvæmdum á nokkr=um af þeim verkum, er helst þola bið, og leggur til:

11/7.

a.) Að frestað sé byggingu almennings=salernis, áætlað 25000 kr.

b.) Girðing Austurvallar, áætlað 30000 kr.

c.) Malbikun og stéttagerð Hverfis=götu og Ingólfsstr., óeytt af áætl=unarfé rúm 70000 kr.

2. Fram lagðar 6 útsvarskærur, og teknar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

N/. til athugunar, en frestad að gera
tillögur um þær.
3. Lögð fram beiðni um eftirgjöf á hálfu
útsvari (árið 1919 (Kr 500 kr.). Nefndin sér
N/. ekki ástæðu til að verða við þessari
beiðni.
Fleira gerðist ekki
Fundi slitið.

K. Zimsen
Þorvarður Þorvarðsson Jón Ólafsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1920, Miðvikudaginn 4. Ágúst, kl. 10½ árd., var haldinn fundur í fjárhagsnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Nefndin ræddi um dýrtíðar-ástandið og þar af leiðandi fjárhagskreppu, og kom sér saman um að leggja fyrir bæjarstjórnina eftirfarandi tillögu:

„Bæjarstjórn Reykjavíkur leyfir sér að
„skora á Stjórnarráð Íslands að taka til
11/9 „alvarlegrar íhugunar, hvort ekki sé
„ástæða til að gjöra tryggilegar ráðstafanir
„til, að útsöluverð á matvöru, vefnaðarvöru,
„skófatnaði o. fl. hér í bænum og annar-
„staðar á landinu sé ekki hærra en
„frekast er þörf vegna verðlags á erlendum
„markaði, og hvort ekki sé ástæða til, að
„landsstjórnin beiti áhrifum sínum
„til að lækka farmgjald á vörum til lands-
„ins."

2. Borgarstjóri skýrði frá, að hann hefði fengið

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

tilboð um slysatryggingu verkamanna bæjar-
R/23. ins, og ákvað nefndin að leita frekari upp-
lýsinga um málið, áður en hún gerir
tillögu um það til bæjarstjórnar.
3. Lagðar fram athugasemdir við reikning
bæjarsjóðs fyrir árið 1917, ásamt svörum
R/5. bæjargjaldkera. Fól nefndin bæjarstjóra
að semja tillögur til úrskurðar og láta
svo reikningana ganga milli nefndar-
manna fyrir næsta fund.

Fleira gerðist ekki
Fundi slitið

K. Zimsen.
Jón Ólafsson
Þorvarður Þorvarðsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1920, þriðjudaginn 31. Ágúst, kl. 4 síðdegis var haldinn fundur í fjárhags-nefndinni á skrifstofu borgarstjóra. Á fundinum var mættur Pétur Lárusson endurskoðandi bæjarreikninga.

Þetta var gjört:

1. Tekinn fyrir reikningur bæjarsjóðs árið 1917 ásamt athugasemdum endur-skoðenda og svörum bæjargjaldkera. Samdar voru tillögur til úrskurðar á reikningnum.

2. Lagt fram erindi frá Ólafi Þorsteinssyni verkfræðingi, þar sem hann telur nauð-synlegt, að fara utan til að kynna sér fyrirkomulag lóðaskrásetningar á lóðaskrásetningarskrifstofunni í Kaup-mannahöfn. Nefndin ákveður að verk-fræðingurinn fari ferð þessa og sé kostn-aðurinn greiddur af áætluðu fé til skrásetningarinnar.

3. Lagt fram erindi frá Sláturfélagi Suður-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

lands um kjötkaup á komandi hausti;
og skýrði borgarstjóri frá samtali sínu
við framkvæmdarstjórn fjelagsins,
um væntanlega samninga um
11/8 málið. Nefndin telur ekki ósenni-
legt, að samningar náist um málið,
en getur ekki að svo komnu gert
tillögur um það.

Fleira gjörðist ekki.

Á fund vantaði Jón Ólafsson

Fundi slitið.

K. Zimsen. Þorvarður Þorvarðsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1920, fimtudaginn 9. Sept., kl. 11 árd., var haldinn fundur í fjárhagsnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Gerðist þetta:

1. Tekið fyrir kjötmálið, er bæjarstjórnin hefir vísað til nefndarinnar til frekari atgerða. Borgarstjóra falið að skrifa Sláturfélagi Suðurlands, og tilkynna því, að bæjar-
11/8 stjórnin vilji ekki sinna málinu á þeim grundvelli, er um getur í bréfi félagsins og framkvæmdarstjóri þess hefir nánar útskýrt. Hins vegar telur nefndin ekki ósennilegt, að bæjarstjórnin mundi fáanleg til að semja á líkum grundvelli og borgarstjóri benti á í viðtali sínu við framkvæmdarstjóri félagsins.

2. Tekinar fyrir útsvarskærur:

a. Einar Skúlason, Vesturgötu 14b, krefst þess, að útsvar hans, 60 kr., verði
N/1. felt burtu. Nefndin leggur til, að kærunni verði ekki sint.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

b. Elías S. Lindal, Skólavörðustíg 29, krefst
N/1. þess, að útsvar hans, 1000 kr., verði
fært niður í 500 kr. Nefndin leggur
til, að kærunni verði ekki sinnt.

c. Samband íslenskra samvinnufélaga krefst
þess, að útsvar sambandsins, að upp-
hæð 35000 kr., verði felt niður eða
N/1 til vara að það verði lækkað niður
í 10000 kr. Nefndin leggur til, að
kærunni verði ekki sinnt.

d. Bern. S. Þórarinsson kaupm., krefst þess,
að útsvar hans, 750 kr., verði fært niður
N/1. í 340 kr. Nefndin leggur til, að kærunni
verði ekki sinnt.

Fleiri útsvarskærur láu ekki fyrir.

Fundi slitið

K. Zimsen. Þorvarður Þorvarðsson.
Jón Ólafsson

Ár 1920, þriðjudaginn 19. Október, kl. 6 síðd., var haldinn fundur í fjárhagsnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Lagt fram álit Guðm. Ólafssonar hæstaréttarmálaflutningsmanns um aukaútsvar til Seltjarnarneshrepps fyrir afnot Eiðsgranda, og telur hann
0/9 hreppsnefndina hafa heimild til að leggja á þetta útsvar. Leggur nefndin því inn til (sbr. fundargjörð 5. maí) að útsvarið verði greitt.

2. Umsjónarmaður Goodtemplarahússins fer fram á, að leigan fyrir fundarkvöld hvert verði hækkuð úr 65 kr. uppí 100 kr.
9/7 Er innifalið í þessu húsnæði, hiti, ljós, ræsting og umsjónarmaðurinn við fundina, svo og geymsla á áhöldum bæjarstjórnar. Nefndin leggur til, að gengið verði að þessu.

3. Stefán Magnússon Njálsgötu 5 skýrir frá því, að tvílagt hafi verið á hann

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

útsvar fyrir yfirstandandi ár, 100 kr. og 200 kr., og fer fram á að lækka útsvarið verði felt burtu. Borgarstjóri hafði leitað álits niðurjöfnunarnefndar-formannsins, og telur hann rétt, að Stefán greiði lægra útsvarið. Nefndin leggur ~~nefnd~~ því til, að 200 kr. útsvarið verði felt burtu.

N/1.

4. Gísli Þorsteinsson skipstjóri fer fram á, að 4000 kr. útsvar hans verði lækkað. Nefndin sér sér ekki fært að mæla með þessari beiðni.

N/1

5. Merkjadómarinn fer fram á að fá húsnæði, er hann tekur nú bráðlega til starfa, og fara dómendur fram á, að þóknun til þeirra verði ferfölduð, en hún er í lögum ákveðin 4 kr. fyrir hvern dag, er hún situr að dómi. Nefndin sér ekki ráð á öðru húsnæði en bæjarþingstofunni og felur borgarstjóra að koma því til leiðar, að dómurinn geti fengið hana til afnota.

L/1.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hvað þóknun til dómenda snertir, þá leggur nefndin til, að þeim verði greidd dýrtíðar-uppbót eftir sama mælikvarða og öðrum starfsmönnum bæjarins.

6. Bakarameistarafélagið hefir farið fram á að fá leigða brauðgerðina í Gasstöðinni, og lagði borgarstjóri fram uppkast að leigusamningi. Samkv. samningnum
G/8 verður ársleigan 4000 kr. og leigutíminn til ársloka 1922. Leggur nefndin til, að gengið verði að þessu, og borgarstjóra falið að gera leigusamning.

7. Lögð fram skrá yfir ófáanleg aukaútsvör frá 1919 og fyrri árum. Hefir nefndin yfirfarið skrána og leggur til, að útsvörin séu feld niður. Telst upphæðin
N/1 frá 1919 vera Kr. 19698.50 og frá fyrri árum Kr. 83051.14.

8. Nefndin felst á að borgarstjóri láti semja spjaldskrá yfir manntalið, sem geti verið til afnota fyrir niðurjöfnunarnefnd
L/12 og við samningu kjörskrár. Kostnað-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ar urinn við þetta greiðist af fjárveit-
til manntalskostnaðar.
Fleira gerðist ekki
Fundi slitið

K. Zimsen.
Jón Ólafsson
Sigvaldi Bjarnason

Ár 1920, þriðjudaginn 2. Nóv., kl. 6 síðd.,
var haldinn fundur í fjárhagsnefndinni
á skrifstofu borgarstjóra.
Þetta var gert:
1. Bæjarstjórnin hefir vísað til fjárhagsnefndar
tillögu farsóttarhúsnefndar um hækkun á
fjárveitingu til kaupa á sjúkrabíl. Fjár-
7/11. hagsnefndin mælir með tillögu farsótt-
arhúsnefndar 30. Okt. og ætlast þá til,
að viðbótarféð verði veitt á fjárhags-
áætlun næsta árs.
2. Þóra Guðjónsdóttir, Laugaveg 24B, fer fram á,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að útsvar hennar, sem er 500 kr., verði
N/1. fært niður í 40 kr. Nefndin getur ekki
mælt með þessari beiðni.
3. Júlíus Guðmundsson, Mjóstræti 4 áður
Framnesveg 1c, fer fram á að útsvar hans
350 kr., verði felt burtu með því að hann
eigi lögheimili í Þingeyrarhreppi. Kær-
unni fylgdi útsvarsseðill frá Þingeyrarhreppi,
N/1. sem sýnir, að hann hefir greitt 95 kr.
útsvar þar fyrir fardagaárið 1919-1920.
Nefndin leggur til, að gefið verði eftir
af útsvarinu 40 kr., er svarar til 5/12
af útsvars-upphæðinni, er hann greiddi
til Þingeyrarhrepps.
4. Lagt fram erindi Hagstofu Íslands viðvíkj-
andi manntali því, sem fram á að fara
1. Des. næstkomandi. Nefndin telur óhjá-
kvæmilegt, að sett verði á stofn skrifstofa
til að stjórna talningunni og gjöra fyrir-
L/12. skipað yfirlit yfir manntalið, og leggur
hún til, að bæjarstjórnin kjósi þriggja
manna nefnd, til að hafa á hendi fram-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

framkvæmdir allar viðvíkjandi manntalinu.
Sé nefndinni falið fyrir hönd bæjarstjórnarinnar að ráða skrifstofustjórn og ákveða nauðsynleg launakjör starfsmanna, skipa teljara og yfirleitt framkvæma alt það, er bæjarstjórninni er skylt að framkvæma samkvæmt lögunum um manntalið.

5. Nefndin ræddi um fjárhagsáætlun fyrir árið 1921, og væntir þess, að aðrar nefndir bæjarstjórnar geri tillögur sínar um fjárveitingar ekki síðar en 11. þ. mán., svo að frumvarp verði samið og lagt fyrir fund bæjarstjórnarinnar 18. Nóv.
R/7

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.

K. Zimsen.
Jón Ólafsson
Þorvarður Þorvarðsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1920, Mánudaginn 15. Nóv., kl. 8 síðd., var haldinn fundur í fjárhagsnefndinni, á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Emilía Þ. Einarsdóttir, Vesturgötu 53^A fer fram á, að fyrri helmingur útsvars ~~hennar~~ hennar sáb. verði eftirgefinn. útsvarið ~~sem~~ er að upphæð 500 kr. (fyrir allt árið). Nefndin leggur til, að útsvarið verði fellt burtu.

N/1.

2. Frú Sigríður Pálsson, ekkja Pálma Pálssonar yfirkennara, fer fram á, að síðari helmingur útsvars hans fyrir 1920 verði felt burtu eða lækkað að miklum mun. Upphæð útsvarsins fyrir allt árið er 2000 kr. Nefndin leggur til, að síðari helmingur útsvarsins verði færður niður í 250 kr.

N/1.

3. Gísli Björnsson, Grettisgötu 8, fer fram á, að útsvar hans fyrir þetta ár, að upphæð 400 krónur, verði fært niður að miklum mun. Nefndin leggur til, að útsvarið verði fært niður í 200 kr.

N/1.

4. Lagt fram bréf Vöruseðlaskrifstofunnar, við-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

víkjandi úthlutun á hveiti- og sykurseðlum. Nefndin leggur til, að fyrsta úthlutunin verði falin manntalsskrifstofunni,
11/9. og ætlast nefndin til, að seðlarnir verði bornir til húsráðenda.

5. Samið frumvarp til fjárhagsáætlunar fyrir árið 1921, og borgarstjóra falið að semja athugasemdir við frumvarpið, ef tími vinnst til fyrir næsta bæjarstjórnarfund.

Fleira gerðist ekki

Fundi slitið kl. 1¼

K. Zimsen. Jón Ólafsson

Þorvarður Þorvarðsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1920, Miðvikudaginn 1. Desember kl. 9 árd., var haldið áfram fundinum frá 30. Nóv., er fundartíminn entist ekki til að ljúka við fundarefnið. Á fundinum var rætt í fjárhagsnefndinni um frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld bæjarsjóðs 1921 og breytingartillögur við hana.

1. Borgarstjóri lagði fram breytingartillögur þær, sem borist höfðu frá bæjarfulltrúum og skýrslu um tekju-afgang á reikningi bæjarins 1919. — Þegar ~~reikningurinn~~ frumvarpið var samið var reikningurinn fyrir 1919 ekki fullgjörður og áætlunin um tekjuafgang því ekki ábyggileg, enda reyndust vera villur í honum. Samkvæmt skýrslunni er tekju-afgangur á reikningi 1919 Kr. 33001.47.

Þessar eru breytingartillögur, sem koma til atkvæðagreiðslu við framhald 2. umr. um frumvarpið:

a. Tekjuliður II, frá Gunnl. Claessen.

Liðurinn orðist svo: Gjald fyrir ístöku á tjörninni (1 króna fyrir hvern teningsmeter) Kr. 8000.00

Nefndin felst á þessa tillögu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

b. Tekjub. 3 b. Frá fjárhagsnefnd:
Fyrir Kr. 1067.18, komi: Kr. 33001.47
c. Gjaldab. 2,b. Frá Þórði Sveinssyni:
Fyrir Kr. 30000.00, komi Kr. 25000.00
Nefndin getur ekki fallist á þessa tillögu
d. Gjaldab. 3,b. Frá Þórði Sveinssyni:
Fyrir Kr. 20000.00, komi Kr. 17000.00
Nefndin getur ekki fallist á þessa tillögu
e. Gjaldab. 4,b. Frá Gunnl. Claessen:
„Liðurinn falli burt"
Nefndin getur ekki fallist á þessa tillögu
f. Gjaldab. 4c. Frá Þórði Sveinssyni:
Fyrir Kr. 3500.00, komi: Kr. 1500.00
Nefndin getur ekki fallist á þessa tillögu
g. Gjaldab. 7. Frá Þórði Sveinssyni:
Liðurinn falli burt.
Nefndin getur ekki fallist á þessa tillögu
h. Frá Þorvarði Þorvarðssyni;
Aftan við II. gjaldabálk bætist:
„Í sambandi við þennan ~~tið~~ bálk (gjaldalið 9-11) ályktar bæjarstjórnin að skipa þriggja manna nefnd til að vera í samvinnu við lögreglustjóra um að koma skipulagi

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

á lögreglu bæjarins"
Nefndin athyglisvert þessa tillögu
i. Gjaldab. 15. Frá Sigurði Jónssyni;
Liðurinn orðist svo: Rekstur farsóttar-
hússins, 30000 ÷ 10000 frá sjúklingum,
4 kr. á dag fyrir hvern innanbæjarsjúkl-
ing – – – – – – Kr. 20000.00
j. Gjaldab. 20. Frá Þórði Sveinssyni:
Fyrir 60000 komi: 40000
Nefndin fellst ekki á þessa tillögu.
k. Gjaldab. 35f. Frá Þórði Bjarnasyni:
Liðurinn falli burt.
Nefndin fellst ekki á þá tillögu
l. Gjaldl. 38. Frá Jóni Baldvinssyni:
Fyrir 100000, komi: Kr. 52.000,00
Á eftir 38. gjalda lið komi nýr gjaldaliður:
39a Til malbikunar Hverfisgötu og gang-
stétta frá Lækjartorgi upp að Ingólfs-
stræti – – – Kr. 32000.00
39b. Til malbikunar Ingólfsstrætis og
gangstétta frá Hverfisgötu að Bankastræti
– – – – Kr. 15800.00 – – – Alls Kr. 47800.00
Gjaldaliðatalan breytist samkv. þessu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Meiri hluti nefndarinnar getur ekki fallist á þessa tillögu

m. Gjaldab. 56c. Frá Þórði Bjarnasyni:
Liðurinn falli burt.
Nefndin er mótfallin tillögunni

n. Gjaldab. 56. Frá Gunnlaugi Claessen:
Við bætist:
f. Bygging baðhúss við leikfimishúsið Kr. 50000.00
g. Breyting á leikfimishúsinu Kr. 5000.00
Meiri hluti nefndarinnar er mótfallinn þessum tillögum.

o. Gjaldab. 57. Frá Þórði Bjarnasyni:
Liðurinn orðist svo:
Lagt í sjóð til nýrrar barnaskólabygg=
ingar — — — — — — Kr. 500000.00
Nefndin getur ekki fallist á tillöguna

p. Gjaldb. 63. Frá Þórði Sveinssyni:
Nýr liður: Talsími í þvottalaugunum.
Bæjarstjórnin hefir áður samþykt að leggja þangað síma og hann pantaður hjá Landssímanum. Ný fjárveiting því óþörf, þar sem gjald kostnaðurinn verður greiddur á gjaldal. 63, ef sím=

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

um ekki komur fyr en eftir áramót.

q Gjaldab. 74. Frá Gunnl. Claessen:
Við bætist: Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að fastur læknir sé við berklaveikisstöðina

r. Gjaldal. 75. Frá fjárhagsnefnd.:
Fyrir 60000.00 komi Kr. 90000.00
Nefndin vill setja tekjuafganginn frá 1919 til greiðslu upp í skuldir bæjarins.

s. Á eftir gjaldaliði áætlunarinnar leggur fjárhagsnefndin til að komi:
R/7. „Bæjarstjórnin heimilar borgarstjóra að taka fyrir ~~bæjarins~~ hönd hennar bátabryggjulán handa bæjarsjóði, eftir því sem þörfin krefur á árinu 1921, enda nemi slík lán aldrei samtímis meira en 600 þúsund krónum samtals.

t. Fjárhagsnefndin leggur til, að aftan við tekjubálk IX komi:

X Vatnsveitan:

Tekjur:

| | |
|---|---|
| Vatnsskattur | Kr. 60000.00 |
| Vatnssala til skipa | 12000.00 |
| Vextir af skuld bæjarsjóðs | 6000.00 |
| | Kr. 78000.00 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

XI. Gasstöðin.

Tekjur:

Selt gas ---- Kr. 300000.00
Gasmælaleiga --- 4000.00
Kokssala --- 170000.00
Seld tjara --- 24000.00
Ágóði af gasvirkjum -- 4000.00 Kr. 502000.00

XII. Baðhúsið

Tekjur:

R/7.

Fyrir böð --- Kr. 15000.00
Styrkur úr Bæjarsj. -- 10000.00 Kr. 25000.00

og aftan við gjaldabálk XII bætist:

XIII. Vatnsveitan

Gjöld:

Afborganir lána --- Kr. 6100.00
Vextir ------ 15600.00
Reikningshald --- 3600.00
Rekstrarkostnaður, viðhald -- 25000.00
Aukning ----- 26000.00
Tekjuafgangur --- 1700.00 Kr. 78000.00

XIV. Gasstöðin.

Gjöld:

Kolakaup ---- Kr. 375000.00
Kaup starfsfólks --- 47000.00
Flyt - 422000.00

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Flutt Kr. 422000.00
Hitingagötualjósa — — — — 4000.00
Viðgerðir og ýms kostn. — 28000.00
Skattar og vátrygging — 3000.00
Vextir af lánum — 31000.00
Afborgun af lánum — 14000.00 Kr. 502000.00

~~XVI.~~ Baðhúsið

Gjöld:

Kaup starfsfólks Kr. 9600.00
~~Vinna~~ Hiti og ljós — 11500.00
Sápa og ýms gjöld — 1500.00
Viðhald — — — — 1200.00
Vextir af lánum — 500.00
Afborgun af lánum — 700.00 Kr. 25000.00

Áætlunin fyrir gasstöðina er gerð af gasstöðvarstjóra, en tími hefir ekki til unnist að leggja hana fyrir gasnefnd. Áætlunin fyrir Vatnsveituna er tekin eftir tillögum vatnsnefndar, en áætlunina fyrir baðhúsið hefir fjárhagsnefndin samið.

u. Nefndin leggur til, að horfið verði frá, að halda sérreikninga fyrir Bjarnaborg

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og brauðgerðina, en tekjur og gjöld vegna þeirra eigna tekin upp á viðeigandi liðum í fjárhagsáætluninni; og verða þá þessar breytingar:

Tekjul. 7 hækkar um 12800 kr.
Tekjubálkur 8, samtals 7800 kr. fellur burt.
R/7. Gjaldal. 24 hækkar um 2000 kr.
Gjaldal. 27 hækkar um 1000 kr.
Gjaldal. 75 hækkar um 1000 kr.
Gjaldal. 76 hækkar um 1000 kr.

1. Nefndin leggur til, að tekjuliður 34 (aukaútsvör) breytist þannig, að samtalin upphæðir tekna og gjalda standist á.

2. T/1. Nefndin leggur til, að söluverð mós þess sem eftir er í birgðum, c. 450 tonn, verði ákveðið 90 kr. tonnið.

3. R/19. Lagður fram reikningur brauðgerðarinnar fyrir 1919 og sömul. reikningur mótekjunnar sama ár. Ennfremur reikningur Bjarnaborgar 1919.

Nefndin leggur til, að kosnir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

verði 2 endurskoðendur til að endur-
skoða þessa reikninga.
Fleira ekki gert.
Fundi slitið, kl. 2½ síðd.

K. Zimsen. Jón Ólafsson.
Þorvarður Þorvarðsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1920, Fimtudaginn 9. Desbr., kl. 10 árd., var haldinn fundur í fjárhagsnefnd. á skrifstofu borgarstjóra.

Teknar til athugunar breytingartillögur þær, er komið höfðu fram við fjárhagsáætlun bæjarins 1921. En með því fjárhagsnefndin óskar að fá álit brunamálanefndar og byggingarnefndar um nokkrar breytingartillögurnar, ákvað hún að fresta fundi til kl. 8½ síðd.

Kl. 8½ var fundi haldið áfram og gerðist þá þetta:

1. Þrjár breytingartillögur hafa komið fram um fjárveitingu til ljósmæðra, ~~og getur nefndin eftir atvikum~~ er fara allar í þá átt að veita Sesselju Ólafsdóttur þóknun fyrir ljósmóðurstörf. Nefndin getur eftir atvikum fallist á varatillögu Sigurðar Jónssonar, að henni verði veittar 1000 kr.
2. Breytingartillaga frá Gunnl. Claesen við gjaldab. 7 5 e um að hækka styrkinn upp í 1500 kr.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Nefndin getur fallist á, að liðurinn orðist þannig:
Til Hjúkrunarfjelags Reykjavíkur altað kr. 1500.00 gegn jafn miklu framlagi annarstaðar að.
3. Tillögu Jóns Baldvinssonar, um ~~...~~ að fella burtu heimild handa borgarstjóra til að taka bátabryggjulán, getur nefndin ekki fallist á, en er hins vegar ekki mótfallin að vara-tillaga hans verði samþykt.
4. Jón Þorláksson og Þórður Sveinsson hafa gert tillögu um, að leggja fyrir 50 þús. kr. til nýs barnaskólahúss, og gera í því sambandi tillögur um, að ýmsir gjaldliðir ýmist lækki eða falli burtu, og nemur útgjaldalækkun sú 52850 kr.
Nefndin getur ekki fallist á tillögur þeirra til lækkunar og burtfellingar, og getur heldur ekki ráðið til, að útsvör verði hækkuð um 50 þús. kr. til að leggja fyrir í barnaskólabygginguna, þó það væri æskilegt, að þannig væri ástatt, að kleyft væri að leggja fyrir fé bæði til þessa og annars.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

5. Í sambandi við tillögu Jóns Þorlákssonar og Þórðar Sveinssonar við 7. gjaldalið, leggur nefndin til, að liðurinn orðist þannig:
Til aukaþóknunar fyrir brunamála~~starf~~ stjórastörf kr. 1500.00 + d. kr. 2060.00, alls kr. 3560.00

6. Þar sem óhjákvæmilegt hefir orðið að hækka útgjöld til ræstingar á barnaskólanum frá því sem skólanefnd ætlaðist til, er hún sendi tillögur til fjárhagsáætlunar árið 1920, leggur fjárhagsnefndin til, að gjaldal. 52 hækki úr 4000 kr. upp í 5000.00

Fleira gjörðist ekki
Fundi slitið.

K. Zimsen.
Þorvarður Þorvarðsson. Jón Ólafsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

30 auðar blaðsíður

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur